

**SKOÐUN** Stefán P. Þórsson skrifar að sjálftöku landeigenda verði að stöðva. 23



**MENNING** Ingunn Ásdísardóttir hlaut Íslensku þýðingaverðlaunin. 36



**LÍFIÐ** Götutískan í miðbænum var fjölbreytt í sólinni síðasta vetrardaginn. 44



**SPORT** Grasið á Laugardalsvelli er dautt og verður ekki leikið þar í maí. 50







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
24. apríl 2014
95. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



**Tap á hótelunum**
Á höfuðborgarsvæðinu var meirihluti hótela rekinn með tapi frá 2009-2012. Betur gekk á landsbyggðinni. 4

**Verkfall vofir yfir** Skólastjórar segja grunnskólakennara neyðast til að undirbúa verkfall til að fá sjálfsagða launaleiðréttingu. 6

**Vinsælasta sprautulyfið** Flestir sprautufíklar á Vogi misnota rítalín. 8

**Evrópa í bata** Evrópuríkin eru hægt og rólega að ná tökum á fjárhagsvandræðum sínum. Vandinn er samt ekki horfinn, atvinnuleysi er víða mikið þótt nokkur árangur hafi náðst. 18



HALLDÓR 22

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 8° | NA | 3 |
| Akureyri | 14° | SA | 2 |
| Egilsstaðir | 10° | SA | 4 |
| Kirkjubæjarkl. | 10° | SA | 5 |
| Reykjavík | 10° | SA | 7 |

**Bjartviðri** N- og V-lands í dag en skýjað með köflum SA-til og dálítil væta. Allhvasst syðst en annars fremur hægur vindur. Hiti 6-15 stig, hlýjast V-til. 4

## SÉRBLAÐ

Fólk




# Gjöldin lækka um milljarð

LÍÚ segir vinnubrögð við nýtt veiðigjaldafrumvarp forkastanleg. Þrátt fyrir krónutölulækkun í ríkissjóð hafi álögur á greinina þyngst. Tekjur ríkissjóðs verða 2,8 milljörðum minni árin 2014 og 2015 en áður var áætlað.

**SJÁVARÚTVEGUR** Tekjur ríkissjóðs af veiðigjöldum á næsta fiskveiðiári verða átta milljarðar króna, eða einum milljarði minni en í ár. Tekjur af veiðigjöldum lækka um tæpa tvo milljarða á næsta ári að óbreyttu.

Frumvarp til laga um veiðigjöld var lagt fram á Alþingi síðla dags í gær eftir umfjöllun í þingflokkum stjórnarflokkana. Samkvæmt frumvarpinu nema veiðigjöld níu og hálfum milljarði króna á næsta fiskveiðiári, miðað við 515 þúsunda þorskígildistonna heildarafla. Frádráttarliðir útgerðanna gætu numið einum og hálfum milljarði og tekjur ríkissjóðs því orðið átta milljarðar.

Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra sagði í viðtali við fréttastofu í gær að frumvarpið væri skýrara en verið hefur og svar við ákveðnum neikvæðum röddum sem hafa snúið að útreikningum á síðustu árum. Hann telur dreifingu gjaldanna skynsamari en verið hefur.

Kolbeinn Árnason, framkvæmdastjóri LÍÚ, gagnrýnir harðlega hvernig staðið var að gerð frumvarpsins, sem kemur fram þegar rúm vika lifir af vorþingi. Ekkert hafi verið gert til að greina hvað sjávarútvegurinn geti borið í gjöld, frekar en á undanförnum árum.

„Það er engin hugsun í því hvað við viljum sjá íslenskan sjávarútveg verða til framtíðar; hvort hann haldi samkeppnisstöðu sinni í markaðssetningu og gæðum. Það vantar alla upplýsta umræðu um hvert þetta leiðir okkur,“ segir Kolbeinn og bætir við að þrátt fyrir krónutölulækkun í ríkiskassann þá séu álögurnar á greinina þyngri en þær voru í ljósi verri afkomu í dag.

„Það er einfaldlega hent fram tölu sem er hvorki meira né minna en 35 prósent af hagnaði útgerðarinnar. Við það bætist síðan tekjuskatturinn og þetta samsvarar því, reiknað sem tekjuskattur, að greinin sé að greiða 48 prósent tekjuskatt á árinu 2012. Síðan þá hefur afkoman versnað um 25 til 35 prósent,“ segir Kolbeinn og vill minna á gagnrýni núverandi stjórnarflokka á hvernig fyrri ríkisstjórn hélt á málum við lagasetningu fyrri ára.

Spurður hvort í raun sé ekki um þyngri álögur á útgerðina að ræða segir Sigurður að hann geri sér grein fyrir að útgerðin telji frumvarpið ekki nægilega jákvætt miðað við versnandi afkomu greinarinnar, og horfurnar daprar.

„Þetta er augljós málamiðlun um að við þurfum tekjur í ríkissjóð og það er eðlilegt að greitt sé gjald fyrir auðlindina. Hversu hátt gjaldið á að vera á hverjum tíma er umdeilanlegt en við teljum þetta skynsamlegustu leiðina sem hægt er að fara,“ sagði Sigurður. **- shá**

> **Það er engin hugsun í því hvað við viljum sjá íslenskan sjávarútveg verða til framtíðar.**
>
> *Kolbeinn Árnason, framkvæmdastjóri LÍÚ.*




**SÖGUGANGA Í VORSÓLINNI** Birna Þórðardóttir var stödd með hópi fólks á Skólavörðustíg í gær. Mannskapurinn naut veðurblíðunnar og hlustaði á Birnu af athygli en hún hefur skipulagt menningarrölt um miðbæinn um árabil. Búist er við áframhaldandi blíðviðri á höfuðborgarsvæðinu næstu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**GOTT TEYMI** Jón Þór Birgisson og Alex Somers semja tónlist fyrir bandaríska þætti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Jónsi og Alex semja saman:

## Sigurrósartónn í nýjum þætti

**LÍFIÐ** Jón Þór Birgisson, betur þekktur sem Jónsi í Sigur Rós, og Alex Somers semja tónlistina í nýrri bandarískri þáttaröð sem kallast Manhattan.

Þættirnir, sem fjalla um kapphlaupið við smíði kjarnorkusprengju á fimmta áratug síðustu aldar, fara í sýningu í júlímánuði á bandarísku sjónvarpsstöðinni WGN. Jónsi og Alex hafa unnið saman í ýmsum verkefnum og hafa samið tónlist saman undir nafninu Jonsi & Alex síðan árið 2003. **- glp / sjá síðu 54**

Samfylkingin á Akranesi tapar miklu fylgi samkvæmt könnun Fréttablaðsins:

# Meirihlutinn á Akranesi fallinn

**KÖNNUN** Meirihluti Samfylkingar, Framsóknarflokks og óháðra og Vinstri grænna á Akranesi er fallinn samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2 þrátt fyrir að flokkarnir þrír fengju samanlagt 52 prósent atkvæða samkvæmt könnuninni.

Björt framtíð býður fram í fyrsta skipti á Akranesi og fengi 15,6 prósent atkvæða og einn bæjarfulltrúa yrði kosið í dag.

Samfylkingin tapar miklu fylgi, mælist með 23,8 prósent en fékk 34,8 prósent í síðustu kosningum. Flokkurinn tapar tveimur af fjórum bæjarfulltrúum.

Sjálfstæðisflokkurinn styrkir stöðu sína og næði fjórum fulltrúum í bæjarstjórn miðað við niðurstöður könnunarinnar, en er með tvo í dag. Vinstri græn tapa sínum eina fulltrúa en Framsókn heldur sínum tveimur. **- bj / sjá síðu 20**













## SPURNING DAGSINS



Steingrímur, munið þið notast við ný batterí?

**„Já, þetta er ágætis byrjun á rafvæðingu skipaflotans.“**

Steingrímur Erlingsson er stofnandi Fáfnis Offshore, sem hefur undirritað samning um smíði skips sem er knúið dísilolíu og rafhlöðum. Ný batterí er lag með Sigur Rós af plötunni Ágætis byrjun.

Gjaldeyrishöftin kalla ekki á breytingar á EES svarar framkvæmdastjórn ESB dönskum þingmanni:

# Þarf ekki að endurskoða EES vegna hafta

**UTANRÍKISMÁL** Engin ástæða er til þess að gera breytingar á samningnum um evrópska efnahagssvæðið (EES) þrátt fyrir að Ísland hafi ekki uppfyllt eina af meginstoðum samningsins frá því að gjaldeyrishöftum var komið á, að mati framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (ESB).

Þetta kemur fram í svari framkvæmdastjórnarinnar við fyrirspurn Mortens Løkkegaard, Evrópuþingmanns danska hægriflokksins Venstre. „Þar sem fjármagnshöftin voru sett í samræmi við EES-samninginn og í ljósi þess að unnið er að því að losa um þau er engin ástæða til þess að endurskoða samkomulagið,“ segir í svarinu.

Løkkegaard spurði framkvæmdastjórnina hvort viðhorf hennar hefði breyst í ljósi þess að gjaldeyrishöftin hafi nú verið við lýði í fimm ár.

Framkvæmdastjórnin segir lögmæti gjaldeyrishaftanna hafa verið staðfest af EFTA-dómstólnum, og sé í samræmi við undanþágur í EES-samningnum. Af því leiði að framkvæmdastjórnin geri engar athugasemdir við höftin.

Í svarinu segir að það sé flókið að afnema gjaldeyrishöftin, og framkvæmdastjórnin hafi engar upplýsingar um hvenær það gæti tekist. „Lokatakmarkið er áfram það að draga hægt og rólega úr þessum tímabundnu gjaldeyrishöftum,“ segir í svarinu. - bj



**SPURÐI UM HÖFT** Danski Evrópuþingmaðurinn Morten Løkkegaard spurði framkvæmdastjórn ESB um áhrif gjaldeyrishaftanna á EES-samninginn.



**DREIFIBRÉFIN LESIN** Úkraínskar konur í borginni Donetsk lesa dreifibréf frá aðskilnaðarsinnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Úkraínustjórn lætur aðskilnaðarsinna enn í friði:

# Rússar hóta hörðum viðbrögðum

**ÚKRAÍNA, AP Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, hótaði hörðum viðbrögðum fari svo að rússneskir ríkisborgarar eða rússneskir hagsmunir verði fyrir hnjaski eða árásum í Úkraínu.**

**Úkraínustjórn hefur hins vegar ekki gert neina alvöru úr hótunum sínum um að senda herlið á aðskilnaðarsinna hliðholla Rússum, sem náð hafa á sitt vald stjórnvaldsbyggingum í um tíu borgum í austanverðri Úkraínu.**

**Óljóst er hvort her og lögregla í Úkraínu hafa getu eða vilja til þess að ráðast gegn aðskilnaðarsinnum. Úkraínski herinn hefur lítið fjármagn til að spila úr og lélegan búnað, og hermennirnir virðast ekki vita í hvorn fótinn þeir eiga að stíga.**

**„Í dag er staðan sú að flestir þeirra vilja ekki berjast fyrir neinn því þeir vita ekki hverjir bera sigur úr býtum á morgun og hvernig allt þetta fer á endanum,“ segir Volodímír Fesenkko, stjórnmálaskýrandi í Kænugarði.** - gb

# Stærsta skíðamót ársins í Hlíðarfjalli

39. Andrésar Andar leikarnir í Hlíðarfjalli voru settir í gær. Um 750 börn taka þátt í leikunum sem standa til laugardags. Um 2.500 manns sækja bæinn heim vegna leikanna. „Mótið stækkar með hverju árinu“, segir skipuleggjandi.

**AKUREYRI** Andrésar Andar leikarnir voru settir í íþróttahöllinni á Akureyri í gærkvöld með hefðbundnum hætti. Mótssetningin hefst með skrúðgöngu frá Lundarskóla niður að Íþróttahöll. Leikarnir eru stærsta skíðamót landsins með allt að 800 keppendum á aldrinum 6 til 15 ára ár hvert. Þeim fylgja þjálfarar, fararstjórar og fjölskyldur og má því gera ráð fyrir að um 2.500 manns sæki leikana í ár.

Keppt er í alpagreinum skíðaíþrótta og skíðagöngu. Fyrir tveimur árum var tekið upp á því að bjóða einnig upp á keppni í snjóbrettum og hefur sú keppnisgrein stækkað og eflst innan leikanna. Í ár verður einnig boðið upp á keppni í svokölluðum stjörnuflokki, líkt og hefur verið gert síðustu ár. Í stjörnuflokki keppa fatlaðir og hreyfihamlaðir íþróttamenn. Allir ættu því að finna eitthvað við sitt hæfi á leikunum í ár.

Smári Kristinsson, einn skipuleggjenda mótsins, segir mótið í ár verða eitt það glæsilegasta frá upphafi. „Veðurguðirnir leika við okkur þessa dagana og öll aðstaða í Hlíðarfjalli í dag er til fyrirmyndar. Þetta er hápunktur tímabils skíðaiðkenda í þessum aldurshópi á hverju ári og fjöldinn sem sækir þetta mót eykst ár frá ári.“

Nokkrir keppendur koma alla leið frá Noregi til að taka þátt í mótinu og hefur það færst í vöxt að fyrirspurnir berist utanlands frá um leikana.

„Það er gaman að bjóða erlendum skíðakrökkum að taka þátt í leikunum. Það eru allir velkomnir hingað á Akureyri og gaman fyrir íslenska keppendur að eiga líka í höggi við erlenda skíðakrakka. Þessir krakkar sem eru að koma að utan mæta á mótið oft á tíðum vegna einhverra tengsla sem hafa myndast milli skíðaiðkenda eða þjálfara. Þessi tengsl eru mikilvæg bæði fyrir okkur og þau,“ segir Smári.

Páskahelgin var ekki hliðholl skíðaiðkendum á Akureyri. Hvassviðri gerði þeim lífið leitt þá helgi og var ekki hægt að hafa opið í Hlíðarfjalli. Aðeins var opið á skírdag og á annan í páskum. Spáin fyrir komandi helgi er góð, bjart veður og vindur lítill sem enginn. Því er líklegt að leikarnir fari fram samkvæmt dagskrá og ekkert þurfi að færa til og engu að fresta sökum veðurs.

Mótinu verður slitið á laugardaginn með lokahófi í íþróttahöll Akureyringa. Hart verður barist í brekkum Hlíðarfjalls þótt gleðin verði í fyrirrúmi.

sveinn@frettabladid.is



**ANDRÉS Á SKÍÐUM** Fjöldi þátttakenda á Andrésar Andar leikunum eykst ár frá ári. MYND/AXEL DARRI

> **Veðurguðirnir leika við okkur þessa dagana og öll aðstaða í Hlíðarfjalli í dag er til fyrirmyndar.**
>
> *Smári Kristinsson, einn skipuleggjanda Andrésar Andar leikanna.*

Könnun í sænskum skólum:

# Kynþáttahatur hjá nemendum

**SVÍÞJÓÐ** Sextíu prósent kennara í Svíþjóð segjast hafa haft nemendur sem lýst hafi yfir kynþáttahatri í kennslustundum. Talan er enn hærri hjá nemendum í efstu stigum grunnskólans eða 65 prósent. Þetta er niðurstaða könnunar á vegum ritsins Skolvärlden.

Nær fjórir af hverjum tíu kennurunum segja skólann ekki hafa brugðist rétt við.

Aðeins 19 prósent kennara fengu ráðgjöf um útlendingahatur undanfarin fimm ár. - ibs

Öryggisráðið vill rannsókn:

# Eiturefnaárásir í Sýrlandi á ný

**SÝRLAND, AP** Sýrlenskir stjórnarandstæðingar saka Sýrlandsstjórn um að hafa gert nýjar eiturefnaárásir á fólk undanfarna daga.

Sýrlandsstjórn segir ekkert hæft í þessu en Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna vill að gerð verði rannsókn á málinu.

Sýrlandsstjórn samþykkti á síðasta ári að afhenda öll eiturefnavopn sín til förgunar og fyrr í vikunni fékkst staðfest að 86 prósent þeirra hafi þegar verið látin af hendi. - gb






Óprúttnir aðilar hafa dreift nektarmyndum af íslenskri stúlku í leyfisleysi:

# Er oft áreitt vegna nektarmynda

**PERSÓNUVERND** 21 árs gömul kona, Tinna Ingólfsdóttir, hefur stigið fram og sagt frá misnotkun sem hún hefur orðið fyrir. Misnotkunin felst í því að nektarmyndum af henni, síðan hún var unglingur, hefur verið dreift á netinu.

Í grein sem Tinna skrifar á vefsíðuna Freyjur.is kemur fram að hún hafi tekið myndirnar þegar hún var þrettán ára gömul. „Ég vissi alveg að ég ætti ekki að senda strákum á internetinu nektarmyndir af mér,“ segir hún.

Grein Tinnu kemur í kjölfarið á umfjöllun Fréttablaðsins um óprúttna aðila á internetinu sem dreifa myndum af stúlkum undir lögaldri. Myndunum er dreift á svokölluðum Chan-síðum en notendur þar gefa ekki upp nafn sitt.

Tinna segist í greininni ekki hafa gefið leyfi fyrir birtingu myndanna af sér. Þrátt fyrir það séu myndirnar enn í dreifingu og hún verði reglulega fyrir áreiti vegna þessa. „Ég fékk að heyra athugasemdir eins og „Gaman að sjá þig í fötum!“ nánast daglega.“

Lögregla vinnur að því að loka vefsíðum sem birta myndir af börnum undir lögaldri. - ssb



Fáklædd fermingarbörn á erlendri síðu

**FRÉTTABLAÐIÐ 15. APRÍL** Fram kom í Fréttablaðinu fyrir níu dögum að nektarmyndum af íslenskum stúlkum er dreift á Internetinu.



4G LTE

**1.000 kr.** notkun í 12 mánuði fylgir!

**iPhone 5s** 16GB

**109.990 kr.** stgr.

**6.690 kr.** /18 mán.



4G LTE

**1.000 kr.** notkun í 12 mánuði fylgir!

**Samsung Galaxy S5**

**119.990 kr.** stgr.

**7.290 kr.** /18 mán.



4G LTE

**1.000 kr.** notkun í 6 mánuði fylgir!

**Samsung Galaxy S4**

**79.990 kr.** stgr.

**4.890 kr.** /18 mán.

# Novalegt snjallsumar!



4G LTE

**1.000 kr.** notkun í 6 mánuði fylgir!

**iPhone 5c** 16GB

**89.990 kr.** stgr.

**5.490 kr.** /18 mán.



**Sjálfsmelluhnappur**

**1.990 kr.** stgr.

HISY þráðlaus myndavéla-hnappur fyrir iPhone (iOS 7).



**Urbanears**

**11.990 kr.** stgr.

Margir litir fáanlegir.



**Polar Loop snjallband**

**19.990 kr.** stgr.



**Nike+ FuelBand SE**

**29.990 kr.** stgr.

**Opið hjá okkur í dag í Kringlunni og Smáralind 13–18.**
**Á Selfossi 13–16 og á Akureyri 13–17. Gleðilegt sumar.**

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | Facebook | Twitter

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 325 kr./mán. greiðslugjald.

Brandenburg

## SVONA ERUM VIÐ



**10.495** fýlar (eða múkkar)

**voru veiddir á Íslandi árið 2000.**

Síðan hefur veiði minnkað jafnt og þétt og hefur verið um 3.000 fuglar undanfarin ár.

Hafnarfjarðarbær mun ef þörf krefur höfða dómsmál vegna kvótasölu frá togaranum Þór-Hf 4:

# Telja höggið vera 140 milljónir hið minnsta

**SJÁVARÚTVEGUR** Hafnarfjarðarbær metur tap vegna framsals aflaheimilda skipsins Þórs–HF 4 frá sveitarfélaginu á 140 milljónir króna hið minnsta. Bæjaryfirvöld áskilja sér skýlausan rétt til að leita réttar síns, enda eigi bærinn fortakslausan forkaupsrétt að skipinu og aflaheimildum þess.

Þetta kemur fram í drögum að svarbréfi Hafnarfjarðarbæjar til atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins, sem fer fram á það við bæjaryfirvöld að þau rökstyðji það sjónarmið að með því að umræddar aflaheimildir hverfi úr bæjarfélaginu fylgi verulega neikvæð áhrif í atvinnu- og byggðarlegu tilliti.

Í bréfinu er útlistað að þau 4.800 þorskígildistonn sem um ræðir hefðu þýtt vinnu fyrir 65 manns í fiskvinnslu í landi, auk þess sem sjómenn á línuskipi og þremur til fjórum minni bátum gætu haft umtalsverðar tekjur af vinnslu þessa afla. Miðað við þessar forsendur og fleiri telur sveitarfélagið sig tapa 140 milljónum króna, og er þá ekki tekið tillit til tekna sem tengjast frekari uppbyggingu Hafnarfjarðarhafnar og hafnsækinnar starfsemi í tengslum við breytta útgerð. Þá séu ekki heldur reiknuð gjöld af fyrirtækjum, svo sem útsvar og fasteignagjöld.

- shá



**HAFNARFJARÐARHÖFN** Fjórir til fimm bátar gætu fengið verkefni við að veiða kvótann. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**KRISTJÁN JÓHANNSSON** Formaður flugvallarstarfsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Frestun í flugvallardeilunni:

## Isavia hafnaði tilboði í gær

**KJARAMÁL** „Mikið ber á milli samningsaðila og hefur Ríkissáttasemjari frestað viðræðum um óákveðinn tíma," segir í tilkynningu sem Kristján Jóhannsson, formaður Félags flugvallarstarfsmanna ríkisins, sendi frá sér í gærkvöld.

Samninganefndir þriggja félaga sem eiga starfsmenn á flugvöllum lögðu fram „tillögur til lausnar á kjaradeilunni" á fundi með samninganefnd Samtaka atvinnulífsins og Isavia í gær.

„Annars vegar var lögð fram tillaga um launaflokkabreytingar og eins prósentuhækkanir á launatöflu. Hins vegar var lagt fram tilboð sem gilda myndi til 2016. Tilboðinu er ætlað að skapa starfsfrið og leiðrétta misræmi milli starfsmanna," segir í tilkynningu Kristjáns, sem kveður tilboðunum hafa verið hafnað.

„Viðtökur SA/Isavia á hugmyndum félaganna koma á óvart en svo virðist sem samningsvilja skorti hjá ríkishlutafélaginu Isavia."

Boðað er til ótímabundins verkfalls frá og með 30. apríl semjist ekki fyrir þann tíma.

- gar

# Sex af hverjum tíu hótelum í borginni skiluðu tapi 2012

Á höfuðborgarsvæðinu voru hótel að meðaltali rekin með tapi frá 2009-2012. Árið 2012 skiluðu einungis 40% þeirra hagnaði samanborið við 70% á landsbyggðinni. Búa við hærri húsnæðiskostnað og meiri samkeppni.

**FERÐAPJÓNUSTA** Hótel á höfuðborgarsvæðinu voru að meðaltali rekin með tapi á tímabilinu 2009-2012. Einungis 40 prósent þeirra skiluðu hagnaði árið 2012 samanborið við 70 prósent hótela á landsbyggðinni.

Þetta kemur fram í nýrri úttekt KPMG á arðsemi í hótelrekstri hér á landi sem fyrirtækið kynnti í gær.

Þar er greint frá afkomu hótelgeirans og þeirri staðreynd að helmingur hótela höfuðborgarsvæðisins var með neikvætt eigið fé árið 2012 samanborið við 43 prósent á landsbyggðinni. Á sama tíma og afkoma hótela á höfuðborgarsvæðinu var að jafnaði léleg var herbergjanýting þar talsvert betri en annars staðar á landinu.



**HELGA ÁRNADÓTTIR**

„Það er alveg ljóst að ef við ætlum að taka á móti þessum mikla fjölda ferðamanna þá þarf að byggja upp og kosta til og þá eru menn oft með neikvætt eigið fé til að byrja með. En við erum að sjá aukningu og nýtingin er að batna," segir Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF).

„Það að byggja upp og fjölga hótelum kallar á miklar fjárfestingar yfir skamman tíma. Lykilatriðið er þessi fjölgun ferðamanna yfir allt árið sem býr til grundvöll fyrir bætt rekstrarumhverfi og þá verður hægt að horfa til þeirra markhópa sem gefa meira af sér," segir Helga.

Í úttekt KPMG er bent á að mun fleiri hótelrekendur á höfuðborgarsvæðinu leigja húsnæði undir starfsemi sína en kollegar þeirra á landsbyggðinni. Samkeppni um vel staðsett húsnæði í góðu ásigkomulagi sé mikil og leiguverð því hærra en annars staðar. KPMG telur háan húsnæðiskostnað og meiri verðsamkeppni í borginni líklegar ástæður fyrir verri afkomu hótela á höfuðborgarsvæðinu.

„Þar er einnig búið að byggja mikið af þriggja og fjögurra stjörnu hótelum sem kalla á meiri fjárfestingar en þær framkvæmdir sem oft hefur verið farið í á landsbyggðinni. Við erum að gera okkur gildandi sem heilsársáfangastað og þá þarf að kosta til," segir Helga.

haraldur@frettabladid.is



**HÓTEL RÍS VIÐ HÖFÐATORG** Gert er ráð fyrir að hótelherbergjum muni fjölga um 30 prósent til ársloka 2015. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Neikvæðir í garð náttúrupassa

Helmingur hótelrekenda er mjög eða frekar neikvæður í garð hugmynda stjórnvalda um náttúrupassa, samkvæmt nýrri könnun KPMG sem greint er frá í úttekt fyrirtækisins. Um 35 prósent sögðust mjög eða frekar jákvæð í garð passans en 15 prósent voru hlutlaus.

„Ákveðið vantraust virðist vera í hópi aðila ferðaþjónustunnar, sem er ef til vill eðlilegt þar sem enn er margt óljóst um framkvæmd gjaldtöku og útdeilingar fjármuna í tengslum við náttúrupassann," segir í úttekt KPMG.

**➜ Hvert er þitt viðhorf til núverandi hugmynda um náttúrupassa?**




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 24° | Friedrichshafen | 21° | New York | 15° |
| Aþena | 23° | Gautaborg | 10° | Orlando | 28° |
| Basel | 24° | Kaupmannahöfn | 10° | Ósló | 14° |
| Berlín | 21° | Las Palmas | 22° | París | 19° |
| Billund | 11° | London | 18° | San Francisco | 16° |
| Frankfurt | 23° | Mallorca | 23° | Stokkhólmur | 9° |

**Á MORGUN** Hæg breytileg átt.




**LAUGARDAGUR** Hægur eða fremur hægur vindur.




**SUMRIÐ HEILSAR** með nokkrum ágætum að þessu sinni. Vindur verður fremur hægur og hiti víða á bilinu 8 til 14 stig. Norðanlands verður bjart eða bjart með köflum en skúrir sunnan og vestan til með sólarglennum á milli skúra.



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður




**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# Sumardagurinn fyrsti

# 24. apríl 2014

## Hverfahátíðir

## Árbær

09.00-11.00 Frítt í Árbæjarlaug
09.30 Sundzumba í boði Árbæjarþreks
11.00 Skrúðganga frá Árbæjarlaug að Árbæjarkirkju
11.30 Fjölskylduhelgistund í Árbæjarkirkju af tilefni sumarkomu
12.00-14.00 Sumarhátíð á Árbæjartorgi
13.00-15.00 Skátar úti og inni - Hraunbær 123

## Breiðholt

13.00 - 15.00 Hátíðarhöld við félagsmiðstöðina Hólmasel
Hoppukastalar, andlitsmálning, grillaðar pylsur og kandýfloss
Kynning á starfi ÍR og Skátafélagsins Seguls
13.30 Sigurvegarar frá Breiðholt got talent: Stefán Halldór, Leví, Asian Style, Gabríela Ósk, Mannlegur pýramídi og Vorvindar glaðir frá Bakkaseli
13.50 Dans Brynju Péturs
14.00 Páll Valdimar JóJó listamaður
14.15 Jón Víðis töframaður
Breiðholtslaug verður opin frá kl. 9.00 - 18.00. Wipeout braut og fjör!

## Bústaðahverfi

12.00 Grillað í Grímsbæ með Víkingum og 10-11
13.00 Gengið úr Grímsbæ í Bústaðakirkju undir taktföstum tónum Skólahljómsveitar Austurbæjar
13.20 Dagskrá Bústaðakirkju
- Kórar Bústaðakirkju
- Nokkur orð frá Sverri Hjaltested
- Framsagnarhópur úr Hæðargarði

14.00 - 16.00 Gengið í Víkina
- Hoppukastalar
- Sumargrín
- Andlitsmálun
- Söngatriði frá:
  - Neðstalandi
  - Breiðagerðisskóla
  - Fossvogsskóla
  - Réttarholtsskóla
- Skátar með hnútakennslu og grill
- Víkingshlaupið
- Kökur og kaffi
- Myndasýning frá leikskólunum

## Grafarholt

12.30 Skrúðganga frá Sæmundarskóla að Guðríðarkirkju
13.00 Helgistund í Guðríðarkirkju
13.30 - 15.30 Sumarhátíð við Ingunnarskóla

## Grafarvogur

11.30 Skrúðganga frá Spöng að Rimaskóla
Skólahljómsveit Grafarvogs leikur og félagar í Skátafélaginu Hamri bera fána
11.45 - 14.00 Skemmtun í Rimaskóla
- Nemendur í Tónlistarskólanum í Grafarvogi og Tónskóla Hörpunnar leika
- Danssýning barna í Dansskóla Reykjavíkur
- Sirkus Íslands
- Skemmtiatriði frá félagsmiðstöðvum og frístundaheimilum Gufunesbæjar
- Kynning á sumarstarfi Gufunesbæjar, Fjölnis, Útilífsskóla skátanna o.fl.
- Leiktæki
- Veitingasala
- Andlitsmálun

## Háaleiti

11.00 - 13.00 Sumarhátíð í Kringlumýri, Safamýri 28
- Legó-keppni
- Andlitsmálun
- Skylmingarkennsla
- Perluskálagerð
- Litahorn
- Grillaðar pylsur og ávaxtasafi
- Snú-snú, sipp og krítar

## Laugardalur

11.00 - 13.00 Sumarhátíð í Þróttheimum/Glaðheimum við Holtaveg 11
- Grillaðar pylsur og ávaxtasafi
- Andlitsmálning
- Stórfótbolti
- Spilavinir koma í heimsókn og kenna á nokkur spil

## Miðborg og Hlíðar

13.00 - 15.00 Sumarhátíð á Klambratúni við Kjarvalstaði
- Hoppukastalar
- Slökkviliðsbílinn til skoðunar
- Eldri borgarar leika á harmóníku
- Nemendur í Dansskóla Jóns Péturs og Köru sýna listir sínar
- Veitingar í tjöldum á vegum skátafélagsins Landnema
- Íþróttafélagið Valur býður upp á boltaþrautir

## Vesturbær

09.00 - 10.00 Bjartsýnisbusl í Vesturbæjarlaug í boði Neskirkju og Vesturbæjarlaugar
10.00 Hólavallagarður – Heimir garðyrkjumaður leiðir göngu um kirkjugarðinn
11.00 Skrúðganga frá Melaskóla að Frostaskjóli - Lúðrasveit Reykjavíkur og Ægisbúar leiða gönguna
11.15 - 12.30 Fjölskylduhátíð við Frostaskjól
11.15 Hildur Sverrisdóttir, formaður hverfisráðs Vesturbæjar
11.20 Sigurvegari Rófunnar söngkeppni félagsmiðstöðvarinnar Frosta, Ástrós Sigurjónsdóttir tekur lagið ásamt Ragnhildi Helgadóttur
11.40 Trúðurinn Wally
12.00 Ágúst Beinteinn Árnason, sigurvegari Vesturbær Got Talent.
12.10 Ungmennahúsið Jökla; Tindur Sigurðarson, Ingvar Sigurðsson og Karen Lilja Loftsdóttir syngja og leika.
- Hoppukastalar
- Þrautabraut KR
- Veitingasala
- Kandýfloss
- Kassaklifur

Hverfahátíðir í tilefni af sumardeginum fyrsta eru samstarfsverkefni frístundamiðstöðva, þjónustumiðstöðva og frjálsra félaga í hverfunum.

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið
www.reykjavik.is

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvaða fyrirtæki hefur undirritað samning um smíði þjónustuskips sem knúið er til jafns af olíu og rafmagni?
**2.** Hvað heitir liðið sem Ólafur Kristjánsson mun þjálfa næsta tímabil?
**3.** Hvernig bækur vilja bókasafnsfræðingar gera aðgengilegri?

**SVÖR:**
**1.** Fáfnir Offshore. **2.** FC Nordsjælland. **3.** Rafbækur.

Atkvæðagreiðsla um þriggja daga verkfall í grunnskólunum í maí stendur yfir og lýkur á þriðjudag:

# Samningum grunnskólakennara miðar lítt

**VINNUMARKAÐUR** „Þetta þokast en gengur hægt," sagði Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara, þegar hann var á leið á fund með samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga í gær.

Kjaradeilu grunnskólakennara og sveitarfélaganna var vísað til Ríkissáttasemjara 18. mars. Þá höfðu samningaviðræður staðið í nokkra mánuði.

Grunnskólakennarar vilja að laun þeirra hækki um allt að 30 prósent á samningstímanum en rætt hefur verið um að samið verði til ársins 2017.

Grunnskólakennarar hafa verið samningslausir í um tvö ár og eru orðnir langþreyttir á hversu hægt gengur að semja.

Stjórn Skólastjórafélags Íslands skoraði í gær á Samband íslenskra sveitarfélaga að semja strax við grunnskólakennara. Laun þeirra hafi dregist aftur úr sambærilegum stéttum og séu með öllu óásættanleg. „Nú neyðast kennarar til að undirbúa aðgerðir til að sækja sjálfsagðar leiðréttingar á launakjörum," segja skólastjórar.

Akvæðagreiðslu kennara um verkfall þrjá daga í maí, þann 15., 21. og 27. maí lýkur á þriðjudag. **- jme**



**HÆGAGANGUR** Samningaviðræður grunnskólakennara og sveitarfélaganna ganga hægt. Kennarar hafa verið samningslausir í á þriðja ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**FENGU STYRK** Gunnlaug Thorlacius og Anna Rós Jóhannesdóttir fengu styrk úr Minningarsjóði Ólafíu Jónsdóttur.

Rannsaka árangur teymis:

## Fengu hálfa milljón í styrk

**HEILBRIGÐISMÁL** Anna Rós Jóhannesdóttir, yfirfélagsráðgjafi Landspítala og Gunnlaug Thorlacius félagsráðgjafi hafa fengið 500 þúsund króna styrk úr Minningarsjóði Ólafíu Jónsdóttur til að rannsaka árangur FMB-teymis á göngudeild Geðsviðs LSH.

„FMB-teymið er eitt af sérhæfðum teymum geðsviðs þar sem unnið er með foreldrum og börnum upp að eins árs aldri með það að markmiði að styrkja tengsl og draga úr áhrifum veikinda innan fjölskyldunnar," segir í tilkynningu. Styrkurinn var veittur á aðalfundi Geðverndarfélags Íslands fyrr í mánuðinum. **- óká**

Geðverndarfélag Íslands:

## Nýr formaður

**HEILBRIGÐISMÁL** Gunnlaug Thorlacius, félagsráðgjafi á geðsviði Landspítala – háskólasjúkrahúss, hefur verið kosin formaður Geðverndarfélags Íslands. Áður hafði dr. Eydís K. Sveinbjarnardóttir geðhjúkrunarfræðingur gegnt formennsku.

Gunnlaug segir að verkefni nýrrar stjórnar verði að leggja enn meiri áherslu en fyrr á forvarnarstarf, sérstaklega með börnum geðsjúkra foreldra. Hún segir að félagið verði einnig að beita sér í búsetumálum geðfatlaðra. „Að lokum er mikilvægt að hefja samtal um skýra löggjöf þar sem réttur barna sem eiga foreldra sem glíma við alvarlega sjúkdóma er tryggður," segir hún. **- fb**

# Týrólatónar léku um skíðafólk í Oddskarði

Sól og blíða var í Oddskarði um páskana. Týrólatónlist, flugeldasýning og páskaeggjamót. Suðvestanátt setti strik í reikninginn í Hlíðarfjalli þar sem lokað var í þrjá daga. Maður glímir ekki við veðrið, segir forstöðumaður skíðasvæðisins.

**ÚTIVIST** Þúsundir renndu sér á skíðum um páskana í Hlíðarfjalli fyrir norðan, Tungudal og Seljalandsdal fyrir vestan og í Oddskarði fyrir austan þar sem besta veðrið var.

„Við erum himinlifandi. Loksins kom sól á Austurlandi. Það er búið að vera skýjað mestallan veturinn og lítið hægt að hafa opið," segir Dagfinnur Smári Ómarsson, forstöðumaður skíðasvæðisins í Oddskarði, þar sem um eitt þúsund manns að meðaltali renndu sér á hverjum degi alla páskana.

Dagfinnur segir marga hafa komið frá Reykjavík og að norðan og skemmt sér á skíðum með heimamönnum. „Ég held að allir hafi fengið að sofa einhvers staðar."

Þótt ekki hafi verið fengin hljómsveit frá Týról til að skemmta mönnum um páskana eins og gert hefur verið þrisvar sinnum áður, var leikin tónlist frá svæðinu í brekkunum.

„Síðast þegar hljómsveit kom hingað frá Týról var árið 2010. Núna fengum við tónlistina af Spotify. Við reynum svo að fara í týrólabúninga," segir Dagfinnur og bætir því við að brettakvöld, flugeldasýning og páskaeggjamót hafi notið mikilla vinsælda gesta í Oddskarði.

Guðmundur Karl Júlíusson, forstöðumaður skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli, segir menn þar sæmilega sátta með páskavertíðina.

„Maður glímir aldrei við veðrið. Við urðum að hafa lokað á föstudaginn langa, laugardag og mestallan páskadag vegna suðvestanáttar, sem hefur ekki látið sjá sig hér í allan vetur nema þessa þrjá daga. Hér var hins vegar opið á skírdag og annan í páskum og þá renndu sér um 2.000 manns hvorn daginn. Það voru óvenjumargir hér á annan í páskum en menn komu snemma þann dag til að geta rennt sér áður en þeir héldu heim á leið."



**Í HLÍÐARFJALLI** Þar var aðeins opið á skírdag og annan í páskum auk nokkurra klukkustunda á páskadag. MYND/MYNDASAFN HLÍÐARFJALLS

Skíðavikan á Ísafirði tókst ljómandi vel, að sögn Gauts Ívars Halldórssonar, forstöðumanns skíðasvæðisins.

„Það var að vísu lokað hér á föstudaginn vegna leiðindaveðurs. Það gekk svo á með éljum á laugardag og sunnudag en það var bjart á milli og hægt að hafa opið. Um venjulegar helgar eru hér 200 til 300 manns og í mesta lagi 400 á skíðum en núna voru að meðaltali um 800 manns í brekkunum í Tungudal og Seljalandsdal þessa daga sem opið var. Þetta er mikil lyftistöng fyrir okkur. Hér gátu menn skíðað á daginn og farið á tónleika á kvöldin," segir Gautur.



**DAGFINNUR SMÁRI ÓMARSSON**

Skíðasvæðin á höfuðborgarsvæðinu voru lokuð alla páskana vegna veðurs. **ibs@frettabladid.is**

Framboðslistinn kynntur:

## Guðni leysir frá skjóðunni í dag

**STJÓRNMÁL** Aukakjördæmaþing Framsóknarflokksins í Reykjavík fer fram í dag. Á þinginu verður kynntur nýr framboðslisti Framsóknarflokksins fyrir komandi borgarstjórnarkosningar.



**GUÐNI ÁGÚSTSSON**

Guðni Ágústsson, fyrrverandi ráðherra, hefur verið orðaður við oddvitasæti listans. Í samtali við Fréttablaðið sagðist Guðni hafa fengið umboð til að velta fyrir sér fólki á listanum og málefnum flokksins í komandi kosningabaráttu. Hann vill gera flugvöllinn í Vatnsmýri að kosningamáli og segir núverandi borgaryfirvöld hafa þrengt um of að einkabílnum. **- ssb**

Endurheimtir gamla nafnið:

## Heitir núna Safnahúsið

**MENNING** Safnahúsið við Hverfisgötu, áður Þjóðmenningarhúsið, sem var vígt 28. apríl 1909 hefur nú fengið sitt gamla nafn aftur.

Unnið er að grunnsýningu um íslenska listasögu og sjónrænan menningararf sem opna á í Safnahúsinu haustið 2014.

Í tilkynningu segir að það sé í anda samstarfs nokkurra stofnana sem að sýningunni standi að nafnbreytingin verði nú. Stofnanirnar eru Þjóðminjasafn Íslands, sem sér um rekstur hússins, Listasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands, Þjóðskjalasafn Íslands, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. **- fb**




GLEÐILEGT SUMAR!
Hjálmur 6.999
Cross Phantom 24" 49.999
JD Bug 6.999
Fötusett 1.499
Vatns-byssa 999
Tennissett 999
Brenni-bolti 699
SUMARDÓT FYRIR BÖRN OG FULLORÐNA
weber
WEBERÚRVALIÐ FINNUR ÞÚ Á WWW.HAGKAUP.IS
STEAK HOUSE
VERSLAÐU Á NETINU
HAGKAUP.IS
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

STÓRAUKIN NOTKUN METÝLFENÍDAT-LYFJA, SVO SEM RÍTALÍNS, VELDUR ÁHYGGJUM.

# Þeir fái lyfin sem hafa af þeim gagn

Landlæknir segir heilsugæsluna þurfa að koma sterka inn með þverfagleg teymi til að sinna málum þar sem vísað er á lyf við ofvirkni og athyglisbresti. Hér kunni heilbrigðisþjónusta að sinna þeim vel sem þurfa á slíkum lyfjum að halda en taka þurfi á skuggahliðum misnotkunar.



**Óli Kristján Ármannsson**
olikr@frettabladid.is

Huga þarf betur að því hvernig staðið er að greiningu á ofvirkni og athyglisbresti og hvaða úrræðum er beitt hverju sinni, segir Geir Gunnlaugsson landlæknir. Hann segir embættið meðvitað um þá miklu aukningu sem orðið hafi síðustu ár á notkun metýlfenídatlyfja og hafi gripið til ýmissa aðgerða. Í þeim flokki eru lyf á borð við rítalín, sem eftirsótt er af fíklum.



**GEIR GUNNLAUGSSON**

Fram kom í umfjöllun Fréttablaðsins í gær að milli áranna 2009 og 2013 hafi notkun þessara lyfja aukist um yfir 52 prósent, úr 1,5 milljónum dagskammta í 2,3 milljónir dagskammta í fyrra.

„Við höfum af þessu ákveðnar áhyggjur, það er að segja af því hvernig staðið er að greiningum sem þetta lyf er gefið við. Við vitum að metýlfenídat er gott lyf fyrir suma og hefur hjálpað mjög mörgum,“ segir Geir.

Hann segir embættið hafa lagt áherslu á að sett verði upp sérhæfð teymisvinna í kringum málaflokkinn. „Og þann hóp má meðal annars nota til að meta greiningu áður en lyfjaskírteini er úthlutað og með því tryggja að góð greiningarvinna liggi að baki.“ Byggja þurfi upp þekkingu og fjölga meðferðarúrræðum þar sem ekki sé einvörðungu horft til notkunar lyfja, heldur jafnframt sálfræðiþjónustu og hugrænnar atferlismeðferðar og fleiri þátta. Þá segir Geir að embættið hafi stutt við lækna til að koma í veg fyrir að einstaklingar hoppi mikið á milli þeirra og vakið athygli lækna á slíkum einstaklingum. „Við erum í stöðugum samskiptum við lækna um þennan málaflokk.“

### Patentlausn er ekki til

Umræða um notkun lyfja úr þessum flokki er ekki ný af nálinni. Þannig lagði Álfheiður Ingadóttir í heilbrigðisráðherratíð sinni, árið 2009, sérstaka áherslu á að læknar drægju fremur úr notkun metýlfenídatlyfja. Þróunin hefur þó verið öndverð.

Geir áréttar að málaflokkurinn sé erfiður og engin ein einföld lausn til við þeim vandamálum sem upp koma. „Velta má fyrir sér hvort aðstæður hér leiði til þess að íslensk heilbrigðisþjónusta hafi verið fyrri til en í öðrum löndum að bjóða þessa meðferð og mikil notkun hér endurspegli gott aðgengi að slíkri meðferð. Og svo er vandamál að ákveðinn hluti af þeim löglegu lyfjum sem vísað er á, flæðir inn á ólöglegan markað.“ Patentlausn við þeim vanda sé ekki að finna. „En við erum að leita leiða til að taka á þessu. Við lítum á þetta sem vandamál og að okkar hlutverk sé að tryggja að þeir sem þurfa á lyfinu að halda fái það og þeir sem þurfa það ekki fái það ekki. Það er stóra verkefnið.“

### Lyf sem bjarga mörgum

Hluta af því að takast á við vandann segir Geir líka að efla geðheilbrigðisþjónustu almennt í landinu, ekki bara á höfuðborgarsvæðinu. „Mikið af þessu kostar peninga og að ýmsu er að huga. Svo þarf heilsugæslan að koma öflug inn með þverfagleg teymi til að sinna málum af þessum toga.“ Geir segir að hægt og rólega sé unnið að úrbótum í þessum málum og það sé gert í samvinnu við Vog, velferðarráðuneytið og aðra sem að málum koma. „Þetta verður ekki snúið niður á einni nóttu, heldur er þetta langhlaup. Það vill enginn hætta að hjálpa þeim sem þurfa á hjálp að halda. Þessi lyf bjarga lífi margra, en um leið vitum við af þessari dökku hlið málsins, að eftirsókn er í þessi lyf og þau hafa verið á svörtum markaði.“

## ÁHYGGJUEFNI ÞEGAR NOTKUN EYKST HRATT



Skýra þarf betur þá aukningu sem orðið hefur á notkun lyfja með virka efninu metýlfenídat, þar á meðal rítalíns, að mati Tómasar Zoëga, yfirlæknis á geðsviði Landspítalans. „Það getur vel verið að þetta sé í lagi en þegar svona mikil aukning verður á til þess að gera stuttum tíma er ástæða til að staldra við og hugsa sinn gang.“ Tómas bendir á að líka liggi fyrir upplýsingar um að töluverð misnotkun sé á þessum lyfjum og að það sé neysla sem læknar hafi áhyggjur af. „En hvað ávísanir varðar þá erum við ekki langt frá því sem gerist í Bandaríkjunum.“

Tómas segir ljóst að lyfin hjálpi mjög mörgum og gjörbreyting verði hjá hluta fólks sem þau taka. Notkun fullorðinna á metýlfenídatlyfjum hefur aukist síðustu ár og Tómas segir ljóst að þau hjálpi sumum þeirra. Læknar hafi hins vegar áhyggjur af því að þetta séu lyf sem hægt er að misnota.

## → Fimmtungur fær lyfið hjá lækni



Á ári hverju koma inn á Vog 300 sprautufíklar sem háðir eru rítalíni, segir Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi. Af þeim séu að jafnaði 60 sem koma nýir inn í meðferð.

Þórarinn segir að á Vogi séu gerðar mjög nákvæmar athuganir á því hvaða vímuefni fólk notar. Eftir hrun hafi sú þróun verið áberandi að fólk sem notaði örvandi efni á borð við kókaín og ólöglegt amfetamín hafi fært sig yfir í notkun rítalíns. „Rítalín er aðalefnið sem sprautað er á Íslandi í dag. Því er sprautað meira en ólöglegu amfetamíni sem er á markaði og miklu meira en morfíntöflunum sem fólk notaði til að sprauta sig með hérna um árið,“ segir Þórarinn. Um helmingur þeirra sem sprauta sig með örvandi efnum í æð segi að rítalín sé fyrsta eða annað efnið sem þeir hafi valið til að sprauta sig með. Hylkið af Ritalin Uno, sem sé 40 millígrömm, segir Þórarinn að sé til sölu á 2.500 krónur á markaði. „Og það verð hefur haldist núna í um þrjú ár.“

Hluti þeirra sem sprauta sig reglulega í æð fær lyfin ávísuð af læknum, að sögn Þórarins. „Það eru fimmtán til tuttugu prósent. Hinn hlutinn, um áttatíu prósent, fær þessi lyf keypt á þessum ólöglega vímuefnamarkaði.“ Efnið sem selt sé á ólöglegum markaði segir Þórarinn líklegast að komi eftir hefðbundnum leiðum þess markaðar, oft í gegnum Amsterdam.





**BÓLUSETNING** Vörn gegn smitsjúkdómum. NORDICPHOTOS/AFP

Bólusetja gegn HPV-veirunni:

## WHO minnir á bólusetningar

**HEILBRIGÐISMÁL** Nú stendur yfir evrópsk bólusetningarvika á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO). Markmiðið er að upplýsa almenning um mikilvægi bólusetninga til verndar gegn smitsjúkdómum.

Gærdagurinn var tileinkaður bólusetningum unglinga. Til dæmis eru allar tólf ára stúlkur bólusettar gegn HPV-veirunni til að verjast leghálskrabbameini. Þá verða dagar tileinkaðir fullorðnum og öldruðum. - ssb

Þjóðarmorðs minnst:

## Erdogan vottar samúð sína

**TYRKLAND** Recep Tayyip Erdogan, forsætisráðherra Tyrklands, vottaði í gær samúð sína afkomendum þeirra Armena, sem Tyrkir myrtu í stórum stíl á árum fyrri heimsstyrjaldarinnar.

Þetta er í fyrsta sinn sem tyrkneskur ráðamaður vottar Armenum samúð sína vegna fjöldamorðanna, en neitar þó enn að tala um þjóðarmorð í þessu samhengi.

Í dag eru 99 ár liðin frá því nauðungarflutningar Armena hófust. Armenar hafa lengi krafist þess að Tyrkir viðurkenndu þjóðarmorð. - gb

# Vonast eftir svörum frá skóla og ráðuneyti um stöðu LBHÍ

Menntamálaráðuneytið hefur enn ekki afgreitt fjárhagsáætlun Landbúnaðarháskóla Íslands. Áætlunin gerir ráð fyrir miklum niðurskurði. Haraldur Benediktsson þingmaður vonast til að mál skólans skýrist á næstunni.

**STJÓRNSÝSLA** Fulltrúar menntamálaráðuneytisins og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri (LbhÍ) mæta til fundar við fjárlaganefnd Alþingis öðrum hvorum megin við næstu mánaðamót, að sögn Haraldar Benediktssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokks í Norðvesturkjördæmi. Haraldur, sem sæti á í nefndinni, vonast til að þá fáist skýrari mynd af stöðu skólans.

Haraldur segist frá upphafi hafa talað fyrir því að skoðaðar yrðu fleiri leiðir en sameining LbhÍ við Háskóla Íslands. „Þar voru boðnir fram mjög miklir peningar í uppbyggingu og í aukin framlög og þá vakna spurningar um hvaða greiningar lágu þar að baki, hvaða forgangsröðun var á þessum verkefnum og hvers vegna peningarnir hverfa ef hugmyndir ráðherrans ná ekki fram að ganga og þá snúið í þveröfuga átt og talað um niðurskurð,“ segir Haraldur og kveður sína skoðun að „mjög illa“ hafi verið haldið á málinu, og það þótt í hlut eigi flokksbróðir hans, Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra.

Afstaða þeirra þingmanna kjördæmisins sem látið hafa sig málefni LbhÍ varða sé hins vegar enn skýr og í þá átt að verja skólann í kjördæminu. Snýst um það,



**Spurningar [vakna] um hvaða greiningar lágu þar að baki, hvaða forgangsröðun var á þessum verkefnum og hvers vegna peningarnir hverfa ef hugmyndir ráðherrans ná ekki fram að ganga og þá snúið í þveröfuga átt og talað um niðurskurð.**

*Haraldur Benediktsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks í Norðvesturkjördæmi*

á mannamáli. „Ég hef ekki heyrt á norðvesturþingmönnum nein mismunandi sjónarmið í þessum efnum.“

Umræðan um sameiningu við Háskóla Íslands gjaldi fyrir það að stjórnvöld hafi áður komið fram með fyrirætlanir á fjárframlögum um uppbyggingu á landsbyggðinni. „Og svo sitja landsbyggðarmenn ævinlega uppi með svartapétur þegar þarf að fara skera niður.“ Ljóst er að mati Haraldar að áætlanir um sameiningu við HÍ hafi ekki miðað



**LBHÍ Á HVANNEYRI** Haraldur Benediktsson, þingmaður Norðvesturkjördæmis, segir LbhÍ burðast með óhagkvæmt húsnæði sem hann þurfi að leigja af ríkinu. Þar sé eitt svið þar sem hjálpa megi skólanum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

að aukinni hagræðingu því henni hefði fylgt stóraukinn kostnaður, svo sem í hærri launum til prófessora og kennaraliðs við LbhÍ.

Fjárhagsáætlun sem LbhÍ skilaði til menntamálaráðuneytisins um síðustu mánaðamót og gerir ráð fyrir fækkun um 15 stöðugildi hefur enn ekki fengið uppáskrift í ráðuneytinu.

Þrátt fyrir ítrekaða eftirgrennslan hafa ekki borist svör frá menntamálaráðuneytinu um stöðu málsins. olikr@frettabladid.is




Síbrotamenn dæmdir fyrir hrottalegt ofbeldi:

# Skorinn á háls í ráni

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt Gísla Þór Gunnarsson í tveggja ára fangelsi fyrir tvær árásir með hníf, fjársvik og tilraun til ráns. Gísli afplánar dóm fyrir aðild að Stokkseyrarmálinu.

Auk Gísla voru karl á fertugsaldri og tvítug kona dæmd. Þau auglýstu vændi í dagblaði og konan mælti sér mót við kaupanda. Gísli og samverkamaður hans settust inn í bíl mannsins og hugðust ræna hann. Það mistókst því maðurinn flúði eftir að Gísli skar hann á háls.


GÍSLI ÞÓR GUNNARSSON

Gísli Þór var einnig dæmdur fyrir að skera annan mann í handlegg. Konan fékk skilorðsbundinn dóm en hinn karlinn hlaut enga refsingu því á honum hvílir þyngri dómur. - ssb


**Á LEIÐ Í RÉTTARSAL** Lee Joon-seok, fyrir miðri mynd, á yfir höfði sér refsingu fyrir að hafa yfirgefið farþega í neyð og sýnt af sér vítaverða vanrækslu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Skipstjórinn hafði siglt í fjörutíu ár

„Líklega ljúfasti maðurinn á skipinu," sagði einn úr áhöfninni um Lee Joon-seok, skipstjóra suðurkóresku ferjunnar sem fórst í síðustu viku. Hann fór einna fyrstur frá borði og situr nú í fangelsi, sakaður um vanrækslu og önnur brot í starfi.

**SUÐUR-KÓREA, AP** Lee Joon-seok, skipstjóri suðurkóresku ferjunnar Sewol sem fórst í síðustu viku með á fimmta hundrað manns innanborðs, átti meira en 40 ára reynslu að baki sem skipstjóri, fyrst á flutningaskipum í tuttugu ár og síðan á ferjum í önnur tuttugu.

„Hann er örlátur, virkilega almennilegur náungi," sagði Oh Yong-seok, stýrimaður á ferjunni, og tekur fram að skipstjórinn hafi alltaf verið tilbúinn til að gefa áhöfninni ráð, hvort heldur væri um starfið eða um persónuleg málefni. „Hann var líklega ljúfasti maðurinn á skipinu."

Lee, sem orðinn er 68 ára, situr þó uppi með það að á myndbandi sést að hann kom til lands með einum af fyrstu björgunarbátunum. Á myndbandinu sést að verið var að gera að sárum hans.

Hann var fljótlega handtekinn og á yfir höfði sér refsingu fyrir að hafa yfirgefið farþega í neyð og sýnt af sér vítaverða vanrækslu. Óttast er að nærri 300 manns hafi farist, flestir ungir skólanemendur sem voru í skólaferð ásamt kennurum sínum.

Lee neitar að hafa flúið frá borði en getur þó engar skýringar gefið á ferðum sínum.

Félagar hans í áhöfninni hafa velt því fyrir sér hvort hann hafi hraðað sér í land vegna aldurs eða vegna þess að hann hafði hlotið meiðsli sem þurfti að huga að.

Jang Ki-joon, bæklunarskurðlæknir sem sinnti skipstjóranum eftir að hann kom í land, segir meiðslin þó hafa verið smávægileg: „Verkur í rifbeinum vinstra megin og í baki, en það var allt og sumt," sagði hann.

Þegar skipstjórinn kom til aðhlynningar var hann ekki í skipstjórabúningnum og ekkert benti til annars en að hann væri einn af farþegunum. Jang segist ekki hafa haft hugmynd um að hann væri að hlúa að skipstjóra ferjunnar.

Aðrir úr áhöfn skipsins, sem AP-fréttastofan hefur rætt við, segjast vita lítið um persónuhagi hans.

Árið 2004 var tekið viðtal við Lee þar sem hann sagðist stundum hafa íhugað að hætta siglingum.

„Þegar ég lenti í óveðri á hafi úti sagði ég við sjálfan mig að ég myndi aldrei stíga fæti á skip aftur. En mannshugurinn er lævís og lúmskur. Eftir að hafa sloppið úr lífsháska gleymdi ég alltaf slíkum hugsunum og ég hef siglt á skipum fram til dagsins í dag," sagði hann í viðtalinu við vefmiðilinn Jeju Today. gudsteinn@frettabladid.is



MSc-nám í klínískri sálfræði við Háskólann í Reykjavík
- Veitir faglegan og traustan undirbúning til starfa við fjölbreytta sálfræðilega þjónustu.
- Byggir á hugrænni atferlismeðferð og hagnýtri atferlisgreiningu.
- Veitir þjálfun á þremur meginsviðum: 1) sálfræði fullorðinna, 2) sálfræði barna, unglinga og fjölskyldna og 3) þroskahömlunar, taugasálfræði og endurhæfingar.

BACB Námskeið á sviði atferlisgreiningar hafa hlotið samþykki vottunarnefndar atferlisfræðinga í Bandaríkjunum (The United States Behavior Analyst Certification Board)

Umsóknarfrestur er til 30. apríl
hr.is/salfraedi/msc
HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK REYKJAVIK UNIVERSITY



FÖGNUM SUMRI SAMAN Á BJÖRTUM DÖGUM
SUMARDAGURINN FYRSTI Í HAFNARFIRÐI
Fjölbreytt dagskrá fyrir alla fjölskylduna
BJARTIR DAGAR

DAGSKRÁ

**Kl. 8-17: Fjölskyldudagur í sundlaugum.** Ókeypis í sund fyrir alla.
**Kl. 11: VÍÐAVANGSHLAUP HAFNARFJARÐAR á Víðistaðatúni.** Keppt verður í 7 aldursflokkum. Allir fá verðlaunapening.
**Kl. 11-17: Opið í Byggðasafninu.** Ókeypis aðgangur.
**Kl. 12-21: Spennandi sýningar í Hafnarborg.** Ókeypis aðgangur.
**Kl. 13: BYGGÐASAFNIÐ: Söguganga um gamla bæinn.** Mæting við Byggðasafnið.
**Kl. 13 og 14: Töfrabrögð á Bókasafninu.** Einar einstaki sýnir listir sínar.
**Kl. 13: Skátamessa í Víðistaðakirkju.**
**Kl. 13:45: SKRÚÐGANGA FRÁ VÍÐISTAÐAKIRKJU.** Gangan endar í miðbæ Hafnarfjarðar.
**Kl. 14-16: FJÖLSKYLDUDAGSKRÁ Á THORSPLANI** í umsjá skátafélagsins Hraunbúa. Fram koma m.a. **Ingó veðurguð, Hallur Joensen og félagar, Lúðrasveit tónlistarskóla Hafnarfjarðar, Kór Flensborgarskólans og sönghópurinn Gengið af Göflurunum.** Alls kyns góðgæti til sölu, útileikir, andlitsmálning og kassaklifur.
**Kl. 14:45-16: Origamikennsla á Bóksafninu.**
**Kl. 15: HAFNARBORG: Fjölskylduleiðsögn um sýninguna Hnallþóra í sólinni.** Möguleikar prentmiðla skoðaðir í gegnum verk Dieter Roth. Ókeypis aðgangur.
**Kl. 20: BÍÓSÝNING Í BÆJARBÍÓI: *Sódóma Reykjavík.*** Ungmennaráð Hafnarfjarðar sýnir þessa frábæru mynd Óskars Jónassonar. Að auki verður sýnd stuttmynd lýðræðisverkefnins, ***Youth: your voice.*** Bannað innan 12 ára.
**Kl. 20: KÁNTRÝKVÖLD Í GÚTTÓ.** Miðaverð 2.000 kr. Hallur Joensen kántríkóngur Færeyja og Drottningar vestursins, Kristina, Evi og Jóhanna Guðrún o.fl. Gestastjarna: Magnús Kjartansson.






**SÁTTIR** Azzam al-Ahmad, háttsettur í Fatah-samtökunum, ásamt Ismaíl Haníjeh, forsætisráðherra Hamas-samtakanna á Gasaströnd. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ísraelar afboða fund með Palestínumönnum:

# Fatah og Hamas hafa náð sáttum

**PALESTÍNA, AP** Fatah og Hamas, tvær helstu fylkingar Palestínumanna, blésu í gær til blaðamannafundar þar sem skýrt var frá samkomulagi þeirra um að mynda samsteypustjórn á ný og boða til kosninga.

Sjö ár eru síðan slitnaði upp úr samstarfi þeirra, með þeim afleiðingum að Fatah hefur farið með stjórn á Vesturbakkanum en Hamas ráðið á Gasa.

Fatah og Hamas hafa áður náð sáttum en ekkert orðið úr samstarfi. Ekki er ljóst að hvaða leyti þetta nýjasta samkomulag á að vera frábrugðið fyrri samningum, eða hvað ætti að verða til þess að þetta samkomulag haldi frekar en þau fyrri. Ísraelskir ráðamenn brugðust hins vegar snöggt við og afboðuðu fund með Palestínumönnum, sem halda átti í dag í von um að eiginlegar friðarviðræður Palestínumanna og Ísraela geti hafist á ný.

Ísraelar líta, rétt eins og Bandaríkjamenn, á Hamas sem hryðjuverkasamtök og vilja ekkert við þau ræða.

Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, sakar nú Mahmúd Abbas Palestínuforseta um að eyðileggja möguleikann á friðarviðræðum: „Í staðinn fyrir að friðmælast við Ísrael, þá friðmælist hann við Hamas." - gb

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is
Tilboðin gilda aðeins: 24.04.14

# Sumardagstilboð




ATH. TILBOÐIÐ GILDIR AÐEINS SUMARDAGINN FYRSTA

TRAMPÓLÍN + ÖRYGGISNET
FULLT VERÐ: 44.980

**24.990**







SPARIÐ ALLT AÐ
**29.990**

**TRAMPÓLÍN**
Góð trampólín í garðinn eða á pallinn. Trampólín stærð: Ø305 x H70 sm. **29.990**
Öryggisnet hæð: 190 sm. **14.950**
Trampólín Ø305 sm. + öryggisnet **24.990** Lítill stigi **3.995**
Trampólín í stærð: Ø427 **49.990** Öryggisnet **19.990**
Trampólín Ø427 sm. + öryggisnet **42.990**
Trampólín stærð: 305 x 457 x H110 sm. **99.990** Öryggisnet hæð: 188 sm. **49.990**
Trampólín 305 x 457 x H110 sm. + öryggisnet **119.990** Stór stigi **5.995**
Vnr. 4701690, 4701601, 4701602, 4701620, 1701604, 4701605, 4701603, 4701622




ATH. TILBOÐIÐ GILDIR AÐEINS SUMARDAGINN FYRSTA

VIÐHALDSFRÍTT

ALLT SETTIÐ FULLT VERÐ: 49.990
**34.990**

**EBELTOFT GARÐHÚSGÖGN**
Glæsileg, stílhrein garðhúsgögn úr UV vörnu plasti. Endingagóðar sessur úr polyester efni fylgja. Stærð á borði:
B59 x L92 xH43 sm.
BRUSHANE lukt,
hæð: 45 sm. **4.995** nú **3.995**
Vnr. 3763400, 3998100

SPARIÐ
**15.000**



**VATNSBYSSA**
Stærð: 13 sm.
Vnr. S34852020
VERÐ AÐEINS:
**169**



7 STK. SAMAN Í PAKKA

**SANDKASSASETT**
Vnr. S34850230
VERÐ AÐEINS:
**299**

**KRÍTAR**
Fullt box af flottum krítum.
Vnr. B18100000



15 STK.
**295**

**SÁPUKÚLUR**
Vnr. 1970000



SÁPUKÚLUR
**79**





ALLIR CANVAS SKÓR
**30%**
AFSLÁTTUR

NÚ VERÐ FRÁ:
**2.447**

**ALLIR CANVAS SKÓR** Stærðir: 22 - 46 Vnr. 370-626021-313




**MÓTMÆLI Í EGYPTALANDI** Námsmenn hliðhollir Bræðralagi múslíma loka veginum með logandi dekkjum og söngla slagorð gegn lögreglu og her, rétt fyrir utan háskólann í Kaíró.




**SANDROK Í KÍNA** Fólk hylur andlit sitt í borginni Hami í Xinjiang-héraði í norðaustanverðu Kína, þar sem sandrok feykir einangrunarefni um göturnar.







**FLÓTTAMENN KOMA TIL LÍBANONS** Saleh Zawara kemur særður á hestbaki til bæjarins Chebaa í Líbanon, en hann varð fyrir sprengju frá skriðdreka þegar hann reyndi að fara með brauð inn í sýrlenska þorpið Beit Jinn. Sýrlenskir hermenn hafa setið um þorpið mánuðum saman. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**HERMIR EFTIR PÁFANUM Í RÓM** Plisku Julius er frá Slóvakíu en nælir sér í tekjur þessa dagana með því að klæða sig upp sem Jóhannes Páll II. páfi á götum Rómar og láta taka myndir af sér með ferðamönnum. NORDICPHOTOS/AFP




## Það er opið hjá okkur í dag frá klukkan 12 til 16.

Komdu og upplifðu stemninguna og byrjaðu að hlakka til ferðanna í sumar.
Við tökum gamla vagninn upp í nýjan - Verið velkomin.
Við verðum líka með opið um helgina laugardag og sunnudag frá klukkan 12 til 16.

Hobby

ADRIA



VÍKUR VERK

**VÍKURVERK EHF • VÍKURHVARF 6 • 203 KÓPAVOGUR • SÍMI 557 7720 • WWW.VIKURVERK.IS**

# SUMARHÁTÍÐ DORMA HOLTAGÖRÐUM KL. 12⁰⁰–18⁰⁰



## FABRIKKUBÍLLINN

Á MILLI KL. 12 OG 14 VERÐA FABRIKKUSMÁBORGARAR OG COKE Í BOÐI FYRIR UTAN INNGANGINN Í DORMA

ÍSLENSKA HAMBORGARAFABRIKKAN




## NATURE'S COMFORT

heilsurúm

Verðdæmi ➔ 160x200 cm



DORMA – býður góða nótt
SUMAR HÁTÍÐ
112.425
FULLT VERÐ 149.900

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Aldrei að snúa
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Steyptar kantstyrkingar
- Sterkur botn
- Heilsu- og hægindalag í yfirdýnu sem hægt er að taka af
- Burstaðar stállappir

Nature's Bedding

## SILO SVEFNSÓFI með tungu



DORMA – býður góða nótt
SUMAR HÁTÍÐ
89.990
FULLT VERÐ 139.900

Stærð: 228x162 H: 83 cm. Svefnsvæði 140x190 cm. Rúmatageymsla í tungu. Dökkgrátt slitsterkt áklæði.

## CLASSIC sófi – margir litir – NÝTT ÁKLÆÐI



DORMA – býður góða nótt
SUMAR HÁTÍÐ
112.425
FULLT VERÐ 149.900

## FLORIDA tungusófi



DORMA – býður góða nótt
SUMAR HÁTÍÐ
143.344
FULLT VERÐ 179.900

Stærð: 250 x 200 x 90 cm H: 70 cm. Slitsterkt ljósgrátt áklæði, hægri tunga.

## EASY hægindastóll með skemli



DORMA – býður góða nótt
SUMAR HÁTÍÐ
67.425
FULLT VERÐ 89.900

## TURIFORM Sængurföt



DORMA – býður góða nótt
SUMAR HÁTÍÐ
FRÁ KRÓNUM
5.925

## WINTERTIME SÆNG

30% dúnn – 70% smáfiður
1000 gr. 140x200 cm



DORMA – býður góða nótt
SUMAR HÁTÍÐ
11.925
FULLT VERÐ 15.900

**Holtagörðum, Reykjavík ✆ 512 6800**




**NÝTTU TÆKIFÆRIÐ**
**BARA Í DAG**
**FIMMTUDAG**

# DORMA

– býður góða nótt

# GLEÐILEGT SUMAR

# 25% AFSLÁTTUR

# AF ÖLLUM VÖRUM

# BARA Í DAG

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl og gilda á sumardaginn fyrsta og á meðan birgðir endast.

**OPNUNARTÍMI** Í HOLTAGÖRÐUM DAG SUMARDAGINN FYRSTA $12^{00}$ – $18^{00}$

Niðurstöður bandarískra vísindamanna:

# Borðsiðirnir betri ef maturinn er skorinn

Börn sem fá mat sem hefur verið skorinn í bita hegða sér betur á meðan á máltíð stendur en börn sem fá mat sem þau þurfa að bíta í með framtönnunum, eins og til dæmis kjúklingalæri, epli og maís. Tvöfalt meiri líkur voru á því að börn sem fengu þessar fæðutegundir ekki niðurskornar óhlýðnuðust fullorðnum og væru frekari við önnur börn. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Cornell-háskólanum í Bandaríkjunum. Vísindamenn við nokkra bandaríska háskóla stóðu að rannsókninni.

Tólf börnum á aldrinum sex til tíu ára var skipt niður í tvo hópa í sumarbúðum og var annar hópurinn látinn bíta í kjúkling með beini en hinn fékk kjúklinginn niðurskorinn. Daginn eftir fékk fyrri hópurinn niðurskorinn kjúklinginn en hinn óskorinn kjúkling.

**- ibs**



**KJÚKLINGALÆRI** Börn hegða sér verr við matarborðið þurfi þau að bíta í heilt kjúklingalæri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ráðleggingar Miðstöðvar slysavarna barna um þjálfun hjólreiða:

# Fótbremsur á fyrsta tvíhjólinu

Börn á tvíhjóli með hjálpardekkjum ná oft meiri hraða á hjólunum en þau ráða við. Ef foreldrar ákveða að velja tvíhjól með hjálpardekkjum er öruggast að barnið hjóli á svæði fjarri umferð. Þetta kemur fram á heimasíðu Miðstöðvar slysavarna barna, msb.is.

Þar er jafnframt bent á að þjálfa þurfi barnið í að bremsa og halda í hjólið niður brekkur. Forðast á að hjóla of nálægt gangstéttarbrúnum. Hafa þarf í huga að þegar börn beygja á tvíhjóli með hjálpardekkjum halla þau sér í öfuga átt. Það verður því flóknara fyrir þau að læra að beygja á venjulegu hjóli.

Þegar barnið hefur náð tökum á að hjóla sjálft á tvíhjóli án hjálpardekkja er þjálfun þess langt frá því að vera lokið, að því er segir á heimasíðu miðstöðvarinnar. Æfa þarf barnið í að taka beygjur, hemla og hjóla í halla. Þau þurfa einnig að taka tillit til gangandi vegfarenda og læra almennar umferðarreglur.

Fyrsta tvíhjól barnsins á að vera með fótbremsum. Barn á erfitt með að grípa utan um handbremsur á ferð þar sem það þarf að losa takið á stýrinu á meðan. Við það getur það misst jafnvægið og dottið.

**- ibs**



**Á REIÐHJÓLI** Mikilvægt er að reiðhjól barna séu með öllum nauðsynlegum öryggisbúnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON







## HVERFAHÁTÍÐIR Í TILEFNI SUMARDAGSINS FYRSTA

**VESTURBÆR**
Kl. 11. Skrúðganga frá Melaskóla að Frostaskjóli. Fjölskylduhátíð í Frostaskjóli til 12.30.

**MIÐBORG OG HLÍÐAR**
Kl. 13 til 15. Sumarhátíð á Klambratúni við Kjarvalsstaði.

**LAUGARDALUR**
Kl. 11 til 13. Sumarhátíð í Þróttheimum/Glaðheimum (við Holtaveg 11).

**GRAFARVOGUR**
Kl. 11.30. Skrúðganga frá Spöng að Rimaskóla. 11.45 til 14. Skemmtun í Rimaskóla, (Rósarima 11).

**MENNTASKÓLINN VIÐ HAMRAHLÍÐ**
Kl. 14 og kl. 16. Hamrahlíðarkórarnir. syngja. Ýmis skemmtiatriði.

**HÁALEITI**
Kl. 11 til 13. Sumarhátíð í Kringlumýri (Safamýri 28).

**BÚSTAÐAHVERFI**
Kl. 13 Skrúðganga frá Grímsbæ að Bústaðakirkju. Kl. 14 Gengið í Víkina. Dagskrá til kl. 16.

**BREIÐHOLT**
Kl. 13 til 15. Hátíðarhöld við félagsmiðstöðina Hólmasel (Hólmaseli 4 til 6).

**ÁRBÆR**
Kl. 11 Skrúðganga frá Árbæjarlaug að Árbæjarkirkju. 11.30 Helgistund í kirkjunni. Kl. 12-14 Sumarhátíð á Árbæjartorgi.

**GRAFARHOLT**
Kl. 12.30 Skrúðganga frá Sæmundarskóla að Guðríðarkirkju. Kl. 13.30 - 15.30. Sumarhátíð við Ingunnarskóla.

# Sumri fagnað í öllum borgarhverfum

Skrúðgöngur, helgistundir, skemmtanir, skátahorn og pylsur grillaðar í tilefni sumarkomu. Skemmtidagskrá verður við frístundamiðstöðvar og í sundlaugum.

Sumardeginum fyrsta verður fagnað með margvíslegri skemmtun fyrir börn og fullorðna, s.s. skrúðgöngum og hljóðfæraleik, í öllum hverfum Reykjavíkur. Meðal annars verður boðið upp á skemmtidagskrá við frístundamiðstöðvar og í sundlaugum.

Fjölskylduhelgistundir verða í nokkrum kirkjum borgarinnar.

Í félagsmiðstöðvum verður hægt að skemmta sér við að hoppa í hoppköstulum, grilla pylsur, horfa á danssýningar, hlusta á söng, fá kennslu í skylmingum, perluskálagerð og taka þátt í ýmsum keppnum og þrautum auk ýmislegs annars sem greint er frá á vef Reykjavíkurborgar, reykjavik.is, en þar er að finna ítarlega dagskrá.

Kórarnir í Hamrahlíð halda undir stjórn Þorgerðar Ingólfsdóttur upp á sumarkomu með skemmtun í hátíðarsal Menntaskólans við Hamrahlíð. Í fréttatilkynningu segir að kórfélagar vilji hressa fólk með góðri blöndu af vorvítamíni eftir kennaraverkfall og rysjótta tíð. Haldnir verða tvennir tónleikar, það er kl. 14 og 16.

Á milli tónleikanna og á eftir verða seldar kaffiveitingar. Þá verða ýmis skemmtiatriði og uppákomur, meðal annars hljóðfæraleikur og hljóðfærastofa, bangsa- og dúkkuspítali, vísindaog tilraunastofa, skátahorn, hárgreiðsla og andlitsmálun, ljósmyndastofa og fatamarkaður. Aðgangur er ókeypis.

**ibs@frettabladid.is**



**SKRÚÐGANGA** Hátíðirnar eru samstarfsverkefni frístundamiðstöðva, þjónustumiðstöðva og frjálsra félagasamtaka. FRÉTTABLADID/DANÍEL




DEBENHAMS
Gleðilegt sumar!
20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
SKÓM & TÖSKUM FRÁ:
THE COLLECTION
DEBENHAMS
redherring
faith
Gildir út sunnudag
Gerðu lífið skemmtilegra
ÚTSALAN HELDUR ÁFRAM. MIKIÐ ÚRVAL Á 70% AFSLÆTTI.
Opið í dag frá kl 13.00 - 18.00
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR
Finndu okkur á facebook

400 manns sóttu um:

## Tveir hönnuðir ráðnir til H:N

Þau Arnar Geir Ómarsson og Sigrún Hreinsdóttir hafa verið ráðin til starfa hjá fyrirtækinu H:N Markaðssamskiptum. Alls sóttu 400 manns um sex störf sem fyrirtækið auglýsti til umsóknar í síðasta mánuði.

„Arnar Geir og Sigrún bætast nú í ört stækkandi hóp starfsmanna H:N,“ segir Ingvi Jökull Logason, framkvæmdastjóri H:N Markaðssamskipta.

Bæði Arnar Geir og Sigrún eru hönnuðir. - skó

Lenging í Landsbankabréfinu dregur stórlega úr áhættu vegna hárra afborgana erlendra lána:

# Telja líkur á að blönduð leið verði farin

Afborganir erlendra ára verða þungar á næstu árum. Þar er helsta skýringin afborganir af skuldabréfi Landsbankans til forvera síns, LBI, vegna uppgjörs á yfirfærslu lánasafns gamla bankans til hins nýja, sem hefjast á þessu ári.

Greiningardeild Arion banka segir í Markaðspunktum sínum sem komu út í gær að lenging í þessu bréfi myndi draga stórlega úr áhættu tengdri jafnvægi á greiðsluflæði til og frá landinu á næstu árum. Þar segir deildin að tveir kostir séu færir; annars vegar að Landsbankinn gefi út skuldabréf erlendis líkt og hinir stóru bankarnir hafa gert á undanförnum tólf mánuðum og hins vegar að bankinn endursemji um skilmála bréfsins við LBI. Arion banki telur yfirgnæfandi líkur á að blönduð leið þessara kosta verði farin.

Sú aðgerð ein að lengja í skuld Landsbankans við LBI myndi nægja til þess að breyta halla á greiðslujöfnuði í afgang. Það myndi því ýmist birtast sem styrkingarþrýstingur á krónuna eða tækifæri fyrir Seðlabankann til að bæta í gjaldeyrisforðann. Ekki megi líta fram hjá því að eignastaða Landsbankans í erlendri mynt sé nokkuð sterk og hann mun samkvæmt eigin yfirlýsingum ekki þurfa á endurfjármögnun að halda fyrr en eftir árið 2015. Þannig bendi eftirstöðvagreining í ársreikningi bankans til þess að verulegar gjaldeyriseignir á efnahagsreikningi bankans muni losna á næstu tólf mánuðum. - fbj



**LANDSBANKABRÉFIÐ** Verði lengt í skuld Landsbankans við LBI mun halli á greiðslujöfnuði breytast í afgang. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**STREYMT AF INTERNETINU** Hægt verður að nálgast sjónvarpsefni af ýmsu tagi hjá Amazon. MYND/GETTY

Sjónvarpsefni í áskrift:

## Amazon og HBO í samstarf

Amazon hefur hafið samstarf við sjónvarpsstöðina HBO, en um er að ræða fyrsta streymissamninginn sem stöðin hefur gert. Hann mun bjóða fyrsta flokks meðlimum Amazon upp á að streyma sjónvarpsefni á borð við Sopranos og The Wire.

Amazon hefur verið að reyna að víkka út reksturinn og herja á ný mið eins og kvikmyndastreymi, rafbókasölu og matvöruverslun en það hefur bitnað á hagnaði fyrirtækisins.

Samningurinn mun ekki aðeins bjóða Amazon-áskrifendum upp á hágæða leikið sjónvarpsefni heldur einnig bíómyndir og spjallþætti. - fbj

Minnkaði um 6,8 prósent:

## Aflaverðmæti dregst saman

Aflaverðmæti íslenskra skipa á tólf mánaða tímabili frá febrúar 2013 til janúar 2014 dróst saman um 6,8 prósent miðað við sama tímabil ári áður. Verðmæti botnfiskafla dróst saman um 5,2 prósent milli tímabilanna. Hagstofan greinir frá þessu.

Í janúar var aflaverðmæti íslenskra skipa um 9,3 prósentum minna af þorski en í janúar 2013. Heildarverðmæti aflans var 38,7 prósent lægra í janúar 2014 en í janúar 2013, lítill loðnuafli hefur mest með það að segja. - fbj

# Evrópulöndin eru í hægum fjárhagsbata

**Tölur framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins sýna að Evrópuríkin eru hægt og rólega að ná árangri með fjárhagsvandræði sín. Vandinn er þó ekki horfinn, atvinnuleysi er víða mikið en nokkur árangur hefur samt sem áður náðst.**

Nýjar tölur frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sýna að ríki innan sambandsins eru hægt og rólega að ná að greiða úr fjárhagsvandræðum sínum.

Fjárlagahallinn lækkaði á síðasta ári – fyrir Evrópusambandsríkin í heild lækkaði hann úr 3,9 prósentum af landsframleiðslu á árinu 2012 í 3,3 prósent í fyrra. Á evrusvæðinu var lækkunin úr 3,7 prósentum í þrjú á sama tíma.

Ríkin eru samt sem áður að taka háar fjárhæðir að láni, sem gerir það að verkum að samanlagðar skuldir halda áfram að vaxa. Það mynstur hefur áhrif bæði á evrusvæðinu og á Evrópusambandið sem heild. Miklu getur munað milli ríkja, þar sem sum lönd fá mun minna lánað en leyfilegt er að hámarki.

Efnahagur þýska ríkisins var nálægt því að vera í jafnvægi, en Þjóðverjar tóku engin ný lán í fyrra. Lúxemborg náði smávægilegum tekjuafgangi og tókst þannig að lækka skuldir ríkisins að einhverju leyti. Önnur lönd náðu ekki að fylgja þriggja prósenta hámarkinu, Frakkland og Spánn voru tvö stór hagkerfi sem fóru yfir markið, en Ítalía hélt sig við hámarkið.

Tölurnar um Grikkland eru áhugaverðar. Þær virðast sýna að staðan þar í landi hafi versnað en við nánari athugun sést að ástæðan fyrir því er sú að kostnaðurinn við að styðja við grísku bankana spilar stóra rullu. Án þessa kostnaðar er staðan talsvert betri í Grikklandi. Þá eru Grikkir einnig að borga háa vexti af skuldum sínum og lætur einn talsmanna framkvæmdastjórnarinnar hafa eftir sér að staðan sé að batna hjá Grikklandi. Þó segja sumir að niðurskurðurinn hafi verið alltof mikill og valdið óþarflega miklum skaða. Með þessu hafa öll ríkin sem fengu aðstoð náð nokkrum árangri við fjármálin sín.

Á sama tíma og þessi ríki hafa dregið úr árlegri lánsfjárþörf sinni hefur baggi skulda þeirra þyngst. Þörfin fyrir sterkan hagvöxt er mikil til að létta byrðinni af ríkjunum jafnvel ef þau glíma áfram við fjárlagahalla.



**EVRUSVÆÐIÐ AÐ JAFNA SIG** Nýjar tölur frá framkvæmdastjórn ESB sýna að staðan er að batna í fjármálunum á meginlandinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Þannig er evrusvæðið byrjað að jafna sig, þar með talin nokkur þeirra ríkja sem nutu aðstoðar. Meira að segja Grikklandi, þar sem vandræðin byrjuðu, er spáð af sérfræðingum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins örlitlum vexti í ár. En yfir það heila er ekki búist við því af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins að Evrópa vaxi mikið í nánustu framtíð á þessu sviði. Ferlinu er langt því frá lokið, atvinnuleysi er víða mikið en þessar nýju tölur sýna samt sem áður nokkurn árangur.

fanney@frettabladid.is



**SAMKEPPNISFORSKOT** Þorsteinn Friðriksson forstjóri segir að þýðingin stuðli að fjölgun notenda. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vinsælastur í App Store:

## QuizUp slær í gegn á þýsku

QuizUp-snjalltækjaleikurinn sem íslenska tölvufyrirtækið Plain Vanilla gaf út á þýsku fyrir nokkrum dögum er orðinn sá vinsælasti í App Store-versluninni í Þýskalandi. Þetta er í fyrsta sinn sem leikurinn er gefinn út á öðru tungumáli en ensku en stefnt er að útgáfu leiksins fyrir öll stærstu málsvæði heims.

„Möguleikinn á því að spila QuizUp á þínu móðurmáli gefur okkur mikið samkeppnisforskot og mun stuðla að enn frekari fjölgun QuizUp-notenda,“ segir Þorsteinn Baldur Friðriksson, forstjóri Plain Vanilla, í tilkynningu. - fbj

Opna verslun í Boston:

## Primark fer til Bandaríkjanna

Breski fatarisinn Primark hyggst opna sína fyrstu verslun í Bandaríkjunum í lok árs 2015. Verslunin verður staðsett í Boston og mun spanna rúmlega 6.000 fermetra. Viðræður eru í gangi um að opna fleiri verslanir á austurströnd Bandaríkjanna fyrir mitt ár 2016.

Primark rekur fleiri en 250 verslanir í Evrópu og hefur vaxið hratt síðasta áratuginn. Fyrsta verslunin utan Bretlands var opnuð árið 2006 á Spáni. Síðan hafa slíkar verið settar á laggirnar í Hollandi, Portúgal, Þýskalandi, Belgíu, Austurríki og Frakklandi. - fbj






## Ný flugstöð á Heathrow opnuð í júní



**NÝ FLUGSTÖÐ** Flugstöð númer tvö á Heathrow-flugvellinum í Lundúnum hefur verið lokuð vegna viðgerða en nýja byggingin verður opnuð þann 4. júní næstkomandi og farþegum hleypt þar í gegn þann 23. sama mánaðar. Upphaflega byggingin var tekin í notkun árið 1955 og var elsta bygging Heathrow-flugvallar. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP










TÆKJALEIGA ER OPIN
8 til 18 virka daga,
10 til 16 laugardaga
og Sumardaginn fyrsta

GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR **AKRANES** x14






## FYLGI FLOKKANA







ÁRIÐ 2010
**6.549**
bjuggu á Akranesi

Í DAG
**6.699**
manns búa á Akranesi

Á KJÖRSKRÁ
**4797**

ÁRIÐ 2013
**316** milljónir
Hagnaður Akranesbæjar

Sjálfstæðisflokkurinn | Frjálsir með Framsókn | Samfylkingin | Vinstri hreyfingin grænt framboð | Björt framtíð

**Aðferðafræðin** Hringt var í 791 manns þar til náðist í 600 samkvæmt lagskiptu úrtaki þann 22. apríl. Svarhlutfallið var 77 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir aldri. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til sveitarstjórnarkosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern annan flokk? Það er gert í samræmi við aðferðafræði sem þróuð var á Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Alls tóku 63,6 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar.

# Sjálfstæðisflokkurinn er í sókn

Meirihluti Samfylkingar, Framsóknar og VG á Akranesi er fallinn samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Vinstri græn ná ekki inn manni. Sjálfstæðisflokkur sækir á og er stærsta stjórnmálaaflið. Almenn ánægja er með bæjarstjórann.

**Sveinn Arnarsson**
sveinn@frettabladid.is



Akranes er stærsta sveitarfélagið í NV-kjördæmi. Íbúar sveitarfélagsins voru 6.699 þann 1. janúar síðastliðinn og hefur þeim fjölgað lítið en jafnt undanfarin tíu ár. Á kjörskrá í sveitarstjórnarkosningum þann 31. maí verða 4.797 kjósendur.

Fimm framboð hafa tilkynnt framboð til sveitarstjórnar, Sjálfstæðisflokkurinn, Frjáls með Framsókn, Samfylkingin, Vinstri græn og Björt framtíð. Björt framtíð er nýtt framboð á sveitarstjórnarstiginu og mun bjóða fram vítt og breitt um landið.

Eftir síðustu sveitarstjórnarkosningar mynduðu Framsóknarflokkurinn, Samfylkingin og VG meirihluta í bæjarstjórn Akraness. Ráðinn var ópólitískur bæjarstjóri, Árni Múli Jónasson. Í lok árs 2012 hætti Árni Múli störfum sem bæjarstjóri á Akranesi vegna samstarfsörðugleika og samskiptavandamála við bæjarstjórn Akraness. Regína Ásvaldsdóttir var þá ráðinn sem bæjarstjóri og hefur hún gegnt stöðu bæjarstjóra síðan. Bæjarstjórn ber traust til Regínu og er vilji til þess innan þriggja framboða hið minnsta, Framsóknar, Samfylkingar og Bjartrar framtíðar, að Regína haldi áfram sem bæjarstjóri að loknum kosningum í vor.

### Meirihlutinn fallinn

Meirihluti Samfylkingar, Framsóknar og VG er fallinn samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2, þrátt fyrir að fá meirihluta atkvæða. Þetta skýrist af því að VG missa sinn bæjarfulltrúa með 8,9% fylgi. Samfylkingin tapar miklu fylgi og tveimur bæjarfulltrúum en Framsóknarflokkurinn heldur sínum tveimur mönnum í bæjarstjórn. Meirihlutaflokkarnir, sem eiga sjö bæjarfulltrúa í bæjarstjórn, fá samkvæmt þessu aðeins fjóra menn kjörna.

Björt framtíð kemur ný inn í sveitarstjórn á Akranesi og fær mann kjörinn með 15,6% fylgi. Sjálfstæðisflokkurinn nær aftur vopnum sínum frá kosningunum 2010. Í þeim kosningum tapaði flokkurinn tveimur mönnum en en samkvæmt könnuninni búinn að endurheimta þá bæjarfulltrúa.

Síðasta kjörtímabil hefur að nokkru leyti einkennst af átökum. Þótt ekki hafi í slegið í brýnu milli meirihluta og minnihluta í bæjarstjórn, og samvinnan þar verið með ágætum, hefur nokkurs kurrs gætt í bæjarkerfinu.

### Fyrrverandi ráðherra verður oddviti

Öll framboðin fimm hafa sett saman lista eða gefið út efstu menn fyrir sveitarstjórnarkosningarnar. Aðeins einn oddviti úr síðustu kosningum mun leiða framboð aftur. Það er Þröstur Þór Ólafsson hjá VG. Aðrir oddvitar koma nýir inn frá síðustu kosningum.

Fyrrverandi heilbrigðisráðherra, Ingibjörg Pálmadóttir, stígur aftur inn í stjórnmálin og leiðir Frjálsa með Framsókn. Hún var síðast í sveitarstjórn Akraness 1991 áður en hún settist á þing. Ingibjörg hætti bæði þingmennsku og sem ráðherra á miðju kjörtímabili 2001.

### Atvinnumál verða fyrirferðarmikil

Ólafur Adolfsson, oddviti Sjálfstæðismanna, vill að atvinnumál verði ofarlega á baugi í kosningabaráttunni. „Hér á Akranesi eru sterk fyrirtæki sem og á Grundartanga sem sækja mannauð á Skagann. Hér eru tækifæri sem verður að hlúa að. Á síðustu árum hefur lítið farið fyrir viðhaldi og fegrun bæjarins og ég held að því sem verður rætt í aðdraganda kosninga. Bæjarsjóður verður samt að vera rekinn áfram af ráðdeild og festu og munum við standa fyrir það.“

Um afstöðu Sjálfstæðismanna til sitjandi bæjarstjóra segir Ólafur að flokkurinn beri mikið traust til Regínu.

### Atvinna fyrir konur

Ingibjörg Pálmadóttir, oddviti Frjálsra með Framsókn, segir það gaman að vera komin aftur í sveitarstjórnarmálin eftir langt hlé. Hún telur að helstu málin í kosningunum verði að halda í þá hornsteina sem eru á Akranesi, skóla- og íþróttamál verði ofarlega á baugi og að starfsemi heilsugæslu, sjúkrahúss og dvalarheimilis aldraðra verði að vernda. „Hér þurfum við að berjast fyrir hverri einustu krónu frá hinu opinbera í rekstur heilbrigðisþjónustu.“

„Hér á Akranesi eru mjög öflug fyrirtæki og viljum við að grundvöllur þeirra sé styrktur í bænum. Einnig er ferðamennskan óskrifað blað hér og má segja að ferðaþjónusta sé óplægður akur á Akranesi,“ segir Ingibjörg.

Ingibjörg Valdimarsdóttir er nýr oddviti Samfylkingarinnar á Akranesi. Hún segir að samstarf meirihluta og minnihluta hafi verið gott á síðasta kjörtímabili og að samstaða hafi myndast um stóru málin á kjörtímabilinu.

„Bæjarsjóður stendur vel í dag, við höfum verið að greiða niður skuldir á síðasta kjörtímabili og skiluðum bæjarsjóði með um 300 milljóna afgangi á síðasta ári, langt umfram áætlun. Efling atvinnulífsins verður líklega einnig í umræðunni í komandi kosningabaráttu. Hér til dæmis vantar störf fyrir menntað fólk og konur.“

### Skólamál og Sementsreiturinn

Vilborg Þórunn Jónsdóttir, Bjartri framtíð, telur atvinnu-, skóla- og skipulagsmál verða stóru málin í kosningunum í vor. „Uppbygging á sementsreitnum, nýr miðbær og skólamannvirki munu verða ofan á. Annar skólinn er sprunginn og það þarfnast úrræða þar.“

„Einnig viljum við í Bjartri framtíð leggja áherslu á að minnihlutahópar verði með í ráðum þegar málefni þeirra eru rædd og aukið gegnsæi og að auka aðgang íbúa að upplýsingum frá bænum,“ segir Vilborg.

Þröstur Þór Ólafsson er oddviti VG. „Áframhaldandi aðhald í rekstri skiptir Akranes miklu máli í takt við að auka viðhald á fasteignum bæjarins og opnum svæðum. Við í VG munum standa vörð um velferðarkerfið og þrýsta á Orkuveituna um að klára fráveitumálin. Sementsreiturinn verður einnig fyrirferðamikill. Koma verður hugmyndum um uppbygginguna á reitnum í ákveðinn farveg að loknum kosningum.“

## FRAMBOÐSLISTAR Á AKRANESI

### BF Besti flokkurinn



**1. sæti** **Vilborg Þórunn Guðbjartsdóttir,** *grunnskólakennari*

**2. sæti** Svanberg Júlíus Eyþórsson *verkamaður hjá Elkem*

**3. sæti** Anna Lára Steindal *verkefnastjóri mannréttindamála*

**4. sæti** Kristín Sigurgeirsdóttir *skólaritari*

### D Sjálfstæðisflokkurinn



**1. sæti** **Ólafur Adolfsson** *lyfsali*

**2. sæti** Sigríður Indriðadóttir *mannauðsstjóri*

**3. sæti** Einar Brandsson *tæknistjóri*

**4. sæti** Valdís Eyjólfsdóttir *viðskiptafræðingur MBA*

### B Frjálsir með Framsókn



**1. sæti** **Ingibjörg Pálmadóttir** *hjúkrunarfræðingur*

**2. sæti** Jóhannes Karl Guðjónsson *knattspyrnumaður*

**3. sæti** Sigrún Inga Guðnadóttir *lögfræðingur*

**4. sæti** Elinbergur Sveinsson *kennari*

### S Samfylkingin



**1. sæti** **Ingibjörg Valdimarsdóttir** *bæjarfulltrúi/framkvæmdastjóri*

**2. sæti** Valgarður Lyngdal Jónsson *grunnskólakennari*

**3. sæti** Gunnhildur Björnsdóttir, *bæjarfulltrúi/grunnskólakennari*

**4. sæti** Kristinn Hallur Sveinsson, *landfræðingur.*

### V Vinstri hreyfingin grænt framboð



**1. sæti** **Þröstur Þ. Ólafsson** *kennari og bæjarfulltrúi*

**2. sæti** Reynir Þór Eyvindsson *verkfræðingur*

**3. sæti** Elísabet Ingadóttir *viðskiptafræðingur*

**4. sæti** Hjördís Garðarsdóttir *aðstoðarvarðstjóri á Neyðarlínunni*


TAXFREE
24.–30. APRÍL
AF SMÁVÖRU OG SUMAR-HÚSGÖGNUM
A WORLD OF INSPIRATION
PIER
FOR YOUR HOME
OPIÐ Á SUMARDAGINN FYRSTA
REYKJAVÍK: 12.00–18.00
AKUREYRI: 13.00–17.00
Hengistóll
áður 7.990.- nú 6.366.-
TVEIR FLOTTIR SÓFAR Á TAXFREE
Stóll
áður 9.990.-
nú 7.960.-
ANTON&BERGUR
Symfony á Taxfree verði
áður 249.900.- nú 199.120.-
HOME
HOME og LOVE
áður 8.990 nú 7.163.-
LOVE
Haag á Taxfree verði
áður 199.900 og nú 159.280.-
Lukt rauð áður 5.990 nú 4.773.-
Lukt blá áður 3.990.- nú 3.179.-
Blómapottar
frá 1.790.-
nú 1.427.-
Snagar 6.990.- nú 5.570.-
the PIER
Herbs pottarnir
frá 3.990.- nú 3.179.-
HERBS
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

# SKOÐUN

Guðni Ágústsson íhugar framboð í borgarstjórn:

## Fyrir hag höfuðborgarinnar?

Guðni Ágústsson, fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins og landbúnaðarráðherra, ætlar að tilkynna í dag hvort hann verði við áskorunum um að taka fyrsta sætið á framboðslista flokksins fyrir borgarstjórnarkosningar í Reykjavík.



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Það er reyndar dálítið einkennileg hugmynd að fá sveitahöfðingjann Guðna í framboð í Reykjavík. Hann nýtur að vísu persónulegra vinsælda, er manna skemmtilegastur og hefur undanfarin ár verið eftirsóttur uppistandari á þorrablótum og karlakvöldum íþróttafélaga. Kannski hugsa framsóknarmenn í Reykjavík sem svo að grínistum hafi gengið vel í síðustu borgarstjórnarkosningum og það megi reyna aftur.

En framboð Jóns Gnarr og félaga var ádeila á hefðbundna flokka- og valdapólitík. Það er einmitt jarðvegurinn sem Guðni Ágústsson er sprottinn úr. Nánast allur hans stjórnmálaferill er helgaður sérhagsmunagæzlu fyrir eina atvinnugrein, landbúnaðinn.

Því hefur fylgt að Guðni hefur verið afskaplega lítill talsmaður höfuðborgarinnar eða hagsmuna hennar. Hann hefur verið einarður talsmaður landbúnaðarkerfis sem hyglar framleiðendum sem flestir eru á landsbyggðinni, á kostnað neytenda á höfuðborgarsvæðinu. Hann lagði einu sinni fram svohljóðandi fyrirspurn á þingi: „Hvað hyggst samgönguráðherra gera til að draga úr innflutningi matvæla með ferðafólki?“ Hann var ekki að grínast.

Guðni hefur talað gegn því að íbúar höfuðborgarinnar njóti jafns atkvæðisréttar á við íbúa dreifbýliskjördæmanna. Hann hefur meira að segja flutt þingmál um að borgarbúar eigi að borga hærri skatta en fólkið á landsbyggðinni, í þágu byggðasjónarmiða. Sú tillaga var heldur ekki sett fram sem brandari og sennilega þætti reykvískum kjósendum ekki fyndið ef maður sem er í framboði til borgarstjórnar héldi þessari skoðun fram.

Guðni sagði fyrr í vikunni að Framsóknarflokkurinn ætlaði að verja flugvöllinn í Vatnsmýrinni. Það er hörð afstaða, af því að með henni taka framsóknarmenn beinlínis afstöðu gegn því ferli sem flugvallarmálið hefur verið sett í, að starfshópur skoði möguleika á annarri staðsetningu innanlandsflugvallar á höfuðborgarsvæðinu. Þeir útiloka því fyrir fram sátt sem gæti byggzt á að byggingarland í Vatnsmýri yrði losað með því að færa flugvöllinn, en Reykjavík yrði áfram miðstöð innanlandsflugsins.

Í fréttum okkar á Stöð 2 á þriðjudagskvöldið var rifjað upp að fyrir þingkosningarnar 2007 hafði Guðni allt aðra stefnu og vildi færa innanlandsflugið til Keflavíkur. Þegar þessar mótsagnir í málflutningi voru bornar undir Guðna sagðist hann hafa skipt um skoðun eftir að hafa kynnt sér málið betur; hann hefði haft rangt fyrir sér árið 2007.

Að sjálfsögðu leyfist fólki að skipta um skoðun. Eins og Guðni hafði sjálfur einu sinni eftir Ólafi Jóhannessyni forvera sínum á formannsstóli Framsóknarflokksins: „Það hefur enginn bannað mér að vera vitrari í dag en ég var í gær.“

Ákveði Guðni í dag að taka oddvitasætið á framboðslista Framsóknar í borginni, er hins vegar full ástæða til að kjósendur í Reykjavík spyrji hann á næstunni hvort hann hafi líka skipt um skoðun í flestum þeim málum sem hafa skilgreint stjórnmálaferil hans. Er hann nú skyndilega orðinn baráttumaður fyrir hagsmunum Reykvíkinga?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Yfirgefa skipið

Jórunn Frímannsdóttir, fyrrverandi borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, sagði sig úr honum með pompi og prakt í bloggfærslu í fyrradag. Þar sagðist hún meðal annars ekki sjá sér fært að taka heiðurssæti á lista flokksins til borgarstjórnarkosninga sem fara fram eftir rúmlega mánuð. Hún segir frá sögu evrópusinnaðra einstaklinga innan flokksins, hvernig reynt var að ná sáttum við andstæðingana og hvernig formaðurinn, Bjarni Benediktsson, kom með útspil fyrir kosningar sem gerði það að verkum að þeim fannst enn vera von. Síðan hefur margt breyst og er Jórunn á meðal þeirra sem standa að stofnun nýs flokks. Jórunn er ekki sú eina sem finnur sig í þessari stöðu og hafa nokkuð margir lýst yfir áhuga á því að ganga til liðs við þennan óstofnaða flokk hingað til. Flestir flokkar reyna að laða til sín fólk. Aðrir virðast keppast við að segja fólki að koma sér í burtu.



### Kalt á toppnum

Það er ljóst að það að fara út í pólitík og sér í lagi að taka að sér forystuhlutverk verður sjaldnast til þess að fólk afli sér mikilla vinsælda. Að minnsta kosti ekki í seinni tíð. Pannig greinir MMR frá því í gær að samkvæmt könnun þeirra búa þeir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Árni Páll Árnason og Bjarni Benediktsson ekki yfir neinum sérstökum eiginleikum, líkt og heiðarleika, persónutöfrum og meðfæddum leiðtogahæfileikum. Þó eru undantekningar á þessari könnun; Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, og Jón Gnarr borgarstjóri skoruðu jafnan hæst í þessari könnun og töldu aðspurðir þau vera heiðarleg í tengslum við almenning. Það kom síðan lítið á óvart að með þeim Katrínu og Jóni kom teflon-forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, nokkuð vel út úr þessum spurningum.



fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Gleðilegt sumar

SAMFÉLAG



**Hanna Birna Kristjánsdóttir**
innanríkisráðherra

Í dag fögnum við fyrsta degi sumars. Þótt íslenska veðrið gefi ekki alltaf til kynna upphaf þess tíma látum við Íslendingar það lítið á okkur fá og fögnum sumarkomu, hvort sem það blæs, rignir eða snjóar.

Það er þessi kraftur og þessi bjartsýni sem gerir samfélagið okkar svo sérstakt og skapar svo mörg tækifæri til sóknar og sérstöðu. Veðurbrigðin í lífinu eiga nefnilega jafnt við um samfélög, fjölskyldur og einstaklinga. Það skiptast einfaldlega á skin og skúrir, en á okkur öllum hvílir samt alltaf sú ábyrgð að halda samt áfram – ganga yfir skaflana og standa af okkur stormana svo njóta megi síðar sólar og sumars.

Þetta er viðhorfið sem þarf að einkenna Ísland, sem nú stendur á tímamótum og tekst á við nýjar áskoranir, nýja framtíð. Bjartsýnin, gleðin og sóknarhugurinn sem tengist sumarkomunni þarf að einkenna samfélagið á hverjum degi. Þannig höfum við náð árangri í fortíðinni og þannig munum við áfram ná árangri. Við stjórnum ekki því sem liðið er en við getum haft áhrif á framtíðina.

Burtséð frá einstaka verkefnum þá er sátt og samstaða um það að halda áfram – gera betur í dag en í gær – mikilvægara en flest annað fyrir framtíðina. Að vera sammála um að stefna lengra, nýta tækifærin og hafa trú á okkur sjálf og fólkið okkar skapar forsendur til að byggja upp frábært samfélag til framtíðar. Við getum tekist á um einstaka dægurmál á málefnalegan hátt en verið sammála um að gera alltaf það besta fyrir land okkar og þjóð.

**➜ Bjartsýnin, gleðin og sóknarhugurinn sem tengist sumarkomunni þarf að einkenna samfélagið á hverjum degi. Þannig höfum við náð árangri í fortíðinni og þannig munum við áfram ná árangri.**

Í dag er því við hæfi að taka sameiginlega ákvörðun um einmitt það. Þegar við fögnum sumri að íslenskum sið á þessum góða degi – flöggum fánum okkar og njótum samveru með okkar nánustu – skulum við því um leið taka á móti nýjum tímum með þeim góðu fyrirheitum, krafti, bjartsýni sem hefur, á og verður að einkenna þessa þjóð á einmitt þessum degi.

*Gleðilegt sumar.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Sjálftöku landeigenda verður að stöðva

LANDVERND



**Stefán Þ. Þórsson**
landfræðingur

Það var fróðlegt að hlusta á Óskar Magnússon í útvarpinu um daginn, þar sem hann reynir að réttlæta sína ólögmætu gjaldtöku við Kerið fyrir Ögmundi Jónassyni. Þar vísar Óskar í 28. grein laga um skipan ferðamála. Greinin er svohljóðandi:

*„Ráðherra er heimilt að ákveða, að fenginni umsögn Ferðamálastofu, að greitt skuli sanngjarnt gjald fyrir þjónustu sem veitt er á ferðamannastöðum enda sé fé það sem þannig safnast, að frádregnum innheimtukostnaði, eingöngu notað til verndar, fegrunar og snyrtingar viðkomandi staðar og til að bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna.*

*Ákvæði þessi taka þó ekki til þjóðgarða eða annarra svæða á vegum Umhverfisstofnunar nema samþykki hennar komi til.“*

Ef þetta er hálmstráið sem hangið er í, þá skulum við skoða það aðeins nánar. Í fyrsta lagi þarf ráðherra að gefa út þessa heimild, eftir að Ferðamálastofa hefur gefið umsögn um viðkomandi svæði. Umsögnin væri þá forsenda fyrir gjaldtökuheimild ráðherra. Í tilviki Kersins er ekkert slíkt til staðar, svo ég viti til.

Í öðru lagi er talað um *„sanngjarnt gjald fyrir þjónustu sem veitt er á ferðamannastöðum“*. Hér er þá verið að tala um aðgang að salernum eða hreinlætisaðstöðu og öðru slíku. Aðgangseyrir inn á svæðið, án allrar þjónustu, er fullkomin misnotkun á þessu ákvæði og getur aldrei verið réttlæting á téðu gjaldi.

Í þriðja lagi, þá stendur eftirfarandi í lokin: *„Ákvæði þessi taka þó ekki til þjóðgarða eða annarra svæða á vegum Umhverfisstofnunar nema samþykki hennar komi til.“*

Nú er Kerið á náttúruminjaskrá og þar með náttúruverndarsvæði samkvæmt náttúruverndarlögum.

Samkvæmt 28. grein laga um náttúruvernd frá 1999 eru öll náttúruverndarsvæði í umsjón Umhverfisstofnunar, nema annað sé tekið fram í lögum.

Þannig að lögum samkvæmt eru Kerið og Tjarnarhólar í umsjón Umhverfisstofnunar, þó svo að landareignin sé í einkaeigu.

Sú uppbygging sem er til staðar á svæðinu (aðkoma, bílastæði, göngustígar o.s.frv) hefur verið kostuð af almannafé. Það hefði aðeins verið gert ef svæðið væri í opinberri umsjón.

Svo virðist sem ekkert af skilyrðum ákvæðisins sem Óskar vísar til sé uppfyllt. Engu að síður er þessi ólöglega miðasala að Kerinu látin viðgangast af umhverfisráðuneytinu og Umhverfisstofnun.

**Brot á almannarétti**

Það virðist einnig gæta misskilnings hjá Óskari hvað varðar ákvæðið um almannarétt. Það er svohljóðandi:

*„Mönnum er heimilt, án sérstaks leyfis landeiganda eða rétthafa, að fara gangandi, á skíðum, skautum og óvélknúnum sleðum eða á annan sambærilegan hátt um óræktað land og dveljast þar. Á eignarlandi í byggð er eiganda eða rétthafa þó heimilt að takmarka eða banna með merkingum við hlið og göngustíga umferð manna og dvöl á afgirtu óræktuðu landi.“*

Hann túlkar heimild landeiganda til að takmarka eða banna umferð fólks á þann hátt að honum sé heimilt að krefjast aðgangseyris ef fólk vill fara um hans land.

**➜ Svo virðist sem ekkert af skilyrðum ákvæðisins sem Óskar vísar til sé uppfyllt.**

Það er ævintýraleg oftúlkun og hrein óskhyggja að komast að þeirri niðurstöðu að ákvæðið bjóði upp á það.

Það eina sem landeigendur við Kerið geta gert, lögum samkvæmt, er að loka svæðinu. Það myndi vissulega vera ákveðin náttúruvernd falin í því, en arðgreiðslurnar þurfa þá að bíða um sinn.

Reyndar þyrftu þeir í Kerfélaginu að bíða býsna lengi eftir arðgreiðslum, þar sem þær eru óheimilar samkvæmt ákvæðinu sem Óskar vísar í. Hins vegar má kannski túlka á annan hátt það sem stendur þar skýrum stöfum, ef vilji er fyrir hendi.

# Lýsing á Lýsingu

FJÁRMÁL



**Einar Hugi Bjarnason**
hæstaréttarlögmaður

Þór Jónsson, upplýsingafulltrúi Lýsingar, ritar sérkennilega grein í Fréttablaðið þann 15. apríl sl. þar sem hann fjallar um blaðagrein sem ég ritaði í sama blað þann 4. sama mánaðar. Í grein minni var þeirri áskorun beint til alþingismanna að samþykkja sem lög frá Alþingi frumvarp sem nú liggur fyrir þinginu og felur í sér að fyrningarfrestur uppgjörskrafna vegna ólögmætrar gengistryggingar, sem að óbreyttu rennur út 16. júní nk., framlengist til 16. júní 2018.

**„Fyrirmyndarfyrirtækið“ Lýsing**

Sú mynd sem fulltrúi upplýsingamála Lýsingar dregur upp í grein sinni af fyrirtækinu sem hann þiggur laun hjá er fjarri öllum sanni. Af lýsingu hans að dæma mætti ætla að vinnuveitandi hans væri fyrirmyndarfyrirtæki sem ávallt hefði komið fram við viðskiptavini sína af sanngirni og sáttfýsi. Hið rétta er hins vegar, eins og viðsemjendur félagsins og raunar allir þeir sem fylgst hafa með þjóðmálaumræðu síðustu ára vita, að Lýsing bauð þúsundum viðskiptavina sinna upp á samninga sem ekki stóðust lög þegar á reyndi, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar í máli nr. 153/2010. Þrátt fyrir þetta hefur Lýsing beitt mikilli hörku í innheimtuaðgerðum gegn viðsemjendum sínum á þessum sömu lánum. Fyrirsögn greinar upplýsingafulltrúans „Lýsing byggir á lögum“ eru því ein mestu öfugmæli sem birst hafa á prenti hér á landi á síðustu árum.

**Óvenjulega mikill áhugi á Lýsingu**

Í grein upplýsingafulltrúans fullyrðir hann að ég hafi „um árabil haft óvenjulega mikinn áhuga á Lýsingu“. Ekki veit ég hvaða viðmið Þór leggur til grundvallar þegar hann segir að áhuginn sé óvenjulegur en ég get upplýst hann um að „áhugi“ minn á Lýsingu er alfarið þannig tilkominn að til mín hafa leitað, á síðustu árum, mörg hundruð viðsemjenda félagsins sem telja sig hafa verið órétti beitta í viðskiptum sínum við fyrirtækið. Þetta er í samræmi við það sem fram kemur í nýlegu minnisblaði umboðsmanns skuldara til ráðherra þar sem fram kemur að lántakar hafi í mörgum tilvikum verið fórnarlömb fjármálafyrirtækjanna og hafi þurft að leita sér aðstoðar í baráttunni við þau. Umboðsmaður telur ástæðu til að nefna Lýsingu sérstaklega í þessu sambandi og segir orðrétt að „Lýsing [hafi] komið fram við lántakendur í þessum málum með þeim hætti að ekki verður við unað“.

**Útreikningsaðferð Lýsingar röng**

Í fyrri blaðagrein minni benti ég á að uppgjörsaðferð Lýsingar væri í andstöðu við dómafordæmi Hæstaréttar. Í grein upplýsingafulltrúans er þetta dregið í efa og vísað til tiltekinna dóma Hæstaréttar því til stuðnings. Hér er Þór á villigötum og rangtúlkar dóma Hæstaréttar, sem eru skýrir um hvaða aðferð ber að beita við uppgjör gengislána. Þannig kemur skýrt fram í dómi Hæstaréttar 18. október 2012 í máli nr. 464/2012 (Borgarbyggð) hvaða aðferð skuli leggja til grundvallar. Síðari dómar réttarins t.d. í málum nr. 430/2013 og 544/2013 staðfesta þann skilning.

**➜ Þrátt fyrir skýr dómafordæmi Hæstaréttar þráast Lýsing við og beitir aðferð sem leiðir til lakari niðurstöðu fyrir lántaka.**

Það er ljóst að ef útreikningsaðferð Lýsingar væri í samræmi við dómafordæmi Hæstaréttar, líkt og upplýsingafulltrúinn heldur fram, fæli það í sér að önnur fjármálafyrirtæki á Íslandi, með öllum þeim fjölda sérfræðinga sem þar starfa, hefðu lesið dóma Hæstaréttar skakkt og reiknað tugþúsundir lána út frá rangri aðferðafræði. Hið sama ætti þá við um umboðsmann skuldara, sem falið hefur verið eftirlitshlutverk með endurútreikningum. Þetta er fjarstæðukennt og stenst ekki nánari skoðun.

Þrátt fyrir skýr dómafordæmi Hæstaréttar þráast Lýsing við og beitir aðferð sem leiðir til lakari niðurstöðu fyrir lántaka. Þetta er grafalvarlegt í ljósi þeirra hagsmuna sem í húfi eru. Viðsemjendur Lýsingar eru því í annarri og verri stöðu en viðsemjendur annarra fjármálafyrirtækja, enda liggur fyrir að hin síðarnefndu fallast á að beita þeirri aðferð sem leiðir af Borgarbyggðarmálinu. Afstaða Lýsingar hefur þannig í för með sér að viðsemjendur Lýsingar eru nauðbeygðir til að sækja rétt sinn fyrir dómstólum.

**Frumvarp um lengingu fyrningarfrests**

Ég hef kosið að taka afstöðu með viðsemjendum Lýsingar í baráttu sinni fyrir því að eignaleigufyrirtækið fari að lögum. Ég get því fullvissað upplýsingafulltrúann um að ég mun eftir sem áður fylgjast með „óvenjulega“ miklum áhuga með vinnuveitanda hans. Dæmin sanna að ekki er vanþörf á. Til þess að réttindi lántaka glatist ekki er nauðsynlegt að frumvarpið um lengingu fyrningarfrestsins verði samþykkt sem lög frá Alþingi áður en vorþingið rennur sitt skeið. Ég ítreka því fyrri áskorun mína til alþingismanna enda er að öðrum kosti stórslys í uppsiglingu.

# Leikskólakennaranám – Öruggt framtíðarstarf

MENNTUN



**Jóhanna Einarsdóttir**
forseti Menntavísindasviðs HÍ

Leikskólastigið er fyrsta skólastigið í skólakerfinu. Þar fer fram nám sem m.a. leggur grunn að námi á öðrum skólastigum. Auknar kröfur eru gerðar til leikskólakennara og fer kennslan fram við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Um þessar mundir standa þessar menntastofnanir, auk mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga, fyrir kynningarátaki með það að markmiði að fjölga vel menntuðum og hæfum leikskólakennurum. Í átakinu sem hlotið hefur heitið „Framtíðarstarfið“ er leitast við að sýna starfið í raunsæju ljósi með stuttum myndböndum og viðtölum við leikskólakennara og nemendur. Auk þess verður ítarlegt fræðsluefni um starfið aðgengilegt á vefsíðunni www.framtidarstarfid.is.

**Menntun leikskólakennara**

Nám kennara á öllum skólastigum er nú fimm ár skv. lögum frá 2008. Við Menntavísindasvið Háskóla Íslands (MVS) er boðið upp á nokkrar leiðir til að stunda leikskólakennaranám. Fyrstu nemendur í nýju fimm ára meistaranámi verða brautskráðir nú í vor. Nú geta einnig þeir sem hafa lokið B.A.-, B.Ed.- eða B.S.-prófi í öðrum greinum bætt við sig tveimur árum á meistarastigi og fengið réttindi sem leikskólakennarar.

Síðastliðið haust var á vegum MVS lögð fyrir könnun meðal starfsfólks leikskóla og nemenda í framhaldsskólum, þar sem áhugi þeirra á leikskólakennaranámi var kannaður og þeir spurðir að því hvaða þættir hefðu áhrif á námsvalið. Í ljós kom mikill áhugi á stuttu hagnýtu námi. Brugðist hefur verið við þessum niðurstöðum og settar á fót styttri námsleiðir við sviðið. Leikskólakennaranáminu má nú einnig ljúka í ákveðnum þrepum. Hægt er að ljúka tveggja ára diplómanámi eða þriggja ára B.Ed.-námi í leikskólafræði og byggja ofan á það nám þegar hverjum og einum hentar.

Af hverju ætti fólk að sækjast eftir því að gerast leikskólakennarar?

- Leikskólakennarar hafa möguleika á að hafa veruleg áhrif á framtíð einstaklinga. Samfélagsleg áhrif þeirra eru mikil.
- Námið býður upp á möguleika á framtíðarstarfi þar sem atvinnuleysi þekkist ekki. Nú vantar um 1.300 leikskólakennara á landinu.
- Starfið er fjölbreytt og skapandi. Enginn dagur í vinnunni er eins.
- Leikskólakennaranámið er sveigjanlegt og áhugavert. Nemendur geta stundað námið í fjarnámi, staðnámi eða hvoru tveggja.
- Í leikskólakennaranámi býðst tækifæri til að taka þátt í rannsóknum á leikskólastiginu og þannig hafa áhrif á viðhorf og stefnumótun í málefnum barna.

Líðan barna og nám í leikskóla getur skipt sköpum fyrir framtíð þeirra. Það er því nauðsynlegt að til starfa í leikskólum veljist vel menntað og hæft fólk. Samfélag okkar hefur ekki efni á öðru.




# SUMAR HÁTÍÐ

GLEÐILEGT SUMAR

## Öll reiðhjól

**20% afsláttur**

aðeins í dag
MIKIÐ ÚRVAL!




## Grill tilboð

aðeins í dag
MIKIÐ ÚRVAL!



**Gasgrill Weber**
**39.890 kr.**
Q120 svart ferðagrill

weber
**Weber Q120**
Brennari: 2,64 kW
Grillflötur: 42x32 cm
3000244

OUTBACK



**Gasgrill Solo**
**32.900 kr**
~~39.900~~

**Sunset Solo 3**
Grillflötur:628x406mm
3 ryðfríir brennarar, 9,67 kW
3000393

OUTBACK



**Gasgrill Drifter**
**54.900 kr**
~~64.900~~

**Drifter 3**
Grillflötur: 625x434 mm
3 ryðfríir brennarar,10,5 kW
3000213

BUGG



**Gasgrill BUGG**
**69.890 kr**
~~75.890~~
Með undirvagni

**BUGG gasgrill**
Grillflötur: 1860cm²
2 brennarar 5.86 kW.
3000223

**Mjög vandað trampolín.**
**Öryggisnet fylgir.**

**Hugsaðu um öryggið**
Okkar trampolín er sérvalið með tilliti til öryggis.
Öryggisnet er fest fyrir innan gormahlíf og 6 fætur undir trampolíninu gerir það traust og stöðugt.
3900557

**Trampolín 3.65 m**
**32.900 kr.**
~~39.900~~





**Hekkklippur**
**2.995 kr**
~~4.995~~

**Hekkklippur Green-It**
Stillanleg lengd á haldi 67-90cm.
5084774



**Laufhrífa**
**995 kr**
~~1.295~~

**Laufhrífa Green-It**
5084343



**Kantskeri**
**2.495 kr**
~~3.995~~

**Kantskeri Green-It**
5084405

# Dagskrá í dag, Húsasmiðjan og Blómaval Skútuvogi kl. 13-16

- Andlitsmálun fyrir börnin
  Frá Sirkus Íslands
- Ókeypis ís fyrir börnin
- Allir fá pylsu og kók



## Lærðu að rækta matjurtir.

Kynning í dag
í Skútuvogi og Grafarholti.

Tillaga þessi liggur frammi hjá fulltrúa skipulags- og byggingarmála í Skaftárhreppi, Klaustursvegi 10, 880 Kirkjubæjarklaustri, og á heimasíðu Skaftárhrepps www.klaustur.is. **Frá 30.apríl til og með 11.júní 2014.** Athugasemdafrestur við tillögu þessa er til kl.16:00, fimmtudaginn 11.júní 2014. Athugasemdum ef einhverjar eru skal skila skriflega á skrifstofu Skaftárhrepps, Klaustursvegi 10, 880 Kirkjubæjarklaustri,. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna tejast samþykkir þeim.

**Fh.Skaftárhrepps**
***Vigfús Þór. Hróbjartsson***
***Fulltrúi skipulags-og byggingarmála***
***Skaftár- og Mýrdalshreppi***

## atvinna

**Vísir hf óskar eftir að ráða yfirvélstjóra til afleysingar á Pál Jónsson GK 7 dagana 27.apríl- 11.maí**
Páll Jónsson er línuveiðiskip með beitningarvél. Nánari upplýsingar eru gefnar í síma 856-5700, 861-1309 eða 856-5765.
**www.visirhf.is.**

VÍSIR

### Grunnskólakennarar, umsjónarmaður Skólasels

**Grunnskólinn í Sandgerði óskar eftir starfsfólki í eftirfarandi störf skólaárið 2014-2015**

**Lausar stöður grunnskólakennara:**

Umsjónarkennarar á yngsta- mið og elsta- stigi

Sérkennari/kennsla í sérdeild

List- og verkgreinakennara
- Leiklist
- Heimilisfræði
- Smíðakennsla

**Umsækjendur þurfa að:**
- Hafa kennaramenntun og réttindi til kennslu í grunnskóla
- Hafa góða hæfni í mannlegum samskiptum
- Vera áreiðanlegir, faglegir og sjálfstæðir í vinnubrögðum
- Hafa vilja til að ná árangri og til þróunar í starfi
- Hafa reynslu af starfi með börnum
- Hafa þekkingu á hugmyndum Uppbyggingastefnunnar eða vera tilbúinn að kynna sér hana.

**Umsjónarmaður Skólasels**

Skólasel er frístundarheimili nemenda yngstu bekkja grunnskólans. Starfsemin fer fram frá kl 13.15- 16.00 mánudaga til fimmtudaga og 13.15 – 15.00 á föstudögum á starfstíma skóla.

**Umsjónarmaður sér um daglegt starf í samstarfi við skólastjórnendur, sinnir faglegum störfum og innkaupum.**

**Umsækjandi þarf að:**
- Hafa reynslu af starfi með börnum
- Geta starfað sjálfstætt og sýnt frumkvæði
- Hafa góða hæfni í mannlegum samskiptum
- Vera áreiðanlegur og faglegur
- Hafa vilja til að ná árangri og til þróunar í starfi
- Hafa þekking á hugmyndum Uppbyggingastefnunnar eða vera tilbúinn að kynna sér hana.

Menntun sem nýtist í starfi er kostur.

Leiðarljós skólans eru vöxtur, virðing, vilji og vinátta og endurspeglast þau í daglegu starfi skólans. Skólinn starfar samkvæmt hugmyndafræði Uppbyggingar stefnunnar. Viðkomandi þarf að vera tilbúinn að setja sig inní starfshætti skólans og geta hafið störf 1. ágúst 2014.
**Umsóknarfrestur er til og með 8. maí 2014.**

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu berast til skólastjóra á skrifstofu skólans eða á netfangið **fanney@sandgerdisskoli.is**
Upplýsingar veitir skólastjóri í síma 4207500 eða **fanney@sandgerdisskoli.is.**



Stöð 2 | KL. 20:40
**The Blacklist**
Vandaðir spennuþættir með James Spader í aðalhlutverki.

# Fjölbreytt fimmtudagskvöld



Stöð 2 | KL. 19:30
**Friends With Better Lives**
Glæný gamanþáttaröð sem hefur verið líkt við gömlu góðu Friends þættina.



Stöð 2 | KL. 19:55
**Masterchef USA**
Stórskemmtilegir matreiðsluþættir með Gordon Ramsay í forgrunni.



GULL STÖÐIN | KL. 19:40
**Two And a Half Man**
Bráðskemmtileg gamanþáttaröð með Ashton Kutcher í aðalhlutverki.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



3 | KL. 19:30
**Lífsstíll**
Glæsilegur tískuþáttur þar sem Theodóra Mjöll fjallar um allt sem tengist tísku, hönnun og lífsstíl.




3 | KL. 19:55
**American Idol**
Einn vinsælasti þáttur í heimi og dómarar að þessu sinni eru þau Keith Urban, Jennifer Lopez og Harry Connick Jr.

Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | | | | | 1 | 2 |
| 9 | 2 | | | | 7 | 4 | | 6 |
| 3 | 5 | | 4 | | | | | |
| | | | 3 | 5 | | 2 | | |
| 8 | | | 9 | 2 | 4 | | | |
| 2 | | 4 | | | | | 9 | |
| | | | 7 | | 6 | 9 | | 5 |
| | | | | | 3 | | | |
| 6 | 8 | 2 | 1 | | | 7 | 3 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | |
| | | | 7 | 9 | 3 | 1 | 8 | |
| 9 | | | | 4 | 5 | | 7 | |
| | | | | 3 | 4 | | 9 | |
| | 9 | 8 | | 6 | | | | |
| | 4 | | | | | 5 | | 1 |
| 2 | | 9 | 3 | 8 | 1 | 4 | | |
| 4 | | 1 | 6 | | 9 | | | |
| 5 | | | | | | 9 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 1 | | | 3 | 6 |
| 1 | 2 | | | | | 5 | | |
| 5 | | 8 | | | 4 | | | |
| | | 6 | 1 | | | 3 | 9 | |
| | 4 | | | 2 | | | | |
| 7 | | | 5 | | | | 4 | |
| | | | | | 9 | | | |
| 8 | | | 6 | | 1 | | | |
| | 5 | 9 | 7 | | | | 8 | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | 6 | 9 | 4 | 7 | 1 | 5 | 8 |
| 5 | 4 | 8 | 1 | 2 | 6 | 9 | 7 | 3 |
| 7 | 9 | 1 | 3 | 5 | 8 | 2 | 4 | 6 |
| 6 | 5 | 9 | 2 | 7 | 4 | 3 | 8 | 1 |
| 8 | 1 | 4 | 5 | 3 | 9 | 6 | 2 | 7 |
| 3 | 2 | 7 | 6 | 8 | 1 | 4 | 9 | 5 |
| 9 | 8 | 3 | 4 | 1 | 5 | 7 | 6 | 2 |
| 1 | 6 | 5 | 7 | 9 | 2 | 8 | 3 | 4 |
| 4 | 7 | 2 | 8 | 6 | 3 | 5 | 1 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 7 | 2 | 4 | 6 | 9 | 5 | 8 |
| 6 | 4 | 8 | 3 | 5 | 9 | 7 | 1 | 2 |
| 9 | 5 | 2 | 1 | 7 | 8 | 4 | 6 | 3 |
| 4 | 3 | 9 | 5 | 2 | 7 | 1 | 8 | 6 |
| 5 | 8 | 6 | 9 | 1 | 3 | 2 | 7 | 4 |
| 7 | 2 | 1 | 8 | 6 | 4 | 3 | 9 | 5 |
| 1 | 6 | 3 | 4 | 9 | 5 | 8 | 2 | 7 |
| 8 | 9 | 5 | 7 | 3 | 2 | 6 | 4 | 1 |
| 2 | 7 | 4 | 6 | 8 | 1 | 5 | 3 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 7 | 2 | 6 | 9 | 3 | 5 | 8 | 1 |
| 1 | 3 | 8 | 2 | 7 | 5 | 9 | 6 | 4 |
| 9 | 5 | 6 | 1 | 8 | 4 | 2 | 7 | 3 |
| 6 | 8 | 5 | 4 | 2 | 7 | 1 | 3 | 9 |
| 3 | 9 | 7 | 5 | 1 | 6 | 4 | 2 | 8 |
| 2 | 1 | 4 | 8 | 3 | 9 | 7 | 5 | 6 |
| 8 | 2 | 9 | 7 | 6 | 1 | 3 | 4 | 5 |
| 5 | 6 | 3 | 9 | 4 | 2 | 8 | 1 | 7 |
| 7 | 4 | 1 | 3 | 5 | 8 | 6 | 9 | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Því meira sem ég veit um heiminn, því sannfærðari er ég um að ég hitti aldrei mann sem ég get elskað í raun og veru.“

*Jane Austen*

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** tarfur, **6.** 49, **8.** hestaskítur, **9.** fjallaskarð, **11.** tveir eins, **12.** dútl, **14.** drykkjarílát, **16.** fæddi, **17.** erta, **18.** kaupstaður, **20.** persónufornafn, **21.** rænuleysi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** reigingslegur gangur, **3.** pot, **4.** reiðufé, **5.** svelg, **7.** litaskipti, **10.** þreyta, **13.** móða, **15.** pottréttur, **16.** hljóðfæri, **19.** slá.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** boli, **6.** il, **8.** tað, **9.** gil, **11.** uu, **12.** stúss, **14.** bikar, **16.** ól, **17.** ýfa, **18.** bær, **20.** ég, **21.** óráð. **LÓÐRÉTT: 1.** rigs, **3.** ot, **4.** lausafé, **5.** iðu, **7.** litblær, **10.** lúi, **13.** ský, **15.** ragú, **16.** óbó, **19.** rá.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Fabio Caruana (2783) vann Magnus Carlsen (2881) í fjórðu umferð ofurmótsins í Aserbaídsjan. Magnus lék af sér með 24...Kd8-c8?**

**Hvítur á leik**



**25. Rxc7!** (Magnúsi yfirsást þessi tiltölulega einfaldi leikur – hann er þá mannlegur eftir allt!) **25...Hd8** (25...Kxc7 26. e6+ er vonlaust) **26. Rd5 He8 27. Be1** og sælu peði vann Ítalinn ungi skákina um síðir.

**www.skak.is** Skólaskákmót Reykjavíkur í dag.

**netto**

Kræsingar & kostakjör



**-32%**

**FOLALDAPIPARSTEIK**
KJÖTBANKINN
**KÍLÓVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 2.898,-~~
**1.971,-**

# GLEÐILEGT GRILLSUMAR!



**LAMBALÆRISSNEIÐAR**
FERSKT
**KÍLÓVERÐ**
**1.999,-**



**XXL HAMBORGARAR**
6X135G FROSIÐ
**PAKKAVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 1.298,-~~
**999,-**



**PITUBUFF M/BRAUÐUM**
GOÐI 6 STK
**PAKKAVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 1.271,-~~
**979,-**



**KH ÞORSKBITAR**
ROÐ- OG BEINLAUSIR - FROSNIR
**KÍLÓVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 1.498,-~~
**899,-**

**-40%**



**-50%**

**GRÆNMETISBUFF**
OKKAR - FROSIÐ
800 G
**PAKKAVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 1.198,-~~
**599,-**



**GRÍMS HUMARSÚPA**
420 ML
**PAKKAVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 665,-~~
**545,-**




**COOP**
**HVÍTLAUKSBRAUÐ**
GRÓFT/FÍNT
**PAKKAVERÐ**
**249,-**



**-50%**

**PERUR**
HOLLENSKAR
**KÍLÓVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 269,-~~
**135,-**



**-50%**

**BERLÍNARBOLLA**
BAKAÐ Á STAÐNUM
**STYKKJAVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 198,-~~
**99,-**

**Tilboðin gilda 24. – 27. apríl 2014**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.


Sigldu inn
í sumarið
4.990,-
IKEA PS VÅGÖ hægindastóll
Plast. B74×D92, H71cm
Sæti H36cm. Ýmsir litir
SOLFINT diskar 495,-/4 í pk.
B24×L24cm. Ýmsir litir
SOLFINT glös 295,-/4 í pk.
26cl. H9cm. Ýmsir litir
Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - www.IKEA.is
© Inter IKEA Systems B.V. 2014


SOCKER blómapottar m/festingu 1.690,-/stk.
B17×L23cm. Innanmál Ø18, H19cm. Ýmsir litir
1.690,-
RAMSÖ sólhlíf
Ø125cm. Ýmsir litir
Opið sumardaginn fyrsta 11-20
1.990,-/stk.
HÅLLÖ sessur
B40×L40cm. Ýmsir litir
SOCKER fata/blómapottur 1.890,-
10l. Ø27, H27cm. Ýmsir litir
HÅLLÖ sessur 2.990,-/stk.
B50×L50cm. Ýmsir litir
LISEL motta 2.990,-
Plast. Flatofin. B75×L200cm. Ýmsir litir
IKEA®



**DÚÓ** Þau Kristján Karl og Hafdís hafa spilað saman frá árinu 2006 og víða komið fram. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Samhent par fagnar sumri í Kaldalóni

**Hafdís Vigfúsdóttir flautuleikari og Kristján Karl Bragason píanóleikari halda tónleika í Kaldalóni í kvöld. Yfirskriftin er Tónsnillingar morgundagsins.**

„Við fluttum heim frá námi síðasta haust og höfum haft nóg að gera við að spila og kenna, ekki svo að skilja að við viljum ekki fleiri gigg,“ segir Hafdís Vigfúsdóttir flautuleikari glaðlega. Þessi „við“ eru hún og unnusti hennar, Kristján Karl Bragason píanóleikari, en þau ætla að spila saman í Kaldalóni í Hörpu í kvöld og byrja klukkan 20.

„Við byrjum á Serenöðu eftir Beethoven sem heyrist ekki oft. Hún var upphaflega skrifuð fyrir flautu, fiðlu og víólu en þetta er umritun sem gerð var í þökk tónskáldsins. Svo erum við með skemmtilega flautufantasíu og ég er líka með einleiksverk. Þá kemur lítið en fallegt stykki eftir Þorkel Sigurbjörnsson fyrir fiðlu og píanó og svo endum við á Franck-sónötu,“ lýsir Hafdís og getur þess að bæði tónverkin eftir Beethoven og Franck séu mikil píanóverk.

Hafdís og Kristján Karl hafa leikið saman sem dúó frá árinu 2006 og komið fram á tónleikum víðs vegar um landið. Frá árinu 2010 hafa þau staðið fyrir tónlistarhátíðinni Bergmál á Dalvík, heimabæ Kristjáns, í samvinnu við Grím Helgason klarínettuleikara.



**VERÐLAUNAÞÝÐANDI** „Mér finnst þetta gríðarlegur heiður og mikil viðurkenning á starfi mínu sem þýðanda,“ segir Ingunn Ásdísardóttir sem í gær hlaut Íslensku þýðingaverðlaunin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Mikil viðurkenning á starfi þýðandans

**Ingunn Ásdísardóttir hlaut í gær Íslensku þýðingaverðlaunin fyrir þýðingu sína á Ó - Sögur um djöfulskap eftir Færeyinginn Carl Jóhan Jensen í útgáfu Uppheima. Þetta var í tíunda sinn sem verðlaunin voru afhent á Degi bókarinnar.**

Þetta er náttúrulega afskaplega góð tilfinning,“ segir Ingunn Ásdísardóttir þýðandi spurð hvernig henni líði eftir úthlutun Íslensku þýðingaverðlaunanna sem Bandalag þýðenda og túlka hefur veitt árlega síðan 2005. „Ég er eiginlega furðanlega róleg, en mér finnst þetta gríðarlegur heiður og mikil viðurkenning á starfi mínu sem þýðanda. Mér finnst líka afskaplega skemmtilegt að það skuli vera ný bók frá nágrönnum okkar Færeyingum sem hlýtur þessi verðlaun.“

Ingunn segir verðlaunin hafa komið sér dulítið á óvart þar sem hin verkin sem tilnefnd voru séu slík bókmenntaleg stórvirki. „Það eru þarna gríðarlega flott verk, Tranströmer, Heródótus og Faulkner, sem allt eru klassísk verk. Oft hafa þessi verðlaun fallið í hlut þýðenda klassískra verka, sem er vel, en það er náttúrulega líka mjög nauðsynlegt að þýða samtímabókmenntir og mér finnst ekkert leiðinlegt að vera komin í hóp með Gyrði Elíassyni, Kristjáni Árnasyni og Ingibjörgu Haraldsdóttur, svo ég nefni nokkur dæmi um fólk sem hlotið hefur verðlaunin á undan mér. Það er ekki slæmur hópur að vera í.“

Dagurinn í gær var merkilegur í lífi Ingunnar fyrir tvennar sakir, því auk þess að veita þýðingarverðlaununum viðtöku skilaði hún af sér nýjustu þýðingu sinni, sem jafnframt verður hennar síðasta í bili. „Já, ég var að skila af mér þýðingu á skáldsögu eftir dönsku skáldkonuna Naja Marie Aidt. Áður hafði ég þýtt eftir hana smásagnasafnið Bavíana, sem hún hlaut Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir, en þetta er hennar fyrsta skáldsaga og alveg mögnuð bók. Þannig að þetta er tvöfaldur hátíðisdagur hjá mér.“

Spurð hvort fleiri þýðingar séu á döfinni segir Ingunn svo ekki vera í bráð þar sem hún hafi nýverið hlotið Rannís-styrk til að ljúka við doktorsverkefni sitt sem fjallar um norræna goðafræði. „Það er næsta mál á dagskrá að ráðast í að klára doktorsrannsóknina, sem ég hlakka mikið til, svo ég er bara frekar lukkuleg með lífið núna,“ segir verðlaunaþýðandinn.

fridrikab@frettabladid.is



**FLAUTUKVARTETT** Dömurnar ætla að flytja fjölbreytta tónlist í Listasafni Íslands. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Litir og tónar

Tónleikarnir Hjartsláttur verða haldnir í Listasafni Íslands í hádeginu á morgun, föstudaginn 25. apríl, milli klukkan 12.10 og 12.40. Flutt verða tónverk eftir Claude Debussy, Jean Michel Damase og Eugéne Bozza. Hjartsláttur er í tónleikaröðinni Andrými í litum og tónum sem Íslenski flautukórinn og Listasafn Íslands standa fyrir síðasta föstudag hvers mánaðar. Þar er boðið upp á fjölbreytta tónlist til að vinda ofan af vinnuvikunni, stilla hugann af fyrir helgina og endurræsa skilningarvitin.

Flytjendur að þessu sinni eru þær Berglind Stefánsdóttir, Dagný Marinósdóttir, Emilía Rós Sigfúsdóttir og Karen Erla Karólínudóttir. - gun

# Valin ein undursamlegasta bók vorsins

**Jójó, skáldsaga Steinunnar Sigurðardóttur, er meðal tíu bóka sem tilnefndar eru til þýsku bókmenntaverðlaunanna Preis Haus der Kulturen der Welt.**

„Ég var alveg ofandottin yfir þessu eins og þeir segja á Akureyri. Það eru tíu bækur tilnefndar, ekki bara skáldsögur heldur allar bækur og að vera veidd svona úr öllum bunkanum, það er rosalegt,“ segir Steinunn Sigurðardóttir rithöfundur um tilnefninguna sem sagan hennar Jójó var að fá til bókmenntaverðlauna í Þýskalandi. Preis Haus der Kulturen der Welt heita verðlaunin og hafa þá sérstöðu að ganga bæði til höfundar og þýðanda. Hver þau hlýtur verður tilkynnt í júní.

Jójó er nýkomin út á þýsku í þýðingu Colettu Bürling og hefur verið valin ein af tíu bestu bókum vorsins hjá Hamburger Abendblatt með þeim ummælum að Jójó væri „kannski undursamlegasta bók vorsins í Þýskalandi“.

Steinunn er stödd í Köln þegar hún svarar símanum, nýkomin úr útvarpsviðtali og í þann veginn að hefja upplestur í Literaturhaus á alþjóðadegi bókarinnar sem er aðallega afmælisdagur Halldórs Laxness í hennar huga. Hún segir fólk þyrpast á upplestra í Þýskalandi. „Ég leyfi mér að fullyrða að þessi upplestrarhefð sé hvergi eins sterk í Evrópu og hér,“ segir hún og bætir við að yfirleitt þurfi fólk að borga sig inn.

Jójó gerist í Berlín og Steinunn hefur meðal annars lesið upp úr bókinni í Kreuzberg-hverfi sem er aðalsögusviðið. Hún las líka upp í norrænu sendiráðunum við góðar undirtektir nýlega en Jójó er einmitt bók aprílmánaðar hjá þeim.

Sjálf kveðst Steinunn komin í þá hæpnu aðstöðu að lesa yfir þýðingar á bókunum sínum á fimm tungumálum. „Ég hummaði lengi fram af mér að koma nálægt þýðingunum en svo vildu þýðendurnir og útgefendurnir að ég gerði það og þá bara sinni ég því. Þó ég hafi kannski ekki þá djúpu bókmenntalegu þekkingu sem ég ætti að hafa sem yfirlesari þá sit ég uppi með það að ég skrifaði bækurnar. Að því leyti sem ég skil tungumálin get ég fundið ef það vantar tiltekinn hljóm og er fljót að sjá ef um einhvern lítilsháttar misskilning er að ræða.“



**RITHÖFUNDURINN** Steinunn er á stöðugum þeytingi milli staða að lesa upp úr bókum sínum enda hefur hún hlotið þau ummæli í Frankfurter Allgemeine Zeitung „að hægt væri að hlusta á hana endalaust“. MYND/ÞORSTEINN HAUKSSON

Spurningu um hvort hún sé ánægð með þýðinguna á þýsku svarar hún með fjórum jáum. „Það er náttúrulega útilokað að bókin hefði verið tilnefnd til þessara verðlauna hefði þýðingin ekki verið fín. Þetta er sjöunda skáldsagan mín sem Coletta Bürling þýðir og tilnefningin er mikil viðurkenning fyrir verk hennar. Það er auðvitað mikið búið að strita.“

gun@frettabladid.is

# GLEÐILEGT SUMAR!



BYKO KLÚBBURINN

KLÚBB verð **24.995 kr.***

Almennt verð 29.995 kr.

Vnr. 49620200-1
28“ götureiðhjól, karla, 6 gíra með brettum og bögglabera eða 26” kvenhjól með körfu.

## OPIÐ sumardaginn fyrsta

Breidd og Grandi
kl. 11–17

Akureyri og Selfoss
kl. 12–16

Sjá nánar á www.byko.is

VERÐVERND BYKO
**LÆGRA VERÐ**

# BYKO

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.



KENT A century of cycling

Vnr. 49620060-1
Reiðhjól 12” STREET RACER eða TWINKEL.
**21.995 kr.**

KENT A century of cycling

Vnr. 49620062-3
Reiðhjól 16” PRO eða CUPCAKE.
**23.995 kr.**

KENT A century of cycling

Vnr. 49620064-5
Reiðhjól 20” FULL TILT eða LUCKY STAR.
**26.995 kr.**



KENT A century of cycling

Vnr. 49620066
Reiðhjól 24” TRAIL BLASTER.
**31.995 kr.**

KENT A century of cycling

Vnr. 49620069
Reiðhjól STONE HARBOE 26”.
**36.995 kr.**

KENT A century of cycling

Vnr. 49620068
Reiðhjól SAFARI 26”.
**42.995 kr.**

Vnr. 49620055
Reiðhjól LUXUS 26”, 21 gíra.



BYKO KLÚBBURINN

KLÚBB verð **34.995 kr.***

Almennt verð 42.995 kr.

## MIKIÐ ÚRVAL AF SUMARLEIKFÖNGUM



Vnr. 41118184
Fótboltamark, 182x122x61 cm.
**3.995 kr.**

Vnr. 41120664
Frisby diskur, 24 cm.
**495 kr.**

Vnr. 41120483
Teygjutvist, 10 m.
**435 kr.**

Vnr. 41120482
Sápukúlusverð.
**395 kr.**

Vnr. 79290006
Barnahjólbörur.
**3.595 kr.**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

* Klúbbtilboð gilda frá 24. – 27. apríl.

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

facebook.com/BYKO.is



# FIMMTUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Tónleikar

**14.00** Á Thorsplani koma fram m.a. Ingó veðurguð, Hallur Joensen, Lúðrasveit Tónlistarskóla Hafnarfjarðar, Kór Flensborgarskólans, unglingasönghópurinn Gengið af Göflurunum. Viðburðurinn er hluti af dagskrá Bjartra daga í Hafnarfirði.

**14.00** Sumardaginn fyrsta halda kórarnir í Hamrahlíð undir stjórn Þorgerðar Ingólfsdóttur upp á sumarkomu með skemmtun í hátíðarsal Menntaskólans við Hamrahlíð. Efnisskrár tónleikanna eiga að vekja með öllum vorhug og sumargleði.

**16.00** Kvennakór Háskóla Íslands heldur sína árlegu vortónleika í Hátíðarsal Háskólans. Stjórnandi er Margrét Bóasdóttir og píanóleikari Marie Huby.

**18.00** Ben Frost frumflytur sitt nýjasta verk, A U R O R A á Kaffibarnum, Bergstaðastræti 1.

**20.00** Tónleikur er sístækkandi hópur ungs fólks sem á það sameiginlegt að semja eigin tónlist og hafa ástríðu fyrir tónlist. Hópurinn kemur fram ásamt Mick Hargan á Hlemmur Square. Aðgangur er ókeypis.

**20.00** Tónleikaröðin Tónsnillingar morgundagsins verða með tónleika í Kaldalóni í Hörpu. Þar spila Kristján Karl Bragason, píanóleikari og Hafdís Vigfúsdóttir á þverflautu.

**20.30** Agnar Már Magnússon spilar Ellington og Björn Thoroddsen spilar Bítlana. Báðir koma fram aleinir og óstuddir í Kirkjuhvolli, safnaðarheimili Vídalínskirkju. Viðburðurinn er hluti af Jazzhátíð Garðabæjar.

**21.00** Stúdíó Hljómur kynnir á ný tónleikaröðina/hljómsveitakeppnina Eflum íslenskt tónlistarlíf. Eins og áður er engin dómnefnd, heldur sjá áhorfendur alfarið um val á þeim hljómsveitum sem fá frí lög í upptökum. Hljómsveitirnar sem koma fram eru Milkhouse, Sum Of Us, Suntower og Electric Elephant.

**22.00** Hljómsveitirnar Oyama, Kimono og Sin Fang spila á Gamla Gauknum í Tryggvagötu. Húsið opnað klukkan 21.00 og kostar 1.500 krónur inn.

**22.00** Unnur Sara Eldjárn heldur tónleika ásamt fríðu föruneyti á Café Rosenberg. Aðgangur er ókeypis.

### Fræðsla

**13.00** Söguganga Byggðasafnsins um gamla bæinn í Hafnarfirði. Viðburðurinn er hluti af dagskrá Bjartra daga en mæting er við Byggðasafnið.

**14.00** Skemmtileg og fjölbreytt bókmenntavaka fyrir börn og fullorðna. Áherslan í ár er á teiknimyndasögur og munum við fá að sjá og heyra skemmtilegt erindi um teiknimyndasögur. Léttar veitingar og allir velkomnir í Edinborg, Menningarmiðstöð á Ísafirði.

### Söfn

**11.00** Hægt er að fara í ratleiki, sippa og kríta fyrir utan safnið en einnig skoða fjölbreyttar sýningar, meðal annars á verkum barna í tilefni Barnamenningarhátíðar.

### Hönnun og tíska

**18.00** Tískusýning útskriftarnema í fatahönnun frá Listaháskóla Íslands verður haldin í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi.

### Kvikmyndir

**16.00** Opnunarhóf verður haldið í Bíói Paradís og í kjölfarið verður myndin Walesa: Maður vonar sýnd með hljóðlýsingu fyrir blinda. Hægt er að nálgast miða í afgreiðslu Bíós Paradísar.

### Ljósmyndasýningar

**17.00** Blik, ljósmyndaklúbbur áhugafólks á Suðurlandi opnar sína sjöttu ljósmyndasýningu á Hótel Selfossi. Þemað er Sunnan 65 gráður og var myndefnið frjálst. Alls eru sýndar 57 myndir á sýningunni en um sölusýningu er að ræða.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@*

# Sumarveisla FM Belfast

**Hljómsveitin FM Belfast var að gefa út sína þriðju breiðskífu og býður til sumarveislu í tilefni þess.**

Í tilefni hækkandi sólar og útgáfu plötunnar Brighter Days, þriðju breiðskífu hljómsveitarinnar FM Belfast, hefur hljómsveitin ákveðið að blása til sumargleði í Mengi í dag frá klukkan fjögur til sex.

Sannkölluð sumarstemning verður í gangi en hópurinn SISTKINI sér um skemmtiatriði ásamt því að FM Belfast þeytir skífum þar sem spiluð verða lög af nýju plötunni í bland við aðra slagara. Í lok sumarhátíðarinnar verður frumsýnt glænýtt tónlistarmyndband við Brighter Days, titillag plötunnar, sem Magnús Leifsson leikstýrði.



**FERSKT FÓLK** Hljómsveitarmeðlimir FM Belfast eru alltaf hressir.



**GIRNILEGUR** Big kahuna-borgarinn er einn sá vinsælasti á matseðlinum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Eitt og hálft kíló af mat

**Big Kahuna-keppnin er árlegur viðburður á Prikinu og mikill heiður að sigra.**

„Það er rosalegt „show“ að sjá menn gúffa í sig svona miklum mat,“ segir Geoffrey Þór Huntingdon-Williams, rekstrarstjóri Priksins. Hin árlega Big Kahuna-keppni fer fram þar í dag klukkan 13.00. „Big Kahuna er tvöfaldur hamborgari með öllu sem fyrirfinnst á matseðlinum í einum hamborgara,“ segir Geoff, en með hamborgaranum eru líka mjólkurhristingur og franskar, sem gerir alla máltíðina að rúmlega einu og hálfu kílói af mat. „Það er mikill heiður sem fylgir því að vinna þessa keppni,“ segir Geoff en hann varð sjálfur sigurvegari fyrir þremur árum.

„Þetta byrjaði sem óformleg keppni þegar borgarinn kom fyrst á matseðilinn. Þá voru menn að keppa sín á milli en síðan var ákveðið að setja á fót formlega keppni,“ segir Geoff en metið er þrjár mínútur og sautján sekúndur að torga borgaranum. „Það breytir alveg lífi manns að vinna þessa keppni,“ segir Geoff. „Vinningshafinn fær tíu Kahuna-máltíðir, farandbikar og titilinn Big Kahuna-Meistarinn sem fylgir að sjálfsögðu mjög miklu stolti.“

baldvin@frettabladid.is

➜ Big Kahuna-keppnin hefur verið starfrækt í tæp fimm ár en stysti tíminn sem það hefur tekið nokkurn mann að torga máltíðinni eru þrjár mínútur og sautján sekúndur. Geoffrey Þór Huntingdon-Williams segir keppnina vera fyrirtaks viðburð í sístækkandi hamborgara-samfélagi.

# Vorvítamín Hamrahlíðarkóranna

**Kórfélagarnir í Hamrahlíð halda í dag árlega hátíð þar sem sungnar eru sumarvísurnar og gestum boðið upp á ýmsar uppákomur og skemmtanir yfir daginn.**

„Við höldum þetta til þess að hressa fólk við, nú þegar sumarið fer að nálgast,“ segir Tinna Jóhanna Magnusson kórfélagi en kórarnir í Hamrahlíð halda upp á sumarkomu í hátíðarsal Menntaskólans við Hamrahlíð í dag klukkan tvö. „Þetta eru tvennir tónleikar, þeir fyrri klukkan tvö og seinni klukkan fjögur,“ segir Tinna en þess á milli verða seldar dýrindis kaffiveitingar. „Allur ágóði af sölu veitinganna rennur í ferðasjóð kóranna,“ segir Tinna, en Hamrahlíðarkórinn undirbýr för sína á kóramót í Basel í Sviss. Kórfélagarnir, sem eru 118 talsins, syngja undir stjórn Þorgerðar Ingólfsdóttur en hún stofnaði báða kórana og hefur Hamrahlíðarkórinn ferðast víða undir stjórn hennar. „Síðan verður boðið upp á alls kyns skemmtanir, þá sérstaklega fyrir yngri kynslóðina,“ segir Tinna en kórfélagar munu meðal annars setja upp bangsa- og dúkkuspítala og tilraunastofu fyrir unga vísindamenn og -konur. „Við bjóðum einnig upp á andlitsmálningu og ljósmyndakennslu,“ segir Tinna. Músíkalskir kórfélagar munu setja upp hljóðfærastofu þar sem hægt verður að prófa ýmis hljóðfæri á meðan tískuþenkjandi kórfélagar halda fatamarkað en allt verður þetta að finna á göngum Menntaskólans við Hamrahlíð í dag. „Þetta er hugsað sem eins konar vítamínsprauta eftir veturinn,“ segir Tinna. „Nú eru dagarnir farnir að lengjast og orðið bjartara úti og því tilvalið að syngja sumarvísurnar.“ Efnisskrár tónleikanna eiga að vekja með öllum vorhug og sumargleði en þar er að finna blöndu gamalla gersema og nýrra. „Við hvetjum alla til þess að mæta og syngja með, allavega með ættjarðarljóðunum,“ segir Tinna og hlær.



**KÓRSÖNGUR** Þorgerður Ingólfsdóttir hefur verið stjórnandi kóranna í Hamrahlíð frá upphafi.

baldvin@frettabladid.is




Metal design
Stefán Bogi gull-og silfursmiður
Skólavörðustíg 2 Sími 552-5445


Við viljum gleðilegt sumar!
Höfum hjálminn alltaf í umferð
Eimskipafélag Íslands og Kiwanishreyfingin færa börnum í 1. bekk reiðhjólahjálm að gjöf í samstarfi við grunnskóla landsins, eins og undanfarin 10 ár. Hvetjum Óskabörnin okkar til að nota hjálm og verum þeim góð fyrirmynd með því að gera það líka. Mörg dæmi eru um að hjálmarnir hafi bjargað barnslífi eða komið í veg fyrir alvarlegt slys. Gleðilegt sumar með hjálm.
Ónotaður hjálmur tryggir ekki öryggi neins.
Kiwanis
Fylgstu með Óskabörnum á Facebook
45.000 hjálmar á 10 árum
EIMSKIP
YFIR HAFIÐ OG HEIM Í 100 ÁR

## AFMÆLISBARN DAGSINS



**Leikkonan Shirley MacLaine er áttræð í dag.**

Helstu myndir: The Apartment, Terms of Endearment, Irma La Douce, Guarding Tess

## LEIKARAVAL NÆSTUM KLÁRT



Búið er að ráða næstum því alla aðalleikara í kvikmyndina Star Wars Episode VII en stjórnarformaður Disney, Alan Horn, vill ekki tjá sig neitt um hverjir munu leika í myndinni. Girls-leikarinn Adam Driver hefur verið orðaður við hlutverk illmennisins í myndinni sem verður frumsýnd í desember á næsta ári.

## VISSIR ÞÚ...



...að stórleikarinn og hjartaknúsarinn George Clooney sefur stundum í fataskápnum í glæsihýsi sínu í Los Angeles. Af hverju? Jú, honum finnst alltof mikil birta í öllum svefnherbergjunum.

## LEO LEIKUR JOBS



Samningaviðræður standa nú yfir við leikstjórann Danny Boyle um að leikstýra kvikmynd um Steve Jobs sem byggð er á ævisögu hans eftir Walter Isaacson sem kom út árið 2011. Líklegt er að Leonardo DiCaprio muni túlka Steve en handritið skrifar Aaron-Sorkin.

## KOMINN MEÐ SÖGU



Leikstjórinn Richard Donner, sem leikstýrði Goonies árið 1985, hefur staðfest að framhaldsmynd sé í bígerð. Nú er framleiðandinn Steven Spielberg kominn með sögu en Richard fer afar dult með um hvað framhaldsmyndin fjallar og verður það líklegast ekki ljóst fyrr en seint á þessu ári.

# Viðamesta kvikmyndaframleiðslan í New York-borg

**The Amazing Spider-Man 2 verður frumsýnd á föstudag. Myndin er rúmlega tveir tímar að lengd sem gerir hana að lengstu kvikmynd um Kóngulóarmanninn. Parið Emma Stone og Andrew Garfield eru í aðalhlutverkum.**

Kvikmyndin The Amazing Spider-Man 2 verður frumsýnd á Íslandi á morgun, föstudag. Í myndinni rannsakar Peter Parker, sjálfur Kóngulóarmaðurinn, ýmislegt varðandi dularfulla fortíð föður síns með hjálp vinar síns, Harrys Osborn.

Harry þessi er leikinn af Dane DeHaan en hann breytist í Græna púkann, erkióvin Kóngulóarmannsins. Allt í allt tók þrjá og hálfan tíma að farða Harry fyrir hlutverk púkans og það tók hann um það bil klukkutíma að klæða sig í búninginn sem er rúmlega tuttugu kíló að þyngd.

Leikarinn Jamie Foxx leikur óvin Kóngulóarmannsins, Electro, og Chris Cooper leikur annar óvin hans, Norman Osborn. Þeir hafa báðir hlotið Óskarsverðlaun, Jamie fyrir bestan leik í aðalhlutverki fyrir Ray árið 2005 og Chris fyrir bestan leik í aukahlutverki fyrir Adaptation árið 2003. Þetta þýðir að þeir eru fyrstu tveir Óskarsverðlaunahafarnir til að leika illmenni í mynd um Kóngulóarmanninn.

The Amazing Spider-Man 2 var eingöngu tekin upp í New York og er þetta viðamesta kvikmyndaframleiðsla sem hefur átt sér stað í borginni. Myndin er 142 mínútur að lengd sem gerir hana að lengstu kvikmynd um Kóngulóarmanninn til þessa.

Emma Stone fer með hlutverk Gwen Stacy eins og í fyrri myndinni en sú stúlka á tryggan stað í hjarta Peters. Sem fyrr er það Andrew Garfield sem leikur Kóngulóarmanninn en gaman er að segja frá því að Emma og Andrew eru einnig par í raunveruleikanum.

Leikstjórn myndarinnar er í höndum Marcs Webb sem leikstýrði einnig fyrri myndinni og kvikmyndinni (500) Days of Summer.

liljakatrin@frettabladid.is



**BERST VIÐ ILL ÖFL** Kóngulóarmaðurinn kemst að því að eitt tengir alla óvini hans: OScorp-fyrirtækið.

| IMDb | Metacritic | Rotten Tomatoes |
|---|---|---|
| 7,8/10 | 58/100 | 75/100 |

## Urðu ástfangin á tökustað

Emma Stone og Andrew Garfield felldu hugi saman á tökustað kvikmyndarinnar The Amazing Spider-Man árið 2011. Andrew segist hafa fallið fyrir Emmu um leið og hún kom í prufu fyrir myndina.

„Það var eins og ég vaknaði þegar hún gekk inn. Hún var síðasta manneskjan til að lesa og mér var farið að leiðast. En síðan kom hún inn og það var eins og ég hefði farið í flúðasiglingu og langaði ekki að halda mér í. Það var spennandi og villt í tökunum. Ég varð að vera nálægt henni og ég gat ekki leyft henni að sleppa,“ sagði Andrew í viðtali við Teen Vogue þegar fyrri myndin var frumsýnd.



**Á HJARTA HANS** Gwen Stacy heillar Kóngulóarmanninn.



**LEIKSTJÓRI LECH WAŁĘSA** Maður vonar er Andrzej Wajda, sem hlaut meðal annars heiðursverðlaun á Óskarsverðlaunahátíðinni árið 2000 fyrir framlag sitt til kvikmyndagerðar.

## Pólskir kvikmyndadagar

Pólskir kvikmyndadagar hefjast á morgun, fimmtudag, í Bíói Paradís og standa til 26. apríl. Dagarnir eru haldnir í tengslum við verkefnið Ísland og Pólland gegn útilokun frá menningu, sem er samstarfsverkefni á sviði lista á milli landanna. Grundvallarmarkmiðið er að auka aðgengi fatlaðra að menningu með sjónlýsingar að leiðarljósi.

Á árunum 2013-2016 voru og verða sýndar í Wrocław, Reykjavík og Hafnarfirði pólskar og íslenskar kvikmyndir og leikrit og haldnar verða listsýningar með það að markmiði að kynna menningararfleifð beggja landa. Einnig verða haldin námskeið, samkomur og ráðstefnur sem miðla munu upplýsingum um hvernig hægt er að auðvelda fötluðum aðgengi að menningu.

## Ævisaga pólsks forseta

Opnunarmyndin er Lech Wałęsa. Maður vonar sem var framlag Póllands til Óskarsverðlaunanna. Sýningin er klukkan 16.00 og er frítt inn á hana.

Myndin fjallar um verkalýðsleiðtoga og stjórnmálamann sem var driffjöður í þeim breytingum sem áttu eftir að ná lengra en fólk leyfði vonaði. Sögð er saga pólsks forseta og Nóbelsverðlaunahafa sem talinn er meðal 100 mikilvægustu manna 20. aldarinnar.





# ÚT AÐ HJÓLA



**JAMIS TRAIL X650**
~~79.990 KR.~~
**TILBOÐ 63.992 KR.**
VEL BÚIÐ 27,5" TRAIL FJALLAHJÓL MEÐ ÁLSTELLI OG DISKABREMSUM.



**JAMIS MISS DAISY**
~~35.990 KR.~~
**TILBOÐ 28.792 KR.**
16" BARNAHJÓL ÁN GÍRA MEÐ STÁLSTELLI OG HJÁLPARDEKKJUM.



**JAMIS XR**
~~49.990 KR.~~
**TILBOÐ 39.992 KR.**
26" FJALLAHJÓL MEÐ STÁLSTELLI OG 21 GÍR.

X20 X24



**JAMIS X20 OG X24**
~~X20: 44.990 KR.~~
**TILBOÐ 35.992 KR.**
~~X24: 49.990 KR.~~
**TILBOÐ 39.992 KR.**
20" OG 24" KRAKKAHJÓL MEÐ ÁLSTELLI OG 18 GÍRUM.

## 20% SUMARAFSLÁTTUR

*af öllum hjólum í Smáralindinni á sumardaginn fyrsta*

HERRA DÖMU



**JAMIS EXPLORER 1**
~~62.990 KR.~~
**TILBOÐ 50.392 KR.**
26" ÞÆGILEGT ALHLIÐA HJÓL MEÐ STÁLSTELLI OG 21 GÍR. EINNIG TIL Í DÖMU.

HOT ROD LADYBUG



**HOT ROD**
~~29.990 KR.~~
**TILBOÐ 23.992 KR.**
12" BARNAHJÓL ÁN GÍRA MEÐ STÁLSTELLI OG HJÁLPARDEKKJUM.

HERRA DÖMU



**JAMIS EXPLORER 2**
~~71.990 KR.~~
**TILBOÐ 57.592 KR.**
ÞÆGILEGT ALHLIÐA HJÓL MEÐ ÁLSTELLI OG 21 GÍR. DEMPARI Í SÆTISPÓSTI OG FRAMGAFFLI. EINNIG TIL Í DÖMU.

DÖMU HERRA



**JAMIS CITIZEN 1**
~~57.990 KR.~~
**TILBOÐ 46.392 KR.**
28" ÞÆGILEGT DÖMU GÖTUHJÓL MEÐ STÁLSTELLI OG 21 GÍR. EINNIG TIL Í HERRA.

*Fáðu aðstoð við valið á réttu hjólunum.*
*Starfsfólkið okkar þekkir vörurnar sem það selur.*

## OPIÐ Í SMÁRALIND FRÁ 13-18

ÁRNASYNIR

**ÚTILÍF**

GLÆSIBÆ KRINGLUNNI SMÁRALIND utilif.is


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
GLEÐILEGT SUMAR OPIÐ Í DAG 11:00-18:30
FRANSKAR PREMIUM KARTÖFLUR
179 kr. kg.
FRANSKAR PREMIUM KARTÖFLUR Í LAUSU
FRANSKAR BÖKUNAR KARTÖFLUR
179 kr. kg.
FRANSKAR BÖKUNARKARTÖFLUR
298 kr. kg.
AMERÍSKAR SÆTAR KARTÖFLUR
ROSE
Úrbeinuð kjúklingalæri
1359 krónur 700g.
1798 krónur kg.
Sláturfélagið
Frosnar lamba-tvírifjur
1598 kr 10 stk. 120g
Kjarnafæði Frosnir nautgripa-hamborgarar 120g
KYCKLINGFILÉ
STYCKFRYSTA, KÖTTHALT 80%
900 g
1545 krónur 900g.
EUROSHOPPER Kjúklingabringur frosnar 900g
2013 SLÁTRAÐ
1498 krónur kg.
Kaupfél. Skagf. Lambalæri í sneiðum FROSIÐ
Hunt's
295 kr.992g.
Hunt's Tómatsósa
Ferskt íslenskt salat
Bónusblanda
Lambhagi
398 kr. 125g
BÓNUS LAMBHAGABLANDA 125g
BÓNUS KLETTASALAT
298 kr. 75g
BÓNUS FERSKT KLETTASALAT 75g
Upprunaland: Ítalía
BÓNUS SPÍNAT
398 kr. 200g
BÓNUS FERSKT SPÍNAT 200g
Upprunaland: Spánn
FRIED ONIONS
93 kr. 200g.
EUROSHOPPER Steiktur laukur
AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
GLEÐILEGT SUMAR
OPIÐ Í DAG 11:00-18:30
159 KR. STK
LITLAR VATNSBYSSUR 159 KR.STK
79 KR. STK
SÁPUKÚLUBOX 79 KR.STK
259 KR. 20 STK
KRÍTAR 20 STK. 259 KR.STK
259 KR. STK
SÁPUKÚLUSVERÐ 259 KR.STK
NÝBÖKUÐ OSTASLAUFA
198 kr. 120g
198 kr. 1.5 ltr.
198 kr. 2 ltr.
79 kr. 330ml
Kók í bauk. 330 ml. 79.kr. stk
Egils APPELSÍN
79 kr. 500ml
Merrild
579 kr. 500g
BÓNUS
24 PINNAR
698 kr. 24 stk
STONE OVEN PIZZA MARGHERITA
229 kr. 300g
STONE OVEN PIZZA SALAMI
298 kr. 350g
EUROSHOPPER PIZZA-MARGHERITA & PIZZA- SALAMI
ENERGY DRINK SUGAR FREE
ENERGY DRINK
69 kr. 250ml
BÓNUS HAFRAKEX
198 kr. 225g
Hunt's HONEY MUSTARD BBQ SAUCE
Hunt's ORIGINAL BBQ SAUCE
198 kr. 510ml
Pólskar PYLSUR
87% KJÖT
298 kr. 5 stk./360g
159 kr 5 stk.
359 kr 10 stk.
Bónus Pylsubrauð 5 stk
& Pylsur 10 stk 485g
AFGREIÐSLUTÍMI FIMMTUDAGUR 11:00-18:30
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI FIMMTUDAGUR 11:00-18:30

## Trend á Twitter Samfélagsmiðillinn logar vegna uppsagnar Davids Moyes



**David Moyes**, þjálfari Manchester United, var rekinn í vikunni og logaði Twitter út af uppsögninni. Tæplega tvær milljónir Twitter-færslna hafa verið skrifaðar um Moyes síðan á mánudag. Kassmerkið sem hefur verið hvað vinsælast er #Moyessacked. Fyndnara kassmerki er hins vegar #SaveMoyes. Undir því kassmerki er að finna kaldhæðnar athugasemdir frá stuðningsmönnum annarra liða sem finnst miður að stjórinn hafi verið látinn fara. Þessi kassmerki eru ekki ný af nálinni og hafa lifað góðu lífi í dágóðan tíma en fóru á flug eftir að Moyes var rekinn.

**Angela Phillips**
@Angela_97x
**#SaveMoyes**
Það er ekki hægt að reka hann. Everton, Liverpool, Chelsea, Arsenal og City elska hann!!!
**#PrayForMoyes**

**Birgir Hólm**
@BiggiHolm
Guð minn almáttugur, skapari himins og jarðar, þú lætur þetta ekki gerast! #fotbolti
**#savemoyes #prayformoyes #lfc #ynwa**

**Annie Road**
@ThoseScouseLads
Við sjáum hvað setur. Vonandi hafa fjölmiðlar rangt fyrir sér og hann fær aðra leiktíð.
**#savemoyes**

**Gareth Bale**
@GarethBale22
**#savemoyes**
Þúsundir manna sem skrifa brandara missa vinnuna, vill einhver hugsa um börnin????

**far-q**
@mattiescott
Ekki reka hann, hann er að standa sig svo vel! (fyrir alla aðra í efstu fjórum sætunum)
**#SAVEMOYES**



**DÚÐAÐAR DÚLLUR** Þessar tvær gæddu sér á ís og klæddust fallegum lopapeysum.



**TVÆR GÓÐAR** Þessar vinkonur voru himinlifandi yfir að sólin lét sjá sig.



**KÖFLÓTT SKAL ÞAÐ VERA** Köflóttar skyrtur virðast ekki á leiðinni úr tísku.

# Veturinn kvaddur í miðborginni

**Sólin vermdi borgarbúa með geislum sínum á síðasta vetrardegi þessa árs. Mannmargt var í miðborginni og greinilegt er að landsmenn eru tilbúnir að taka á móti sumrinu með opnum örmum. Fréttablaðið kíkti á stemninguna í miðbæ Reykjavíkur og síðast en ekki síst á götutískuna.**



**ÞVÍLÍKUR SMEKKMAÐUR** Hér er allt að gerast og ekkert að því. Takið eftir gulltöskunni sem setur punktinn yfir i-ið.



**LOÐFELDIR KLIKKA SEINT** Haustlitirnir mega alveg lifa þó að sólin hafi aðeins kíkt í heimsókn.



**BLÚNDUR OG BLÓM** Sætt og einfalt lúkk.



**PASTELPÍA** Pastellitir eru heitir í sumar. Þessi stúlka er meðvituð um það – sjáið bara töskuna hennar.



**LITIR ERU ALLTAF Í TÍSKU** Þessi unga snót poppaði upp svart dress með litríkum jakka.



**REFFILEGUR** Áberandi gleraugnaumgjörð og flottur frakki. Þessi er alveg með'etta.

# Kynörvandi lyf algeng meðal unglinga

Stundum er ég í aðstæðum þar sem ég verð kjaftstopp. Slíkt gerðist nýlega er ég hlustaði á hóp ungmenna á aldrinum 16 ára til 20 ára tala um bláar og bleikar pillur. „Ég meina, þegar maður er að djamma og maður er pissfullur þá er ekkert hægt að ná honum upp, þá fær maður sér tvær svona bláar og getur verið endalaust að.“ Þarna varð ég kjaftstopp. Það var rétt hjá þessum dreng að áfengi hefur ýmis áhrif á líkamann, meðal annars þau að erfitt er að fá standpínu í lim og píka á erfitt með að blotna. Auk þess er erfitt að fá fullnægingu. Ég hjó líka eftir því að hann talaði um að vera „endalaust að“. Þegar drengurinn fór að tala um samfarir í klukkustundum talið þá runnu á mig tvær grímur. Tími samfara á ekki að vera mældur út frá stinnleika limsins og getunnar til inntút. Meðaltími samfara er eins og eitt til tvö lög með Hjaltalín en ekki allar Stjörnustríðs-bíómyndirnar.

Stúlka sem var í fræðslunni svaraði drengnum. „Já, ég hef prófað svona bleikar og mér leið bara illa, varð eitthvað svo þung í hausnum og fékk þvílíkan hausverk.“ Þá voru þau sammála um að hausverkur væri leiðinda fylgikvilli þess að taka inn þessar pillur. Ég átti ekki til aukatekið orð. Ef líkami þinn nær ekki kynferðislegri örvun (sökum truflandi áhrifa áfengis) og möguleikar á unaði eru afskaplega takmarkaðir, af hverju ertu þá að stunda kynlíf? Hér eru á ferð ungmenni sem detta í það, og til að geta stundað kynlíf þá taka þau inn lyf. Þegar ég fór á stúfana að kanna algengi þessara pilla þá könnuðust mjög margir við lyfin og sögðu að þetta væri frekar algengt og ekkert til að stressa sig á, þetta er skaðlaust. Stöldrum við hér. Blóðþynnandi lyf, líkt og Viagra, er ekki hættulaust fyrir líkamann, sérstaklega ef viðkomandi býr við ákveðna líkamlega kvilla og/eða er undir áhrifum mikils áfengis. Nú er ég ekki læknir en þetta er tekið fram á heimasíðu lyfsins sem er jú lyfseðilsskylt. Einhver staðar í huga þessara einstaklinga, er forsenda fyrir kynlífi ekki unaður heldur … ? Ég hef reyndar aldrei skilið hvað er eftirsóknarvert við það að stunda kynlíf pöddufull með óstarfhæf kynfæri, dofinn heila og takmarkaða getu til fullnægingar. Enda þetta svo allt saman á því að æla á bólfélagann. Mér verður helst hugsað til lagsins „Too drunk to fuck“ með Dead Kennedys.

Margt hefur áunnist í baráttunni gegn unglingadrykkju en ég held að við mættum fara að tala aðeins öðru vísi og opnara um áfengi, ölvun og áhrif þess á getu okkar í kynlífi. Auk þess hverjar forsendur okkar eru fyrir því að stunda kynlíf með öðrum einstaklingi. Mitt mottó er einfalt: „Ekki detta í það og ríða!“

**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!**
Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is



# Hélt að hún væri of ljót til að vera leikkona

Leikkonunni Meryl Streep fannst það fjarlægur draumur að vinna við leiklist.

„Ég held að ég hafi verið eins og allar stúlkur sem klæða sig í prinsessukjóla og búast við því að allir veiti þeim óskipta athygli. Flest okkar vaxa upp úr því. Ég lék oft í leikritum en mér fannst ég vera of hégómafull til að vera leikkona,“ sagði leikkonan Meryl Streep þegar hún var gerð að heiðursdoktor í háskólanum í Indiana fyrir stuttu.

„Mér fannst ég líka of ljót til að vera leikkona. Gleraugu voru ekki æðisleg í þá daga,“ bætti Meryl við. „Mig langar til að segja ungum konum að hafa ekki of miklar áhyggjur af þyngd sinni. Stelpur eyða of miklum tíma í að hugsa um það og það eru betri hlutir í lífinu,“ sagði leikkonan, sem margir myndu segja að væri íðilfögur.

➜ Meryl hefur unnið þrenn Óskarsverðlaun á ferlinum; fyrir The Iron Lady árið 2012, Sophie's Choice árið 1983 og Kramer vs. Kramer árið 1980.

„Það sem gerir þig öðruvísi eða skrítinn er styrkur þinn. Allir reyna að líta út á einhvern ákveðinn hátt en í raun er það fólkið sem lítur öðruvísi út sem er ráðið. Ég hataði einu sinni nefið á mér. Ekki núna. Það er í lagi.“ - lkg



**SÁTT Í EIGIN SKINNI** Meryl segir styrk falinn í því sem er öðruvísi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**TUTTUGU ÁR** Sara og Cuba giftu sig árið 1994.

## Sækir um skilnað

Sara Kapfer, eiginkona leikarans Cuba Gooding Jr. til tuttugu ára, er búin að sækja um skilnað. Sara biður um að hún og Cuba deili forræði yfir börnunum þeirra þremur – Spencer, nítján ára, Mason, sautján ára og Piper, átta ára.

Sara og Cuba kynntust sem unglingar og giftu sig árið 1994. Leikarinn hefur ávallt talað vel um konu sína og kemur skilnaðurinn mörgum á óvart.

„Ég á yndislega konu sem veit hvernig á að reka heimili þegar ég er ekki á staðnum. Og við njótum blessunar í þremur yndislegum börnum,“ sagði Cuba í viðtali við sjónvarpsþáttinn The View í fyrra. -lkg



**ÞRÁIR GLÚTEIN** Emmy er ekki sátt við að mega ekki borða glúten. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Má ekki borða glúten

Leikkonan Emmy Rossum, sem er hvað þekktust fyrir leik sinn í sjónvarpsþáttunum Shameless, birti ansi fyndna mynd af sér á Twitter-síðu sinni í vikunni. Á myndinni sést hún þefa af brauðbeyglu.

„Stundum sakna ég glútens svo mikið að ég verð að lykta af því,“ skrifaði Emmy en hún er með ofnæmi fyrir glúteni, líkt og söngkonan Miley Cyrus. - lkg



**STORMASAMT SAMBAND** Billy Bob og Angelina voru saman í tvö ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Halda enn sambandi

Leikarinn Billy Bob Thornton segir í samtali við vefsíðuna YourTango að hann haldi enn miklu sambandi við fyrrverandi eiginkonu sína, Angelinu Jolie, en þau skildu í maí árið 2003.

„Hún er ótrúleg, ótrúleg. Hún er svo orkumikil og svo góðhjörtuð. Við tölum saman við og við. Hún tryggir það að ég hafi það gott og ég geri slíkt hið sama fyrir hana,“ segir Billy Bob.

Billy Bob og Angelina eyddu tveimur stormasömum árum saman og hefur leikarinn látið hafa það eftir sér að hann hafi klúðrað sambandinu af því að hann hélt að hann væri ekki nógu góður fyrir hana.

Angelina hefur verið með leikaranum Brad Pitt síðan árið 2005 og eiga þau sex börn saman. - lkg



SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ










SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE AMAZING SPIDERMAN 2 3D | KL. 10.20 (FORSÝNING) | 12 |
| THE AMAZING SPIDERMAN 2 3D LÚXUS | KL. 10.20 (FORSÝNING) | 12 |
| RIO 2 2D / 3D ÍSL. TAL | KL. 1 - 3.30 - 5.45 | L |
| RIO 2 3D ENS. TAL (ÓTEXTAÐ) | KL. 5.45 - 8 | L |
| OCULUS | KL. 8 | 16 |
| HARRÝ OG HEIMIR | KL. 2 - 4 - 6 – 8 - 10.15 | 7 |
| HARRÝ OG HEIMIR LÚXUS | KL. 2 - 4 - 6 - 8 | 7 |
| GRAND BUDAPEST HOTEL | KL. 8 - 10.15 | 7 |
| HNETURÁNIÐ 2D | KL. 1 | L |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS | KL. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE AMAZING SPIDERMAN 2 3D | KL. 10 (FORSÝNING) | 12 |
| RIO 2 2D / 3D ÍSL. TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| OCULUS | KL. 8 | 16 |
| HARRÝ OG HEIMIR | KL. 4 - 6 - 8 - 10.20 | 7 |
| NYMPHOMANIAC PART 2 | KL. 8 | 16 |
| GRAND BUDAPEST HOTEL | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |

Miðasala á: eMiði

FJÖLSKYLDUPAKKINN Barnafjölskyldur fá alla miða á barnaverði NÁNAR Á SMARABIO.IS/BYLTING

LAUGARÁSBÍÓ midi.is Miðasala og nánari upplýsingar ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI







Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| SPIDERMAN 2 3D FORSÝNING | 10:10 | 12 |
| A HAUNTED HOUSE 2 | 8, 10 | 14 |
| RIO 2 3D | 1:50 | L |
| RIO 2 2D | 2, 5 | L |
| HARRY OG HEIMIR | 1:50, 4, 6, 8, 10:45 | 7 |
| MONICA Z | 3:30, 5:45 | 7 |
| CAPTAIN AMERICA 3D | 8 | 12 |

5% Sími: 553-2075 www.laugarasbio.is

SAMbio.is
















SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE AMAZING SPIDER-MAN 2 3D FORSÝNING | KL. 10:50 | 12 |
| THE AMAZING SPIDER-MAN 2 VIP 2D FORSÝNING | KL. 10:50 | VIP |
| THAT AWKWARD MOMENT | KL. 8:30 - 10:45 | 12 |
| DIVERGENT | KL. 5:10 - 8 - 10 - 10:50 | 12 |
| DIVERGENT VIP | KL. 5 - 8 | VIP |
| RÍÓ 2 ÍSLTAL | KL. 3D: 1 - 3:10 2D: 1 - 1:20 - 3 - 3:30 - 4:10 - 6:20 | L |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL 2D | KL. 1 - 3 | L |
| CAPTAIN AMERICA 2 3D | KL. 5:15 - 8 - 10:45 | 12 |
| NOAH | KL. 5:10 - 8 | 12 |
| NEED FOR SPEED | KL. 7:10 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THAT AWKWARD MOMENT | KL. 8 | 12 |
| DIVERGENT | KL. 8 - 10:50 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 2D | KL. 10:10 | 12 |
| RÍÓ 2 ÍSLTAL 3D | KL. 5:50 | L |
| HNETURÁNIÐ ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| THE AMAZING SPIDER-MAN 2 3D FORSÝNING | KL. 10:30 | 12 |
| DIVERGENT | KL. 2 - 4:50 - 7:40 - 10:30 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 | KL. 3D: 4:50 - 7:40 - 10:30 2D: 2 | 12 |
| NOAH | KL. 4:50 - 7:40 | 12 |
| RÍÓ 2 ÍSLTAL | KL. 3D: 2:30 2D: 3 - 5:20 | L |
| NEED FOR SPEED | KL. 7:40 - 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| THAT AWKWARD MOMENT | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| DIVERGENT | KL. 6 - 9 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 2D | KL. 9 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 6 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THAT AWKWARD MOMENT | KL. 8 - 10:45 | 12 |
| DIVERGENT | KL. 8 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 3D | KL. 5:10 - 10:10 | 12 |
| NOAH | KL. 5:10 | 12 |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT

# Dýrasta sjálfsmyndin í bransanum

**BAKÞANKAR**
Bergs Ebba Benediktssonar



**SEXTÁN** nepalskir leiðsögumenn dóu á Everest-fjalli í síðustu viku. Þessir menn unnu við að hjálpa vestrænu fólki að vinna þá hetjudáð að stíga fæti á hæsta fjall heims.

**NÚ** sit ég nú bara hérna við stofuhita og pikka inn orð á tölvu en langar samt að velta upp þeirri spurningu hvort það sé hetjudáð að klífa Everest-tind. Í því samhengi má nefna að það hafa um 1.500 manns þegar gert það, sá elsti var 76 ára, sá yngsti 13 ára. Árið 2001 fór blindur maður á toppinn. Menn hafa komist á toppinn frá öllum mögulegum hliðum, með og án súrefnis, í hóp eða verið einir á ferð. Árið 2005 var haldið brúðkaup á tindinum.

**ÞÓ** að það sé persónulegt afrek að klífa tindinn er það varla fréttnæmt eða samfélagslega merkilegt. Til að það teldist fréttnæmt veit ég ekki hvað fjallafólkið þyrfti að gera: klífa Everest berfætt, aftur á bak, haldandi á fiskabúri. Samt væri það bara kjánalegt.

**ÉG** ber virðingu fyrir öllum sem leggja á sig líkamlegt erfiði til að ná markmiðum sínum. En þetta nær ekkert lengra en það. Þetta er ekki Hringadróttinssaga. Það er enginn galdrakarl á toppnum sem bíður þar með mikilvæg skilaboð. Uppi á toppnum eru bara aðrir fjallagarpar með grýlukerti í skegginu sem segja upphátt hver við annan: „Jæja, þá kemst maður ekki hærra,“ sem er kaldhæðnislegt því í hvert skipti sem maður sest upp í farþegaþotu þá flýgur maður hærra en Evererst-tindur og þar getur maður slakað á í stól og sötrað Grand Marnier án þess að vera með grýlukerti í andlitinu.

**EN** samt leggja menn þetta á sig. Allt til að geta troðið frostbitnum lófa ofan í vasa sinn og náð þar í myndavél til að taka mynd af sjálfum sér á toppnum. Rándýr selfie. Og þar til í síðustu viku bar ég ákveðna virðingu fyrir því, allt þar til ég heyrði af dauðsföllum hinna nepölsku leiðsögumanna.

# Fallegasta kona heims

**Tímaritið People hefur valið fimmtíu fallegustu konur heims. Leikkonan og Óskarsverðlaunahafinn Lupita Nyong'o er sú fegursta að mati tímaritsins. „Mikið hrós,“ segir þessi hæfileikaríka leikkona sem er mikið tískutákn.**

Leikkonan Lupita Nyong'o er fallegasta kona heims að mati tímaritsins People en á föstudaginn kemur út sérstakt fegurðarhefti tímaritsins með yfirliti yfir fimmtíu fegurstu konur heims.

Lupita hefur notið gríðarlegra vinsælda upp á síðkastið og vann fjöldamörg verðlaun fyrir hlutverk sitt í þræladramanu 12 Years a Slave, þar á meðal Óskarsverðlaunin.

„Þetta er spennandi og heilmikið hrós,“ segir Lupita um það að vera kosin fegursta kona heims. Hún segist hafa alist upp við konur með ljóst hörund og ljóst hár þegar hún var lítil og talið að þær væru holdgervingar fegurðar. Móðir hennar, Dorothy, sagði henni hins vegar ávallt að hún væri falleg.

„Og loksins trúði ég henni,“ bætir Lupita við í samtali við People.

liljakatrin@frettabladid.is

→ Stutt er síðan Lupita var gerð að andliti snyrtivörurisans Lancôme og fetar þannig í fótspor leikkvennanna Juliu Roberts og Kate Winslet.



## Fleiri konur sem komast á lista People



AMBER HEARD · KERRY WASHINGTON · MOLLY SIMS · MINDY KALING · JENNA DEWAN-TATUM · KERI RUSSELL

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS




ANTBOY



MONICA Z



PÓLSKIR KVIKMYNDADAGAR

SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

# BARNASKÓR

Aðeins eitt verð á eftirtöldum skóm

# 2.995-



Frábært verð í tilefni sumarins!

Tilboðið gildir frá 24-27 Apríl

## Opið sumardaginn fyrsta

frá kl:13-18 bæði í Kópavogi og Grafarholti.



Stærðir: 28-35
**Verð kr. 2.995.-**



Stærðir: 28-35
**Verð kr. 2.995.-**



Stærðir: 28-35
**Verð kr. 2.995.-**



Stærðir: 28-35
**Verð kr. 2.995.-**



Stærðir: 28-35
**Verð kr. 2.995.-**



Stærðir: 24-37
**Verð kr. 2.995.-**



Stærðir: 24-37
**Verð kr. 2.995.-**



Stærðir: 24-37
**Verð kr. 2.995.-**



Stærðir: 24-33
**Verð kr. 2.995.-**



Stærðir: 24-33
**Verð kr. 2.995.-**



Stærðir: 24-35
**Verð kr. 2.995.-**



Stærðir: 24-32
**Verð kr. 2.995.-**



Stærðir: 24-33
**Verð kr. 2.995.-**

Toppskórinn
Outlet Grafarholti

Framúrskarandi fyrirtæki 2013

Toppskórinn
Markaður Smáratorgi

Vínlandsleið 6, Grafarholti
Opið virka daga: 11-18 • Laugardaga: 11-16
Sunnudaga: 13-17

Smáratorgi, Kópavogi
Opið virka daga: 11-18 • Laugardaga: 11-18
Sunnudaga: 12-18

# SPORT

→ **EINKUNNASPJALDIÐ** VÖRNIN ★★★★★ SÓKNIN ★★★★★ ÞJÁLFARINN ★★★★★ BREIDDIN ★★★★★ LIÐSTYRKURINN ★★★★★ HEFÐIN ★★★★★

**Spá Fréttablaðsins**

pepsi deildin

**HEFST 4. MAÍ**

1. sæti - ???
2. sæti - ???
3. sæti - ???
4. sæti - ???
5. sæti - ???
6. sæti - ???
7. sæti - ???
8. sæti - ???
9. sæti - ???

**10. SÆTI - VÍKINGUR**

11. sæti - Fylkir
12. sæti - Fjölnir

## Víkingur hafnar í 10. sæti

Víkingar halda áfram að jó-jó-a upp og niður á milli deilda en þeir leika nú á ný í deild þeirra bestu eftir tveggja ára fjarveru. Síðast var liðið í Pepsi-deildinni 2011 en féll eftir stormasamt sumar þar sem þrír þjálfarar voru látnir fara sama árið.

Logn hefur verið í Fossvoginum undanfarin tvö ár eftir að reynsluboltinn Ólafur Þórðarson tók við liðinu og fær það nú fjórða tækifærið á síðustu tíu árum til að festa sér sess á meðal þeirra bestu.

Víkingar voru á toppnum í 1. deildinni um mitt mót síðasta sumar en misstu flugið eftir það. Þeir tóku á sprett undir lok tímabils og komu sér í kjörstöðu fyrir lokaumferðina með sögulegum 16-0 sigri á Völsungi í næstsíðustu umferðinni.



### →Lykilmaðurinn í sumar

Gulldrengur Víkinga gæti farið langt með að halda liðinu uppi takist honum að færa leik sinn upp á næsta þrep.

Hann var algjörlega óstöðvandi í 1. deildinni í fyrra þar sem hann skoraði 14 mörk í 14 leikjum og var kjörinn bæði efnilegasti og besti leikmaður deildarinnar auk þess að vera markakóngur hennar.

Sá síðasti sem afrekaði þetta þrennt sama tímabilið var Aron Jóhannsson, þáverandi leikmaður Fjölnis.

### → Þjálfarinn



Ólafur Þórðarson er 49 ára gamall og á sínu þriðja ári með Víkingsliðið. Liðið endaði í 6. sæti 1. deildar á fyrsta ári Ólafs en 2. sæti í fyrra og komst með því upp um deild.

**→ Tölurnar í 1. deild 2013**

| | |
|---|---|
| Mörk skoruð | 1. sæti (2,5 í leik) |
| Mörk á sig | 2. sæti (1,3 í leik) |
| Stig heimavelli | 4. sæti (19 af 33, 58%) |
| Stig á útivelli | 2. sæti (23 af 33, 70%) |

### → Nýju andlitin

**Alan Lowing (Fram)**
**Darri S. Konráðsson (Stjörnunni)**
**Harry Monaghan (Skotlandi)**
**Ómar Friðriksson (KA)**
**Sveinbjörn Jónasson (Þrótti)**
**Todor Hristov (Búlgaríu)**
**Vladimir Vujovic (Serbíu)**

**FYLGSTU MEÐ ÞESSUM:**

**Ívar Örn Jónsson:** Strákur fæddur 1994 sem getur leikið sem bakvörður, miðjumaður og kantmaður. Tekniskur og með mikla spyrnugetu sem ætti að geta valdið usla í vítateig mótherjanna.

**GENGIÐ SÍÐUSTU SEX TÍMABIL >** 2008 (B-deild, 5. sæti) - 2009 (B-deild, 10. sæti) - 2010 (B-deild, 1. sæti) - 2011 (12. sæti) - 2012 (B-deild, 6. sæti) - 2013 (B-deild, 2. sæti)

Íslandsmeistarar: 5 sinnum (síðast 1991) / Bikarmeistarar: 1971



**STERK** Esther Viktoría brýst hér í gegnum vörn Gróttu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## ÚRSLIT

### OLÍS-DEILD KVENNA

**STJARNAN - GRÓTTA 29-23**

**Stjarnan-kvenna - Mörk (skot):** Jóna Margrét Ragnarsdóttir 10/5 (18/6), Esther Viktoría Ragnarsdóttir 5 (8), Þórhildur Gunnarsdóttir 5 (8), Hildur Harðardóttir 4 (8/1), Helena Rut Örvarsdóttir 3 (9), Nataly Sæunn Valencia 2 (3).

**Varin skot:** Florentina Stanciu 14 (30/3, 47%), Heiða Ingólfsdóttir 2 (8/1, 25%),

**Hraðaupphlaup:** 2 ( Esther, Þórhildur)

**Fiskuð víti:** 8 ( Esther 4, Þórhildur, Sandra 3,)

**Utan vallar:** 4 mínútur.

**Grótta-kvenna - Mörk (skot):** Unnur Ómarsdóttir 6/4 (9/5), Lene Burmo 5 (7), Guðný Hjaltadóttir 2 (2), Agnes Þóra Árnadóttir 2 (3), Anett Köbli 2 (5), Eva Björg Davíðsdóttir 2 (5), Laufey Ásta Guðmundsdóttir 1 (1), Steinunn Kristín Jóhannsdóttir 1 (1), Ásthildur Embla Friðgeirsdóttir 1 (4).

**Varin skot:** Íris Björk Símonardóttir 18/2 (42/6, 43%), Elín Jóna Þorsteinsdóttir 3 (8/1, 38%),

**Hraðaupphlaup:** 2 (Unnur, Guðný )

**Fiskuð víti:** 6 ( Köbli 4, Eva Björg 2,)

**Utan vallar:** 6 mínútur. *Staðan í einvíginu er 1-0 fyrir Stjörnuna. Vinna þarf þrjá leiki til að komast í úrslit.*



**HRESSIR** Pepe fagnar sigurmarkinu með Benzema. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Benzema sá um Bayern

**FÓTBOLTI** Real Madrid er í fínni stöðu í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu eftir 1-0 sigur á heimavelli í fyrri leik liðanna í gær.

Það var Frakkinn Karim Benzema sem skoraði eina mark leiksins í fyrri hálfleik. Gott mark og enn mikilvægara fyrir Real að hafa haldið markinu hreinu á heimavelli.

Það gæti verið drjúgt þegar upp er staðið. - hbg

# Kannski gott að fá á kjaftinn

Patrekur Jóhannesson, þjálfari Hauka, sat við tölvuna langt fram eftir nóttu eftir að lið hans fékk skell gegn erkifjendum sínum í FH í fyrsta leik liðanna í úrslitakeppni Olísdeildarinnar. Liðin mætast aftur í kvöld.

**HANDBOLTI** FH varð fyrsta liðið til að vinna Hauka á Ásvöllum í rúmt ár þegar liðið tók 1-0 forystu í undanúrslitarimmu liðanna í úrslitakeppni Olísdeildar karla á þriðjudag. Haukar, sem höfðu talsverða yfirburði í deildarkeppninni í vetur, höfðu þar að auki unnið alla fimm leiki sína gegn FH í mótsleikjum í vetur. Liðin mætast öðru sinni klukkan 19.45 í kvöld.

Lið FH hefur tekið mikinn kipp eftir að Kristján Arason var fenginn inn í þjálfarateymi liðsins á ný og komst með naumindum inn í úrslitakeppnina eftir ótrúlegan lokasprett í deildinni. Liðið var svo betra frá fyrstu mínútu í leiknum gegn Haukum í fyrrakvöld og vann öruggan sjö marka sigur, 32-25.

„Við vorum engan veginn sáttir við hvernig þetta spilaðist af okkar hálfu," sagði Patrekur Jóhannesson, þjálfari Hauka, í samtali við Fréttablaðið í gær. „FH var bara beittari aðilinn og væri ósanngjarnt að fegra okkar hlut á einhvern hátt."

**Greindi leikinn um nóttina**

Patrekur sótti sér upptöku af leiknum að honum loknum, líkt og hann gerir venjulega, og byrjaði svo að greina leikinn. „Ég sat við tölvuna til hálf fimm um morguninn. En það er mín vinna og ég hef bara gaman af henni."

Patrekur segir að það hafi verið margt í leik sinna manna sem hafi orðið þeim að falli. Haukar hafi nýtt aðeins þrjú af tíu hraðaupphlaupum en FH skorað ellefu slík mörk. Þá hafi lærisveinar Patreks tapað boltanum tólf sinnum en FH aðeins fjórum sinnum – þar af tvívegis á lokamínútu leiksins.

„En tölurnar segja bara hálfa söguna. Okkur tókst heldur ekki að halda okkar skipulagi á varnarleiknum og brutum okkur úr því sem við ætluðum að gera. Ef við ætlum að ná okkur aftur á strik þá þurfa grunnatriðin að vera í lagi. Það er ekkert leyndarmál," segir Patrekur.

**Vörn FH kom ekki á óvart**

FH spilaði sterka 6-0 vörn þar sem gengið var ítrekað út á skyttur Haukanna, sem náðu sér illa á strik. Patrekur segir að það hafi ekki komið sér á óvart.

„Ég vissi nákvæmlega hvernig FH-ingar myndu spila. Helsti munurinn var kannski sá að þeir voru miklu beittari en áður og það segir manni hvað hugarfarið skiptir miklu máli. Þeir útfærðu sína 6-0 vörn ef til vill betur en oft áður," segir Patrekur sem segir að þjálfarabreytingar hjá liðum, líkt og þær sem FH hefur gert, hafi vafalaust hjálpað liðinu.

„Lið sem hafa gengið í gegnum ýmislegt á tímabilinu njóta nú þess að nú hefst nýtt mót með úrslitakeppninni og þá er eðlilegt að menn komi sterkir inn eftir að hafa fengið aðeins á kjaftinn. Ég vonast til þess að mínir menn bregðist eins við og bæti fyrir það sem aflaga fór í fyrsta leiknum með því að leita aftur í grunninn og hafa bara gaman af þessu," útskýrir Patrekur. „Það gekk allt á afturfótunum í þessum eina leik en það getur vel reynst okkur jákvætt."

Patrekur segir að það sé enn nóg eftir í rimmunni þrátt fyrir að Haukar hafi nú misst heimavallarréttinn. „Gott gengi í deildinni gefur manni ekkert í úrslitakeppninni og við verðum að horfast í augu við ákveðnar staðreyndir. En það þýðir heldur ekki að mála of dökka mynd af stöðunni og við ætlum okkur að spila betur í næsta leik." eirikur@frettabladid.is



**Í STRANGRI GÆSLU** Sigurbergur Sveinsson og félagar í Haukum náðu sér ekki á strik gegn sterkri vörn FH í fyrrakvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Haukar byrja einvígin á tapleikjum

Haukar urðu deildarmeistarar þriðja árið í röð nú í vor en eru enn að bíða eftir fyrsta Íslandsmeistaratitlinum síðan liðið varð meistari vorið 2010.

Þrátt fyrir gott gengi í deildinni virðist sem liðið mæti ekki jafn sterkt til leiks í úrslitakeppninni. Til marks um það má nefna að liðið hefur tapað fyrsta leik í síðustu fjórum einvígjum sínum í úrslitakeppninni, líkt og sjá má hér fyrir neðan.

19. apríl 2012: Lokaúrslit: **Haukar - HK 24-30**
Haukar töpuðu einvíginu, 3-0.

13. apríl 2013: Undanúrslit: **Haukar - ÍR 23-24**
Haukar unnu einvígið, 3-1.

29. apríl 2013: Lokaúrslit: **Haukar - Fram 18-20**
Haukar töpuðu einvíginu, 3-1.

22. apríl 2014: Undanúrslit: **Haukar - FH 25-32**

# Sumarþing gæti sett strik í reikning Willums

Þingmaðurinn Willum Þór Þórsson er ánægður með að vera kominn aftur í þjálfun í Pepsi-deildinni.

**FÓTBOLTI** „Það þurfti að bregðast skjótt við og maður þurfti að hrökkva eða stökkva. Þá vill maður gjarnan stökkva," segir Willum Þór Þórsson, knattspyrnuþjálfari og þingmaður Framsóknarflokksins. Hann var í vikunni ráðinn aðstoðarþjálfari Guðmundar Benediktssonar sem tekur við þjálfun Breiðabliks í Pepsi-deild karla í byrjun júnímánaðar.

Guðmundur tekur við starfinu af Ólafi Kristjánssyni sem mun halda til Danmerkur um mitt sumar og þjálfa Nordsjælland í dönsku úrvalsdeildinni.

„Þetta var útkall sem kom eftir að fréttin um Óla spurðist út. Ég er þakklátur fyrir tækifærið og traustið sem mér er sýnt. Guðmundur sýndi mér hollustu og mikinn stuðning, bæði sem leikmaður og aðstoðarþjálfari, og mér er ljúft að geta brugðist við nú," sagði Willum sem starfaði með Guðmundi hjá Val og KR á sínum tíma.

Willum segist hafa sett þjálfaraferilinn til hliðar þegar hann hóf þingstörf enda fátt annað sem kemst að. „Svo kom þetta tækifæri og fyrst þetta var aðstoðarþjálfarastarf leit ég svo á að það gæti gengið upp. Óli fer út í byrjun júní og ég sá fyrir mér að ég gæti komið inn þegar þingið fer í sumarfrí. En svo er spurning hvort það verði sett á sumarþing – maður verður bara að vona það besta," bætir hann við.

Willum er ekki fyrsti þingmaðurinn sem starfar einnig sem knattspyrnuþjálfari en Ingi Björn Albertsson sinnti báðum störfum á sínum tíma. „Ég var einmitt leikmaður Breiðabliks þegar Ingi Björn var á þingi og þjálfaði liðið. Ég tel þó að það hafi ýmislegt breyst síðan þá og að nú sé mun minna um að þingmenn sinni öðrum störfum með. Það fylgir því mikil ábyrgð og vinna að starfa á þingi og fátt annað sem kemst að."

Willum hefur fylgst með íslenska boltanum úr fjarlægð síðustu mánuðina og líst vel á lið Breiðabliks. „Liðið er komið á þann stað í sinni tilveru að það á að keppa um titla á hverju ári, enda hefur það gott starf verið unnið í félaginu síðustu árin."

Willum er margreyndur þjálfari sem gerði KR tvívegis að Íslandsmeistara (2002 og 2003) og endurtók svo leikinn með Valsmönnum árið 2007. Hann var síðast þjálfari Leiknis í 1. deildinni árið 2012. - esá



**KOMINN AFTUR** Willum var síðast þjálfari Leiknis árið 2012 en hóf störf á Alþingi í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL




2 | Sunnudag 19:45

# Stóra stundin nálgast!

Nú líður að úrslitakvöldinu þegar siguratriðið í Ísland Got Talent verður valið í beinni útsendingu í Austurbæ. Þá stendur eitt atriðið uppi sem sigurvegari af þeim sjö sem eftir eru og hlýtur heilar 10 milljónir að launum. Ekki missa af einum stærsta sjónvarpsviðburði ársins á sunnudagskvöldið á Stöð 2!

Þeir sem taka þátt í símakosningunni eiga möguleika á því að vinna glæsilegt 55" LG sjónvarp frá Sjónvarpsmiðstöðinni og frábæran LG G Flex snjallsíma. Öll símanúmer sem hringt er úr fara í pott og haft verður samband við vinningshafa.

**Í hvert skipti sem þú kýst aukast vinningslíkurnar!**

ÞÚ GETUR LÍKA UNNIÐ!




APPELSÍN

Íslandsbanki

Fáðu þér áskrift! 365.IS

➜ EINKUNNASPJALDIÐ VÖRNIN ★★★★★ SÓKNIN ★★★★★ ÞJÁLFARINN ★★★★★ BREIDDIN ★★★★★ LIÐSTYRKURINN ★★★★★ HEFÐIN ★★★★★

## Spá Fréttablaðsins

pepsi deildin
HEFST 4. MAÍ

1. sæti - ???
2. sæti - ???
3. sæti - ???
4. sæti - ???
5. sæti - ???
6. sæti - ???
7. sæti - ???
8. sæti - ???

**9. SÆTI - KEFLAVÍK**

10. sæti - Víkingur 11. sæti - Fylkir
12. sæti - Fjölnir

## Keflavík hafnar í 9. sæti

Keflvíkingar koma með svipað lið til leiks í sumar og í fyrra. Það hefur reyndar misst sinn besta mann, Arnór Ingva Traustason, og treystir áfram meira og minna á uppalda stráka, jafnt unga sem aldna.

Keflavík var í harðri fallbaráttu til að byrja með í fyrrasumar en fékk þá Kristján Guðmundsson aftur til starfa. Hann sneri gengi liðsins við ásamt aðstoðarþjálfaranum Mána Péturssyni sem virtist ná vel til leikmanna liðsins og barði í þá trú um sín eigin gæði.

Suðurnesjamenn eru stórt spurningarmerki fyrir tímabilið þrátt fyrir að vera með nokkuð óbreytt lið. Ungu strákarnir þurfa að fara að taka skrefið sem beðið hefur verið eftir en í hópi Keflvíkinga eru nokkrir virkilega efnilegir leikmenn.



## ➜ Lykilmaðurinn í sumar

Jóhann B. Guðmundsson verður ekkert yngri með hverju árinu sem líður en hann verður heldur ekkert minna mikilvægur fyrir þetta Keflavíkurlið. Fyrst Arnór Ingvi Traustason er farinn í atvinnumennsku leggst aftur enn meiri ábyrgð á herðar eldri og reynslumeiri manna liðsins.

Hann er afskaplega góður með boltann, gefur góðar sendingar í hættuleg svæði og er stórhættulegur skotmaður. Keflavíkurhjartað og einbeittur sigurvilji er þó það sem gerir hann að algjörum lykilmanni hjá Keflavík.

## ➜ Þjálfarinn



Kristján Guðmundsson er 49 ára gamall en hann tók aftur við Keflavík síðasta sumar. Þar áður var hann við stjórnvölinn hjá Val. Kristján stýrði Keflavík til bikarmeistaratitils 2006.

### ➜ Tölurnar í úrvalsdeild 2013

| | |
|---|---|
| Mörk skoruð | 6. sæti (1,5 í leik) |
| Mörk á sig | 11. sæti (2,14 í leik) |
| Stig heimavelli | 7. sæti (13 af 39,4%) |
| Stig á útivelli | 4. sæti (11 af 33,3%) |

## ➜ Nýju andlitin

**Jonas Sandqvist (Svíþjóð)**
**Paul McShane (Aftureldingu)**
**Sindri S. Magnússon (Breiðabl.)**

**FYLGSTU MEÐ ÞESSUM:**
**Elías Már Ómarsson:** Hann er fæddur 1995 og kom sterkur inn í Keflavíkurliðið í fyrra þar sem hann spilaði 16 deildarleiki og skoraði 2 mörk. Hann hefur fylgt því eftir með góðri frammistöðu á undirbúningstímabilinu en hann skoraði þrjú mörk í sex leikjum í riðlakeppni Lengjubikarsins. Gæti hæglega slegið í gegn í sumar.

**GENGIÐ SÍÐUSTU SEX TÍMABIL >** 2008 (2. sæti) - 2009 (6. sæti) - 2010 (6. sæti) - 2011 (8. sæti) - 2012 (9. sæti) - 2013 (9. sæti)

Íslandsmeistarar: 4 sinnum (síðast 1973) / Bikarmeistarar: 4 sinnum (síðast 2006)








**ENDURLÍFGUN** Bjarni Þór Hannesson rýnir í Laugardalsvöllinn sem verið er að reyna að vekja til lífsins. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Grasið dautt í Dalnum

**Þjóðarleikvangurinn mjög illa farinn eftir erfiðan vetur en unnið er í honum. Óvíst hvort Framarar fái að spila heimaleik á Laugardalsvelli í maímánuði.**

**FÓTBOLTI** Samtök íþrótta- og golfvallasérfræðinga, SÍGÍ, stóðu fyrir blaðamannafundi í höfuðstöðvum Knattspyrnusambands Íslands í gær þar sem farið var yfir stöðu knattspyrnuvallanna nú þegar aðeins rétt tæpar tvær vikur eru í Íslandsmót.

Staðan er vægast sagt slæm og líklega hvergi verri en á sjálfum Laugardalsvellinum sem kemur hræðilega undan vetri og er alls óvíst að Framarar fái að spila einhvern af þremur heimaleikjum sínum í maímánuði á Laugardalsvelli.

Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, hóf fundinn og fullyrti að þrátt fyrir slæma stöðu vallanna yrði fyrsta umferðin ekki færð. Spilað er þétt í byrjun móts eins og alltaf og nær ekkert svigrúm til að færa leiki til áður en kemur að fyrsta landsleikjahléi í byrjun júní.

Þórir sagði að sambandið mundi veita liðum undanþágu til að spila á völlum sem uppfylla ekki öll skilyrði til að hýsa leiki í efstu deild enda annað ekki hægt miðað við stöðuna. Fastlega má búast við að einhverjir leikir verði í Egilshöll eða Kórnum. Framarar vilja þó ekki spila innandyra og hafa beðið um leyfi til að byrja mótið á gervigrasvelli Þróttara í Laugardalnum.

### Svellkalið fór með vellina

Bjarni Þór Hannesson, formaður SÍGÍ og eini maðurinn á landinu með mastersgráðu í íþróttavallafræðum, fór yfir vellina á höfuðborgarsvæðinu og útskýrði ástand þeirra.

Svellkal er það sem vallarstjórar þurftu að glíma við í vetur en vegna þess að veturinn var svo þurr fór klakinn sem myndaðist á völlunum ekki svo vikum skipti, ekki fyrr en menn gripu til aðgerða sjálfir og brutu hann af með þungavinnuvélum. Þetta er afar sjaldgæft enda vellirnir sjaldan verið í verra ástandi fyrir sunnan. Völlurinn í Eyjum er þó fínn sem og Þórsvöllur sem hefur aldrei verið betri.

### Útlitið ekki gott í Dalnum

Þegar kom að því að ræða Laugardalsvöllinn sagði Bjarni Þór: „Laugardalsvöllur er gjörsamlega dáinn,“ en eins og sést á myndinni er hann í hræðilegu ástandi.

Kristinn Jóhannesson, vallarstjóri Laugardalsvallar sem kjörinn var vallarstjóri ársins í fyrra, tók undir orð Bjarna Þórs þegar Fréttablaðið ræddi við hann eftir fundinn í gær. „Megnið af vellinum er dáið,“ sagði Kristinn en hvað þýðir það fyrir framhaldið?

„Það þýðir að það fór í gang ákveðið verkefni til að laga völlinn sem hófst fyrir fjórum vikum en það felur í sér ýmislegt eins og að sanda hann, gata og sá. Síðan erum við með dúka sem hjálpa til við að fá fræin til að spíra en við erum ekki með undirhita sem myndi hjálpa okkur enn þá meira,“ sagði Kristinn.

Vallarstarfsmenn í Laugardalnum fá fræin á föstudaginn og þá þarf fræið þrjár til fimm vikur til að spíra og styrkjast, að sögn Kristins. Þá gefur augaleið að völlurinn verður í það minnsta ekki klár fyrir fyrsta leik Framara gegn ÍBV 4. maí. Annar heimaleikurinn, 12. maí, er einnig í mikilli hættu. Hjá Dalsmönnum miðast allt við að vera með völlinn leikhæfan fyrir vináttulandsleik karla gegn Eistlandi 4. júní.

„Framarar eiga að spila þrjá leiki í maí en þeir munu ekki spila fyrsta leikinn, það er alveg ljóst. Við tökum þetta svo fyrir bara vikulega og metum ástandið. Ég myndi segja að fyrsti leikurinn verði ekki fyrr en í júní en auðvitað vonum við að Framarar fái að spila í maí. Útlitið er ekki gott en það kemur í ljós,“ sagði Kristinn Jóhannesson.

### Undirhiti engin galdralausn

Bjarni Þór fór sem fyrr segir yfir stöðu vallanna í Reykjavík. KR-völlurinn lítur ekki vel út. Stór munur er þó á vellinum sunnan- og norðanmegin. Norðanmegin er hann mjög illa farinn eftir svellkal.

Vodafone-völlur Valsmanna er í sæmilegu ástandi enda með undirhita en þó ekkert sérstakur. Í honum eru stórir kalblettir. Bjarni talaði sérstaklega um undirhitann og sagði hann gott tól sem hægt væri að nýta sér en hann væri gagnslaus ef hann væri ekki nýttur. Mikla peninga kostar að hita upp vellina með þeirri tækni og mismunandi hversu mikið þetta hjálpartæki er notað.

Víkingsvöllur nýliðanna í Fossvogi er mjög illa farinn en Fylkisvöllurinn skárri en oft áður. Bjarni vildi meina að Fylkisvöllurinn væri skástur í Reykjavík ásamt Fjölnisvellinum sem slapp mjög vel.

Þar er æfingagrasið aftur á móti algjörlega dautt en keppnisvöllurinn klár.

tom@frettabladid.is


LMC hjólhýsasýning í dag, sumardaginn fyrsta
Vorum að fá LMC hjólhýsi í hús, komdu og upplifðu sumarstemminguna hjá okkur
Mikið úrval af nýjum og notuðum hjólhýsum, tjaldvögnum og fellihýsum, ásamt Outwell tjöldum og aukahlutum.
Útilegu maðurinn
Gleðilegt sumar!
SEGLAGERÐIN ÆGIR
Tjaldvagnaland Seglagerðarinnar hefur sameinast Útilegumanninum undir nafninu Útilegumaðurinn í glæsilegu húsnæði við Korputorg
Landsins mesta úrval af ferðavögnum
LMC
ROCKWOOD
ÆGIR VAGNINN
Palomino
KNAUS
COMBI-CAMP
Dethleffs
TABBERT
WEINSBERG
Korputorg
112 Reykjavík
Sími 551 5600
utilegumadurinn.is
Opnunartími: mán-fös kl: 10-18
lau-sun kl: 12-16
Útilegu maðurinn®
Þar sem ferðalagið byrjar

## Í KVÖLD



### Stöð 2 kl. 19.55
**Masterchef USA**

Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band.



### Benfica - Juventus
**STÖÐ 2 SPORT KL. 19.00** Bein útsending frá leik Benfica og Juventus í Evrópudeildinni.



### American Idol
**STÖÐ 3 KL. 19.55** Það er sannkölluð draumasveit dómara sem situr í hásætinu þetta árið en hana skipa Keith Urban, Jennifer Lopez og í fyrsta sinn kemur hinn silkimjúki söngvari og leikari Harry Connick Jr.



### Eldað með Ebbu
**SJÓNVARPIÐ KL. 19.35** Ebba Guðný sýnir áhorfendum hversu auðvelt það getur verið að elda hollan og næringarríkan mat úr góðu hráefni. Matreiðsluþáttur fyrir alla fjölskylduna með skemmtilegu fræðsluívafi.



### Bylgjan kl. 19.00
**90's-þátturinn**

Þórunn Clausen stjórnar hér sínum fyrsta þætti á Bylgjunni. Pátturinn er tileinkaður vinsælli og skemmtilegri tónlist frá tíunda áratugnum eða 90's. Þráinn Steinsson er tæknistjóri þáttarins.


MJÚKIR SÓFAR, STÓRIR SÓFAR, HORNSÓFAR, TUNGUSÓFAR ...

**KLINT** – 3JA SÆTA SÓFI



**KLINT** 3ja sætasófi. Svart leður á slitflötum.
Stærð: 193x881 H: 80 cm.
2ja sæta sófi TILBOÐ 169.990
**Tilboðsverð 149.990**

179.990
FULLT VERÐ 209.990

**LONDON** – HORNSÓFI 2H2



**LONDON** hornsófi. Slitsterkt áklæði grátt eða beige.
Stærð: 225 x 225 H: 85 cm. Einnig fáanlegur í svörtu leðri.

309.990
FULLT VERÐ 359.990

**DC 4200** – 3JA SÆTA SÓFI



**DC 4200** 3ja sæta sófi. Svart leður á slitflötum. Stærð: 211 x 82 H: 85 cm.

310.990
FULLT VERÐ 349.900

**DC 3600** – 3JA SÆTA SÓFI



**DC 3600** 3ja sæta sófi. Koníaksbrúnt leður á slitflötum. Stærð: 202 x 82 H: 85 cm.

299.990
FULLT VERÐ 329.990

HÚSGAGNAHÖLLIN
– fyrir lifandi heimili –

Reykjavík og Akureyri
EITT SÍMANÚMER 558 1100
www.husgagnahollin.is


## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.25** **Ferðin til tunglsins**
**09.50** **Happy Feet Two**
**11.30** **Max and Co**
**12.45** **Malcolm in the Middle**
**13.10** **The O.C.**
**13.55** **Fun With Dick and Jane**
**15.30** **Leap Year**
**17.10** **Mike and Molly**
**17.33** **How I Met Your Mother**
**17.58** **Simpson-fjölskyldan**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.55** **Fóstbræður**
**19.30** **Friends With Better Lives** *(2:13)*
**19.55** **Masterchef USA** *(16:25)*
**20.40** **The Blacklist** *(19:22)* Æsispennandi þáttaröð með James Spader í hlutverki eins eftirlýstasta glæpamanns heims, Raymond Red Reddington, sem gefur sig fram við FBI og býður fram aðstoð sína við að klófesta hættulega glæpa- og hryðjuverkamenn.
**21.25** **NCIS** *(10:24)* Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins sem þurfa að glíma við æ flóknari og hættulegri mál.
**22.10** **Person of Interest** *(13:23)*
**22.55** **Mr. Selfridge**
**23.40** **The Following**
**00.25** **The Messenger**
**02.15** **Fun With Dick and Jane**
**03.45** **Leap Year**
**05.25** **Friends With Better Lives**
**05.50** **Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00** **Meistaradeildin - meistaramörk**
**13.10** **Þýsku mörkin**
**13.40** **Meistaradeild Evrópu. Atletico Madrid - Chelsea**
**15.20** **Meistaradeild Evrópu. Real Madrid - Bayern München**
**17.00** **Meistaradeildin - meistaramörk**
**17.30** **KR - Grindavík**
**19.00** **Benfica - Juventus** Bein útsending frá leik Benfica og Juventus í Evrópudeildinni.
**21.00** **3. liðið** Fjögurra þátta sería sem fjallar um knattspyrnu frá sjónarhorni dómaranna.
**21.30** **Atletico Madrid - Elche** Útsending frá leik Atletico Madrid og Elche í spænska boltanum.
**23.10** **Benfica - Juventus**
**00.50** **3. liðið**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**12.20** **Aston Villa - Southampton**
**14.00** **Messan**
**15.35** **Cardiff - Stoke**
**17.20** **Ensku mörkin - úrvalsdeildin**
**18.15** **Everton - Man. Utd.**
**20.00** **Premier League World**
**20.30** **Enska 1. deildin. Burnley - Wigan**
**22.15** **Netherlands, Sao Paulo, Chile** Skemmtilegir þættir um landsliðin sem munu keppa á HM 2014 í Brasilíu í sumar.
**22.45** **Football League Show 2013/14**
**23.15** **Chelsea - Sunderland**
**01.00** **PL Classic Matches. Arsenal - Liverpool, 2003**
**01.30** **Messan**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Suðurnesjamagasín

## STÖÐ 3

**13.50** **Simpson-fjölskyldan**
**14.10** **Friends**
**14.35** **Glee**
**15.20** **Gossip Girl**
**16.05** **Hart of Dixie**
**16.45** **Pretty Little Liars**
**17.30** **How To Make it in America**
**18.00** **Top 20 Funniest**
**18.45** **Community**
**19.05** **Malibu Country**
**19.30** **Lífsstíll**
**19.55** **American Idol** *(30:39)*
**21.15** **Hawthorne** *(9:10)*
**22.00** **Supernatural** *(12:22)*
**22.40** **Sons of Anarchy**
**23.20** **Malibu Country**
**23.40** **Lífsstíll**
**00.05** **American Idol**
**01.25** **Hawthorne**
**02.05** **Supernatural**
**02.55** **Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Brunabílarnir **07.23** Latibær **07.47** Ævintýraferðin **08.00** Dóra könnuður **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Sumardalsmyllan **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveinsson **09.45** Hvellur keppnisbíll **09.55** UKI **10.00** Ævintýri Tinna **10.25** Ljóti andarunginn og ég

**10.47** Tommi og Jenni **10.55** Rasmus Klumpur og félagar **11.00** Brunabílarnir **11.23** Latibær **11.47** Ævintýraferðin **12.00** Dóra könnuður **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Sumardalsmyllan **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveinsson **13.45** Hvellur keppnisbíll **13.55** UKI **14.00** Ævintýri Tinna **14.25** Ljóti andarunginn og ég **14.47** Tommi og Jenni **14.56** Rasmus Klumpur og félagar **15.00** Brunabílarnir **15.23** Latibær **15.47** Ævintýraferðin **16.00** Dóra könnuður **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Sumardalsmyllan **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveinsson **17.45** Hvellur keppnisbíll **17.55** UKI **18.00** Ævintýri Tinna **18.25** Ljóti andarunginn og ég **18.47** Tommi og Jenni **18.56** Rasmus Klumpur og félagar **19.00** Fuglaborgin **20.25** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**18.00** **Strákarnir**
**18.30** **Friends**
**18.55** **Seinfeld**
**19.20** **Modern Family**
**19.40** **Two and a Half Men** *(3:19)*
**20.05** **Tekinn 2** *(9:14)*
**20.30** **Weeds** *(9:13)*
**21.00** **Twenty Four** *(5:24)*
**21.40** **Without a Trace** *(8:24)*
**22.25** **Curb Your Enthusiasm** *(9:10)*
**22.55** **Tekinn 2**
**23.20** **Weeds**
**23.50** **Without a Trace**
**00.35** **Curb Your Enthusiasm**
**01.10** **Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**07.20** **What to Expect When You are Expecting**
**09.10** **Rumor Has It**
**10.50** **Stepmom**
**12.55** **What to Expect When You are Expecting**
**14.45** **Here Comes the Boom**
**16.30** **Rumor Has It**
**18.10** **Stepmom**
**20.15** **Here Comes the Boom**
**22.00** **The Sessions**
**23.35** **The Fighter**
**01.30** **The Tournament**
**03.05** **The Sessions**

## RÚV

**08.00** **Teitur**
**08.11** **Poppý kisulóra**
**08.22** **Froskur og vinir hans**
**08.29** **Kóala-bræður**
**08.39** **Lítil prinsessa**
**08.50** **Friðþjófur forvitni**
**09.13** **Franklín**
**09.35** **Babar og Badou**
**09.57** **Litli prinsinn**
**10.19** **Grettir**
**10.31** **Prinsessan og froskurinn**
**12.05** **RIG - Reykjavíkurleikarnir 2014** *(Samkvæmisdans)*
**13.35** **Söngvaskáldin og Sinfó**
**15.25** **Í sátt og samlyndi**
**15.45** **Úrslitakeppnin í handbolta karla**
**17.20** **Einar Áskell**
**17.33** **Verðlaunafé**
**17.35** **Stundin okkar**
**18.01** **Skrípin**
**18.05** **Táknmálsfréttir**
**18.15** **Eftir sprautuna**
**19.00** **Fréttir**
**19.20** **Veðurfréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.35** **Eldað með Ebbu** *(7:8)*
**20.05** **Hönnunarkeppni**
**20.45** **Martin læknir** *(7:8) (Doc Martin)*
**21.35** **Best í Brooklyn** *(13:22) (Brooklyn Nine-Nine)*
**22.00** **Glæpahneigð** *(18:24) (Criminal Minds VIII)*
**22.40** **Barnaby ræður gátuna – Dýrslegt eðli** *(Midsomer Murders)*
**00.15** **Fréttir**
**00.25** **Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Cheers**
**08.25** **Dr. Phil**
**09.05** **Pepsi MAX tónlist**
**14.40** **Solsidan**
**15.05** **The Millers**
**15.30** **The Voice**
**17.00** **The Voice**
**17.45** **Dr. Phil**
**18.25** **Design Star**
**19.15** **Cheers**
**19.40** **America's Funniest Home Videos**
**20.05** **Læknirinn í eldhúsinu** *(2:8)*
**20.30** **Royal Pains** *(2:16)*
**21.20** **Scandal** *(14:22)*
**22.10** **Agents of S.H.I.E.L.D.**
**23.00** **The Tonight Show**
**23.50** **Royal Pains**
**00.40** **The Good Wife**
**01.30** **Beauty and the Beast**
**02.20** **Scandal**
**03.10** **The Tonight Show**
**04.00** **Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRSPORT

**06.00** Motors TV **13.10** Bundesliga Highlights Show **14.00** FC Bayern Munchen - Borussia Dortmund **16.00** Borussia Dortmund - Mainz 05 **18.00** AFC Ajax - ADO Den Haag **20.00** Bundesliga Highlights Show **20.50** Motors TV

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2014 **13.00** Golfing World 2014 **13.50** LPGA Tour 2014 **16.50** PGA Tour 2014 - Highlights **17.45** Golfing World 2014 **18.35** Inside The PGA Tour 2014 **19.00** PGA Tour 2014 **22.00** Inside The PGA Tour 2014 **22.30** LPGA Tour 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun




PIPAR\TBWA • SÍA • 141005

Hjólaðu í

# SUMARDAGINN FYRSTA

**VAXTALAUSAR GREIÐSLUR**
í allt að
6 mánuði

**BARNAHJÁLMUR**
fylgir öllum seldum barnahjólum í dag!



Taktu **Merida** gæðahjólin til kostanna á komandi sumri og hjólreiðar verða ný upplifun fyrir þig og þína. Í Ellingsen færðu einstakt úrval reiðhjóla fyrir konur og karla, stelpur og stráka ... á götuna, öræfin og fjöllin, fyrir keppnina, sumarfríið og fjölskyldustundirnar.




OPIÐ
**Í DAG**
12-16

**MERIDA MATTS JUNIOR FJALLAHJÓL**

**64.990 KR.**

Léttgreiðslur **10.832 KR.** í 6 mánuði

| | |
|---|---|
| Stærðir: | 24" |
| Bremsur: | V-BRAKE |
| Gírskipting: | Shimano 21-SPEED |



**MERIDA BELLA 20 BARNAHJÓL**

**45.990 KR.**

Léttgreiðslur **7.665 KR.** í 6 mánuði

| | |
|---|---|
| Stærð: | 20" |
| Bremsur: | V-BRAKE |
| Gírar: | Shimano 6-SPEED |

Einnig til í svörtu



**MERIDA DINO BARNAHJÓL**

**24.990 KR.**

Léttgreiðslur **4.165 KR.** í 6 mánuði

| | |
|---|---|
| Stærð: | 12" |
| Bremsur: | Fótbremsur |



**MERIDA JONATHAN ÞRÍHJÓL**

**17.990 KR.**

Léttgreiðslur **2.998 KR.** í 6 mánuði

Stærð: 1–2 ára
Einnig til í bleiku

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16 • **ellingsen.is**

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

**SUMARLAGIÐ**



Það er Maður ársins með Frikka D. Brósi er sumarið í mannsmynd.

Jón Jónsson, tónlistarmaður

# Z-Trip og Ásgeir Trausti troða upp

EVE Fanfest kynnir glæsilega tónleikadagskrá á tíu ára afmæli hátíðarinnar í Hörpu þann þriðja maí.

Ásgeir Trausti, FM Belfast og hinn bandaríski Z-Trip koma til með að spila á stórum EVE Fanfest-tónleikum í ár, laugardagskvöldið 3. maí.

„Z-Trip var með magnað sjóv á EVE Fanfest í Hörpu í fyrra," segir Eldar Ástþórsson, upplýsingafulltrúi CCP. „FM Belfast hefur einnig spilað fyrir okkur áður, en sveitin spilaði í troðfullri Laugardalshöll þar sem Fanfestið fór fram 2011, ásamt Booka Shade. Svo er Ásgeir Trausti að verða eitt stærsta nafn íslenskrar tónlistar," útskýrir Eldar, fullur tilhlökkunar. Á meðal þeirra þeirra sem hafa spilað á EVE Fanfest síðustu ár eru stór nöfn á borð við Gus-Gus, Booka Shade, 2manyDJs, Retro Stefson, Skálmöld og Ham. „Frá árinu 2004 hefur CCP haldið árlega Fanfest-hátíð sína í Reykjavík og viðburðurinn hefur vaxið mikið ár frá ári. Í ár fer hátíðin fram í öllum rýmum Hörpu," segir Eldar og bætir við að dagskráin sé gríðarlega fjölbreytt. „Það verða sýningar, fyrirlestrar og óvæntar uppákomur, en CCP fagnar tíu ára afmæli EVE Fanfest í ár." - ósk





**EVE FANFEST VERÐUR STÓRT Í ÁR** Mikill fjöldi erlendra gesta gerir sér ferð á hátíðina ár hvert. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR






# Umdeild bók á svið

Konan við 1000° verður sett á svið í Þjóðleikhúsinu í september. Höfundur bókarinnar, Hallgrímur Helgason, skrifar leikgerð og Una Þorleifsdóttir leikstýrir.

„Við byrjum að æfa á mánudaginn," segir Una Þorleifsdóttir, leikstjóri verksins Konan við 1000°, sem byggt er á samnefndri skáldsögu Hallgríms Helgasonar. „Verkið verður sett á svið í haust, nánar tiltekið í september," segir Una jafnframt um annað verkið sem hún leikstýrir í Þjóðleikhúsinu, en hún leikstýrði Harmsögu eftir Mikael Torfason á síðasta ári við góðan orðstír. Í verkinu koma til með að leika þau Guðrún Gísladóttir, Baldur Trausti Hreinsson, Edda Arnljótsdóttir, Edda Björg Eyjólfsdóttir, Elma Stefanía Ágústsdóttir og Snorri Engilbertsson.

Bók Hallgríms var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna árið 2011, og til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs árið 2012, en hún var nokkuð umdeild.

Bókin byggist að hluta á ævi Brynhildar Georgíu Björnsson, sonardóttur Sveins Björnssonar, sem var fyrsti forseti Íslands. Í bókinni heitir aðalsöguhetjan Herbjörg María Björnsson og Hallgrímur birtir í bókinni formála þar sem hann biður lesendur að blanda þessu tvennu ekki saman því bókin hans sé skáldskapur.

Í kjölfar útgáfu bókarinnar ritaði dóttir Brynhildar grein í Fréttablaðinu þar sem hún lýsti yfir óánægju með bókina og framkomu Hallgríms í garð fjölskyldu sinnar.

„Þetta er náttúrulega skáldskapur og það er þannig sem ég nálgast þetta, þó að sagan eigi samsvörun í sögu þessarar konu. Fyrir mér er þetta ekki tilraun til þess að segja sögu þessarar fjölskyldu, heldur fólks sem finnur sig í þessum aðstæðum," útskýrir Una og bætir við að hún hlakki mikið til samstarfsins við Hallgrím.

Hallgrímur tekur í sama streng og segist ekki hafa breytt áherslum vegna gagnrýninnar. „Maður breytir ekki bókum eftir á, leikgerð er meira spurning um val. Þetta snýst um á hvað maður leggur áherslu. Bókin er löng og mikil, og það þarf að stytta leiðir, færa kannski hluti til og stokka upp." Hann bætir við að hann hafi þegar skrifað nokkrar útgáfur af leikgerðinni. „Á mánudaginn byrjum við að lesa leikgerðina saman, hópurinn, og komum til með að móta hana áfram," segir hann að lokum. olof@frettabladid.is



**LEIKSTJÓRINN** Una Þorleifsdóttir segir verkið vera skáldskap og að hún nálgist það sem slíkan. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**BREYTIR EKKI BÓKINNI EFTIR Á** Hallgrímur segist ekki hafa breytt áherslum vegna gagnrýni sem hann hlaut fyrir bókina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Fyrir mér er þetta ekki tilraun til þess að segja sögu þessarar fjölskyldu, heldur fólks sem finnur sig í þessum aðstæðum.**
>
> *Una Þorleifsdóttir leikstjóri*






# Semja tónlist fyrir bandaríska þætti

Jónsi í Sigur Rós og Alex Somers semja tónlistina við nýja bandaríska þætti sem bera nafnið Manhattan. Þættirnir fara í sýningu á nýrri sjónvarpsstöð, WGN, í júlí.

Jón Þór Birgisson, betur þekktur sem Jónsi í Sigur Rós, og Alex Somers semja tónlistina í nýrri bandarískri þáttaröð sem kallast Manhattan. Þetta kemur fram á breska fréttavefnum NME. Þættirnir fara í sýningu í júlímánuði, á bandarísku sjónvarpsstöðinni WGN.

Þáttaröðin fjallar um kapphlaupið við smíði kjarnorkusprengju á fimmta áratug síðustu aldar, en þau John Benjamin Hickey, Olivia Williams og Daniel Stern fara með aðalhlutverkin á þáttunum.

Þættirnir eru skrifaðir af Sam Shaw og þá leikstýrir Emmy-verðlaunahafinn Thomas Schlamme þáttunum.

Jónsi og Alex hafa unnið saman í ýmsum verkefnum og hafa samið tónlist saman undir nafninu Jonsi & Alex síðan árið 2003. Saman eru þeir best þekktir fyrir verkið Riceboy Sleeps. Þá túruðu þeir saman þegar þeir fylgdu sólóplötu Jónsa, Go, eftir árið 2010.

Jónsi og félagar hans í Sigur Rós komu á dögunum fram í þáttunum Game of Thrones, en þar spilaði sveitin sína útgáfu af þjóðlagi úr þáttunum, sem heitir The Rains of Castamere.



**GOTT TEYMI** Jón Þór Birgisson og Alex Somers semja tónlistina í nýrri þáttaröð, sem kallast Manhattan. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Regatta GREAT OUTDOORS® CRAGHOPPERS Dare 2b BEAR GRYLLS CRAGHOPPERS

# Opið í dag

## Sumardaginn fyrsta 11-16



OKKAR VERÐ

NÝJAR VÖRUR!

SUMAR 2014



## VERÐDÆMI

### Börn

| | |
|---|---|
| Flíspeysur | 2.990,- |
| Softshell peysur | 4.490,- |
| Softshell buxur | 5.490,- |
| Regnbuxur | 1.990,- |
| Regnjakkar | 2.490,- |
| Skór | 7.990,- |

### Dömur & herrar

| | |
|---|---|
| Bolir | 1.990,- |
| Skyrtur | 3.990,- |
| Flíspeysur | 3.990,- |
| Softshell peysur | 5.990,- |
| Core Stretch peysur | 5.490,- |
| Buxur | 4.990,- |
| Softshell buxur | 8.490,- |
| Zip off buxur | 8.490,- |
| Stretch buxur | 8.990,- |
| Regnbuxur | 1.990,- |
| Regnjakkar | 2.990,- |
| Hjólajakkar | 6.990,- |
| Kápur | 8.990.- |
| Skór | 7.490,- |
| Bakpokar | 4.990,- |

o.fl. o.fl.

„ÓDÝRA HORNIÐ“ VERÐHRUN!



OPIÐ
VIRKA DAGA 11 – 18
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 –16

facebook.com/utivistogsport

Kíktu á síðuna! Myndir af nýjum vörum!

ÚTIVIST & SPORT

Faxafen 12 S. 533-1550 www.utivistogsport.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FLJÓTLEGT OG ÞÆGILEGT


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Stefnir á hamskipti eftir súkkulaðiát

**Katrín Jakobsdóttir,** þingmaður og formaður Vinstri grænna, eyddi páskafríinu að mestu uppi í sófa þar sem hún las bækur og borðaði súkkulaði. „Ég gerði tilraun til útivistar í haglélinu í fríinu en endaði á að lesa ótrúlega mikið og borða of mikið súkkulaði,“ segir Katrín. Hún las meðal annars Hamskiptin eftir Inga Frey Vilhjálmsson og bókina Capital in the 21st Century. „Nú er fram undan lokaspretturinn á þinghaldinu og svo þarf ég að ná af mér súkkulaðinu,“ segir Katrín og hlær. **- hg**



### Yfir 500.000 manns hafa séð myndina

Franska kvikmyndin De Toutes Nos Forces, sem **Barði Jóhannsson** gerði tónlistina við, hefur verið á topp tíu lista yfir aðsóknarmestu kvikmyndirnar í Frakklandi í þrjár vikur. Alls hafa um 500.000 manns séð myndina í kvikmyndahúsum í Frakklandi. 190.000 manns sáu myndina á fyrstu fjórum sýningardögunum. Barði, sem gjarnan er bendlaður við Bang Gang, vinnur nú hörðum höndum að því að klára fyrstu plötu Starwalker, sem er dúett hans og Jean-Benoit Dunckel úr Air. Þá er ný Bang Gang-plata væntanleg á árinu. **- glp**



## Mest lesið VÍSIR

1. Myndum af lögregluofbeldi rignir inn á Twitter
2. Ofurkropparnir mættu
3. Barnaníðingar borga með Bitcoin
4. Umfjöllun, viðtöl og myndir: Haukar - FH 25-32
5. „Eru stelpur í alvöru að hleypa þessum Gordie Shore gaurum upp á sig?“


FUNHEIT FERMINGAR-TILBOÐ

4 SÍÐUR FYLGJA FRÉTTABLAÐINU Í DAG.

HELKO

GRANDI–LINDIR–SKEIFAN–VEFVERSLUN


